

Ed.

366. Frumvarp til laga

[188. mál]

um Kennaraháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

I. KAFLI

Hlutverk Kennaraháskóla Íslands.

1. gr.

1. Kennaraháskóli Íslands skal vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum hér á landi og búa nemendur undir háskólapróf í þeim fræðum.
2. Skólinn annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun kennara á grunnskólastigi og á framhaldsskólastigi, enn fremur kennara barna í yngri aldursflokkum, sem rétt eiga á skólavist á kostnað ríkis og sveitarfélaga.
3. Skólinn annast fullnaðarmenntun kennara á grunnskólastigi. Heimilt er að fela skólanum fullnaðarmenntun í þeim greinum, sem kenndar eru í sérskólum við setningu þessara laga.
4. Skólinn skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið sinna endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um hvernig að þessari starfsemi skulu staðið, m. a. að því er varðar samstarf við kennarasamtök, Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir.

II. KAFLI

Stjórn Kennaraháskólans.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Stjórn skólans er falin skólaráði, rektor og skólaritara.

Skólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerð, ákvörðunarvald í málefnum skólans og stofnana hans og vinnur að þróun og eflingu þeirra.

Rektor er yfirmaður stjórnssýslu skólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Rektor er forseti skólaráðs. Hann hefur almennt eftirlit með daglegri starfsemi skólans og vinnur sérstaklega að stefnumótun í málefnum skólans.

Vararektor er staðgengill rektors í forföllum, sbr. 3. gr.

Skólaritari annast í umboði rektors eftirlit með daglegri starfsemi skólans. Hann hefur í umboði rektors heimild til að skuldbinda skólann fjárhagslega.

Rektor og skólaritari leysa úr þeim málum, sem þurfa ekki að koma fyrir skólaráð eða stjórnvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju. Rísi ágreiningur um, hvort tilteknu málefni skuli ráðið til lykta af skólaráði eða rektor, sker menntamálaráðherra úr.

Áður en lögum, er snerta Kennaraháskólann, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar skólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli.

3. gr.

Rektor er kjörinn úr hópi fastra kennara til þriggja ára í senn. Atkvæðisrétt eiga allir fastir kennarar skólans, skólastjóri Æfingaskólans, fulltrúi annarra fastra starfsmanna en kennara í skólaráði, fulltrúi lausráðinna kennara í skólaráði og fulltrúar tilnefndir af nemendaráði þannig, að einn fulltrúi nemenda komi fyrir hverja fjóra atkvæðisbæra aðila aðra eða brot úr þeirri tölu. Endurkjósa má rektor einu sinni án lotuskila. Rektor skal kjörinn í janúarmánuði, og tekur hann við störfum 1. ágúst á sama ári, utan hvað hann ber ábyrgð á tillögum til fjárlaga fyrir næsta ár eftir að hann var kjörinn.

Vararektor skal kjósa með sama hætti sem rektor, og er kjörtímabil hans hið sama og rektors.

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, sem flest atkvæði fær, enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð. Sami háttur skal hafður við kjör vararektors.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum áður en kjörtímabil hans er liðið, og skal þá kjósa nýjan rektor, svo fljótt sem því verður komið við, en vararektor gegnir rektorsstörfum þangað til. Vararektor gegnir og störfum rektors, ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum. Ef vararektor fellur frá eða lætur af störfum, skal kjósa nýjan vararektor.

4. gr.

Í skólaráði eiga sæti rektor, skorarstjórar, skólastjóri Æfingaskólans, einn kennari tilnefndur af almennum fundi lausráðinna kennara, einn fulltrúi tilnefndur af öðrum fastráðnum starfsmönnum skólans en kennurum og þrjú fulltrúar nemenda tilnefndir af nemendaráði. Vararektor og skólaritari eiga og sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt, sjá þó síðustu málsgreinar þessarar greinar.

Nú má kjörinn fulltrúi í ráðinu ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum, og tekur varamaður hans, sem nefndur er með sama hætti og aðalmaður, þá sæti þess, sem forfallaður er.

Rektor er forseti skólaráðs, en vararektor gegnir varaforsetastörfum og hefur þá atkvæðisrétt. Skólaritari er ritari ráðsins.

5. gr.

Skólaráð heldur fundi eftir þörfum. Óski þrjú menn úr skólaráði fundar, er rektor skylt að boða til fundar.

Skólaráð er ekki ályktunarfært nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra skólaráðsmanna sækji fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða vararektors, ef hann gegnir forsetastörfum.

6. gr.

Rektor eða skólaráð geta boðað til starfsmannafunda til umræðna um einstök málafni Kennaraháskólans eða stofnana hans. Skylt er rektor að boða til slíks fundar, ef stjórn kennarafélags eða starfsmannafélags skólans eða $\frac{1}{3}$ hluti félagsmanna æskir þess. Allir kennarar skólans og starfsmenn við stjórnarsýslu skólans eiga rétt á að sækja fund og njóta atkvæðisréttar þar. Ályktanir starfsmannafunda eru ekki bindandi fyrir skólaráð.

7. gr.

Á fundum hvernar skorar eiga sæti allir fastir kennarar við skorina, æfingakennarar og lausráðnir greinakennarar, svo og tveir fulltrúar tilnefndir af nem-

endaráði. Atkvæðisrétt hafa fastir kennarar, báðir fulltrúar nemenda, einn fulltrúi æfingakennara og einn fulltrúi lausráðinnna greinakennara.

Hver skor velur sér skorarstjóra til tveggja ára í senn og annan til vara. og skulu þeir kjörnir úr hópi fastráðinna kennara við skorina. Kjör þeirra fer fram í apríl, en þeir taka við störfum 1. júlí sama ár.

8. gr.

Hver skor heldur fundi reglulega. Skorarstjóri boðar fundi, og er öllum fast-ráðnum starfsmönnum við skorina skylt að sækja fundi. Skorarstjóra er skylt að boða til skorarfundar, ef rektor eða þriðjungur skorarmanna, sem rétt eiga á fundarsetu, óska fundar.

Skorarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra manna. Afl atkvæða ræður úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði skorarstjóra eða þess, er gegnir störfum hans.

Heimilt er skor að starfa í sérgreindum hópum eftir fræðasviðum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

III. KAFLI

Inntaka nemenda og skólavist.

9. gr.

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Stúdentspróf. Þó getur skólaráð heimilað inngöngu á grundvelli annarra prófa, náms og starfsreynslu, ef ráðið telur það tryggja jafngildan undirbúning.
2. Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands, geta, ef þeir óska, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan prófi. Í reglugerð skal kveða nánar á um tilhögun námsins og hve miklu þurfi við að auka, að fengnum tillögum skólaráðs.
3. Um inntökuskilyrði til náms í uppeldis- og kennslufræðum fyrir þá, sem hlotið hafa annars staðar tilskilda menntun í ákveðnum kennslugreinum, fer eftir ákvæðum í reglugerð, sem sett skulu að fengnum tillögum skólaráðs.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar.

Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs.

10. gr.

Ákvæði um heilbrigðissskilyrði við skrásetningu má setja í reglugerð.

Öllum skrásettum nemendum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem skólaráð ákveður.

11. gr.

Skólaráð getur veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum og öðrum reglum skólans. Ákvörðun um brottrekstur getur nemandi skotið til úskurðar menntamálaráðherra. Ekki má nemandi ganga undir próf meðan á málskoti stendur.

Ætíð skal skólaráð leita álits nemendaráðs, áður en brottvikning er ráðin. Veita skal nemanda kost á að svara til saka.

Hljóti nemandi dóm fyrir refsivert brot, er hefur flekkun mannorðs í för með sér skv. 2. gr. 1. nr. 52/1959, er skólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Nemandi getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra með þeim hætti, er segir í 1. mgr. Heimilt er skólaráði að víkja nemanda úr skóla til bráðabirgða, meðan réttarrannsókn í slíku máli stendur yfir.

12. gr.

Tilkynni nemandi, að hann sé hættur námi við skólann, skal má nafn hans af nemendatali skólans. Sama máli gegnir, hafi hann ekki stundað nám við skólann heilt kennsluár án gildra forfalla samkvæmt þeim kröfum, sem gerðar eru um námsástundun. Heimilt er að áskilja í reglugerð, að nemendur láti skrá sig til náms hvert kennsluár, sem þeir stunda nám við skólann, enda falli þeir niður af nemendatali, ef þeir láta ekki skrá sig. Sömuleiðis er heimilt að ákveða skrásetningargjöld í reglugerð og hvernig þeim skuli varið.

Ákvæði um eftirlit með námsástundun nemenda má setja í reglugerð.

13. gr.

Í Kennaraháskóla Íslands skal starfa nemendaráð, er tilnefni fulltrúa nemenda í skólaráð og á skorarfundi. Enn fremur er það rektor til ráðuneytis í mál-efnum skólans. Skal það kosið af nemendum skólans til eins árs í senn.

IV. KAFLI Kennaranám.

14. gr.

Nám til kennaraprófs (B.Ed.-prófs) skal skipuleggja sem þriggja ára nám. Kennsluárið er frá 1. september til 15. júní. Í reglugerð skal kveða á um annarskipulag kennsluárs.

15. gr.

Nám til kennaraprófs (B.Ed.-prófs) skal skipulagt í námseiningum, og svari hver námseining til einnar viku námsvinnu. Hvert námsár er 35 virkar vikur og námið í heild því 105 námseiningar.

Náminu skal skipað í meginþætti sem hér segir:

- I. Almennar uppeldisgreinar, samtals 30 einingar.
- II. Bekkjargreinar, samtals 30 einingar. Í þessum þætti skulu 10 námseiningar vera skyldunám fyrir öll kennaraefni, en 20 einingar skiptast að jöfnu milli bóklegra greina annars vegar og list- og verkgreina hins vegar. Hið sameiginlega skyldunám skal m. a. taka til móðurmáls, og skal þess gætt, að allir kennaranemar fái undirstöðubjálfun í lestrar- og skriftarkennslu.
- III. Valgreinar, samtals 45 einingar. Valgreinar skulu vera úr hópi skyldunámsgreina í grunnskóla eða lúta að sérstöku verksviði í grunnskólastarfi, t. d. byrjendakennslu. Hver nemandi leggur stund á eina eða tvær valgreinar. Hámarksfjöldi námseininga í bóklegri valgrein er að jafnaði 30.

Skólinn getur heimilað nemanda að leggja aukna áherslu á II. námsþátt með því að bæta þar við allt að 15 námseiningum, en fækka einingum í III. námsþætti að sama skapi. Leggi nemandi stund á valgrein úr hópi list- og verkgreina skal hann taka 55 námseiningar í þeirri grein, að meðtöldum list- og verkgreinaeiningum í II. námsþætti.

Æfingakennsla og annað verklegt nám í tengslum við hana skal vera hluti af námi því, er að ofan greinir, 12 einingar hið minnsta.

Kennsla í einstökum greinum skal jafnan við það miðuð að búa nemendur undir að takast á hendur kennslu í þeim.

16. gr.

Kennsla í uppeldis- og kennslufræðum fyrir kennara á framhaldsskólastigi og grunnskólakennara sem hlotið hafa annars staðar tilskilda menntun í ákveðnum kennslugreinum tekur til almennra uppeldisgreina í I. námsþætti sbr. 2. mgr. 15. gr., að meðtalinni greinabundinni kennslufræði, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

17. gr.

Námsgreinar Kennaraháskólans skiptast í skorir sem hér segir:

1. Uppeldisskor: sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði og kennsluæfingar, skóla-saga, siðfræði, kristinfræði og trúarbragðasaga.
2. Félagsskor: félagsfræði, saga, hagfræði, og landafræði.
3. Málaskor: íslenska, þar með taldar bókmenntir, málfræði, framsögn og hljóð-fræði nútímamáls, danska og enska.
4. Raungreinaskor: eðlisfræði, efnafræði, líffræði og stærðfræði.
5. List- og verkmenntaskor: skrift, mynd- og handmennt, tónmennt, leiktjáning, líkamsrækt og fimleikafræði.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

18. gr.

Í námsskrá, er skólaráð setur að fengnum tillögum skora og menntamálaráðuneytið samþykkir, skal gerð nánari grein fyrir námsskipan og kennsluháttum, svo og námsefni í einstökum greinum.

19. gr.

Nemendur skulu hafa tekið þátt í almennum framleiðslu- eða þjónustustörfum eigi skemur en fjóra mánuði á námstímanum eða árinu, áður en kennaranám er hafið.

Verkleg þjálfun eða starf á uppeldisstofnun getur komið í stað almennra starfa.

20. gr.

Skylt er hverjum fræðslustjóra að efna til fundar haust og vor með nýjum kennurum í fræðsluumdæminu. Á fundum þessum skal vera kennari frá Kennaraháskóla Íslands. Markmið fundanna er að veita nýjum kennurum leiðsögn varðandi störf þeirra, áður en þeir hefja kennslu og að fenginni reynslu fyrsta starfsárs, svo og að efla tengsl Kennaraháskólans við fræðsluumdæmin.

Um leiðsögukenndu nýrra kennara fer eftir ákvörðun 12. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla.

V. KAFLI

Nám og rannsóknir í uppeldisfræðum.

21. gr.

Stofna skal til kennslu í uppeldisfræði til B.A.-prófs við Kennaraháskóla Íslands, er svari 105 námseiningum hið minnsta.

Nemendur, sem lokið hafa B.Ed.-prófi eða öðrum háskólaprófum, þar sem uppeldisfræði er hluti námsefnis, skulu fá fyrri námseiningar í þeirri grein metnar sem hluta af námi sínu til B.A.-prófs í uppeldisfræði.

Heimilt er að ákveða í reglugerð, að hluti náms til B.A.-prófs í uppeldisfræði sé námsþættir eða námsgreinar tengdar uppeldisfræði. Er heimilt að sækja slíkt nám til annarra háskóla ef þörf gerist.

Heimilt er samkvæmt ákvörðun skólaráðs og að fengnu samþykki menntamálaráðherra að efna til framhaldsnáms í uppeldisfræði til æðri prófgráðu en B.A.-prófs.

22. gr.

Við Kennaraháskólann starfar rannsóknastofnun í uppeldisfræðum samkvæmt ákvörðun skólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra. Fastráðnir kennarar skólans geta fullnægt rannsóknaskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með starfi í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Í reglugerð skal m.a. kveða á um starfssvið stofnunarinnar, stjórn hennar og tengsl við skólaráð og uppeldisskor.

Alþt. 1977. A. (99. löggjafarþing).

198

VI. KAFLI

Próf og námsmat.

23. gr.

Próf skulu haldin í öllum námsgreinum og námsþáttum, er teljast til fullnaðarprófa við Kennaraháskólann. Heimilt er skólaráði að láta annars konar námsmat koma að nokkru leyti í stað almennra prófa.

Kennarar standa fyrir prófum hver í sinni grein.

Í reglugerð skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, einkunnir og annað, er að prófum lýtur.

24. gr.

Nú stenst nemandi ekki próf, gengur frá því, eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað gild forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið einu sinni að nýju, næst þegar prófið er haldið. Skólaráð getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

Í reglugerð má mæla fyrir um rétt nemenda, sem staðist hafa próf, til að endurtaka prófið.

25. gr.

Við munnleg og verkleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómandi utan skólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

Nemandi, sem ekki hefur staðist próf, á rétt til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess bréflega innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandinn þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi skorarstjóra. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari, telji hann til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálaráðherra skipar prófdómara að fengnum tillögum skora. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi frá háskóla eða sérkennaraskóla í þeirri grein, sem prófdómari skal dæma. Prófdómarar skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. málsg. hér á undan.

26. gr.

Skólaráð metur, að höfðu samráði við hlutaðeigandi greinarkennara og skor, hvort viðurkenna skuli próf sem nemandi hefur lokið í öðrum háskóla eða sérkennaraskóla og að hverju leyti. Skytt er Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands að viðurkenna sambærilegar námseiningar eða námsþætti hvor annars.

VII. KAFLI

Starfslið.

27. gr.

Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar, auk kennara Æfingaskólans, sbr. VIII. kafla laganna.

Um stofnun nýrra kennaraembætta fer eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólaráðs og fjárveitingum í fjárlögum.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir, sem hafa kennslu og rannsóknir við Kennaraháskólann að aðalstarfi.

Heimilt er með samþykki skólaráðs að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að 5 ára í senn. Um tilhögun slíkrar skipunar skal setja ákvæði í reglugerð.

Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta, og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun.

Í hvert skipti er nýr kennari ræðst að skólanum skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Í reglugerð skal setja meginreglur um starfsskyldur fastráðinna kennara. Skólaráð leysir úr því, hvernig starfsskylda einstakra kennara skuli skiptast.

28. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósentu og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, ræður skólaráð aðjúnkta og stundakennara.

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósentu og lektorsstöður skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, ritsmíðar og rannsóknir. Þann einan má skipa í þessar stöður, sem auk fullgilds háskólaprófs hefur lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum eða er að öðru leyti talinn hafa nægilegan kennslufræðilegan undirbúning að mati dómnefndar. Þó má veita umsækjanda, sem ekki fullnægir þessum skilyrðum, lektorsstöðu, enda hafi dómnefnd fjallað um umsóknir og metið umsækjanda hæfan til starfsins.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósentu. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni. Heimilt er skólaráði að hlutast til um, að sams konar dómnefnd fjalli um hæfi umsækjenda um lektorsstöður.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentu við Kennaraháskóla Íslands, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess.

Enn fremur skal leita álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur, hvort heldur um er að tefla stöðu prófessors, dósentu eða lektors.

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentu, samkv. nánari ákvæðum í reglugerð.

29. gr.

Forseti Íslands skipar skólaritara og aðalbókavörð að fengnum tillögum skólaráðs.

Menntamálaráðherra skipar eða ræður aðra bókaverði, endurmenntunarstjóra, námsráðgjafa, húsvörð, tækjavörð, fulltrúa og annað starfslið við stjórnslu, að fengnum tillögum skólaráðs og eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Kveða skal nánar á í reglugerð um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur ofangreindra starfsmanna.

30. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt fastráðnum starfsmanni Kennaraháskólans orlof um allt að eins árs skeið með föstum embættislaunum, enda liggi fyrir fullnægjandi greinargerð um hvernig starfsmaðurinn hyggst verja orlofinu til að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum rannsóknastörfum. Leita skal umsagnar rektors um orlofsumsókn.

Eftir því sem fjárlög heimila getur ráðuneytið veitt starfsmanni, sem orlof hlýtur, styrk til að standa straum af nauðsynlegum ferðalögum og námsdvöl í sambandi við orlofið.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til fastráðinna starfsmanna Æfingaskólans, sbr. VIII. kafla laganna.

Nánari reglur um orlof og styrkveitingar í því sambandi má setja í reglugerð.

VIII. KAFLI Æfingaskóli.

31. gr.

Við Kennaraháskóla Íslands skal reka æfinga- og tilraunaskóla, sem jafnframt er grunnskóli fyrir afmarkað hverfi Reykjavíkurborgar. Skólinn nefnist Æfingaskóli Kennaraháskóla Íslands og er miðstöð æfingakennslu Kennaraháskólans, sbr. 15. gr. Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að reka forskóla-deildir við skólann.

32. gr.

Æfingaskólinn skal rekinn sem þróunarstofnun í þágu skólastarfs á grunnskólastigi. Skólinn fylgist með breytingum í skólamálum, reynir nýjungar í verki með skipulegum hætti, kynnir hugmyndir um kennslu og nám og birtir opinberlega niðurstöður tilrauna með þeim hætti, er henta þykir. Æfingaskólinn vinnur að þróunarverkefnum í samvinnu við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins. Verkaskiptingu og samstarf þessara aðila skal ákveða nánar í reglugerð.

Æfingaskólinn skal leita samstarfs við aðra skóla og vinna framangreind verk efni í samvinnu við þá eftir því sem hagkvæmt þykir. Einnig skal hann hafa samstarf við rannsóknastofnun Kennaraháskólans í uppeldisfræðum, sbr. 22. gr.

33. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra, kennara og aðra starfsmenn að fengnum tillögum skólanefndar og skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

Skólastjóri vinnur að stefnumótun skólans og annast daglega stjórn hans í umboði rektors Kennaraháskólans. Skólastjóra til ráðuneytis er skólanefnd, sem í eiga sæti skólastjóri, rektor eða fulltrúi hans, fræðslustjóri Reykjavíkur og tveir æfingakennarar kjörnir til tveggja ára af kennurum skólans. Yfirkennarar skólans og æfingastjóri eiga rétt til setu á fundum skólanefndar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er skólanefnd að kveðja fulltrúa foreldrafélags skólans til fundarsetu.

Skólanefnd heldur fundi eftir þörfum. Sömuleiðis getur rektor eða þriðjungur kennara Æfingaskólans krafist fundar í nefndinni. Skólastjóri er formaður skólanefndar, boðar til funda og stýrir þeim.

Skólastjóra til aðstoðar við daglega stjórn skulu vera tveir yfirkennarar.

Skólastjóri efnir til almennra kennarafunda eftir þörfum til að kynna og ræða starfsemi og stefnumótun skólans.

34. gr.

Stofnkostnaður Æfingaskólans skiptist þannig með aðilum, að ríkissjóður greiðir 3/5 hluta hans, en borgarsjóður Reykjavíkur 2/5 hluta.

Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara, efni til handavinnukennslu og tilraunakostnað.
2. Allur annar rekstrarkostnaður en talinn er hér að framan skiptist þannig með aðilum, að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð, sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma að meðaltali fyrir hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkur.

35. gr.

Við Æfingaskólann starfa fastráðnir æfingakennarar, svo margir að þeir fullnægi sem næst kennaraþörf skólans, svo og aðrir kennarar ráðnir eftir þörfum. Um menntun og starfsreynslu æfingakennara skal nánar ákveðið í reglugerð.

Heimilt er, að fastráðnir æfingakennarar starfi við aðra skóla en Æfingaskólann. Kennaraskipti milli Æfingaskólans og annarra skóla eru einnig heimil með samþykki menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi fræðslustjóra.

36. gr.

Æfingastjóri skal kjörinn til þriggja ára úr hópi fastráðinna æfingakennara. Hann má endurkjósa einu sinni án lotuskila. Heimilt er, ef henta þykir og með samþykki menntamálaráðuneytisins, að æfingastjóri sinni áfram kennslu í hálfu starfi og æfingakennslustjórn að hálfu, enda njóti hann fullnægjandi skrifstofu-aðstoðar. Æfingastjóri annast skipulagningu æfingakennslu undir yfirstjórn skólustjóra.

37. gr.

Heimilt er skólustjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við umsjónarstörf í skólanum, vinnu að rannsóknarverkefnum, svo og önnur störf í þágu skólans, sem nauðsyn ber til, og má þá fækka við þá kennara kennslustundum sem því svarar, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

38. gr.

Skólar, sem menntamálaráðuneytið ákveður að fengnum tillögum skólustjóra og skólaráðs Kennaraháskóla Íslands, eru skyldir að taka við nemendum Kennaraháskólans til æfingakennslu.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

39. gr.

Stofna skal samstarfsnefnd Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Skal hún skipuð sex fulltrúum til fjögurra ára í senn, þremur kjörnum af skólaráði Kennaraháskóla Íslands og þremur kjörnum af háskólaráði. Nefndin kys sér formann, og skal formannsstarfið vera á höndum skólanna til skiptis, tvö ár í senn. Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að og skipuleggja nauðsynlega samvinnu skólanna, m. a. að því er varðar samnýtingu námsþátta og samhæfingu námsefnis, eftir því sem við á, svo og samstarf að rannsóknarverkefnum.

Kennaraháskólinn skal og hafa samstarf við sérskóla, er mennta kennara í einstökum greinum, sbr. 1. gr.

Menntamálaráðuneytið efnir, þegar þurfa þykir, til umræðufunda með fulltrúum allra þeirra skóla, er annast kennaramenntun.

40. gr.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskóla Íslands, er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara, þar á meðal að skólinn starfi að hluta utan Reykjavíkur.

41. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands, sbr. þó 42. gr., svo og önnur lagaákvæði er fara kunna í bága við lög þessi.

Stefnt skal að því, að 16. gr. og 1. mgr. 21. gr. komi til framkvæmda eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku laganna, og falla þá jafnframt úr gildi tvær síðustu málsgreinar 38. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, er lúta að kennslu í uppeldisfræðum.

Menntamálaráðherra getur, ef sérstakar ástæður þykja til, heimilað frávik frá ákvæðum 2. tölul. 1. gr. á þá lund að tilteknir sérkennaraskólar annist áfram uppeldis- og kennslufræðilega menntun nemenda sinna, en þá með nánú samráði við Kennaraháskóla Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

42. gr.

Nemendur, sem skráðir voru í Kennaraháskóla Íslands fyrir gildistöku laga þessara, eiga rétt á að ljúka námi og prófum samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands nr. 38/1971.

43. gr.

Þeir sem við gildistöku þessara laga hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 6 ár eða lengur, en hafa ekki full kennsluréttindi, skulu eiga kost á að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Um tilhögun námsins og mat á fyrri menntun og starfsreynslu skal setja ákvæði í reglugerð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til nýrra laga um Kennaraháskóla Íslands var lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77, en varð þá eigi útrætt. Jafnframt því að frumvarpið var lagt fram á Alþingi sendi menntamálaráðuneytið það ýmsum aðilum til athugunar og umsagnar. Umsagnir þær sem borist hafa ráðuneytinu eru prentaðar hér sem viðauki (IV.).

Frumvarpið er nú lagt fram að nýju, með nokkrum breytingum sem gerðar voru m. a. með hliðsjón af athugasemdum umsagnaraðila.

Eins og getið var í athugasemdum með frumvarpinu í fyrri gerð er það að meginstofni samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði í nóvember 1972 og skilaði álit í júní 1976. Var þar gerð svofelld grein fyrir skipun nefndarinnar, viðfangsefnum hennar og vinnubrögðum:

„Hinn 29. nóvember 1972 skipaði þáverandi menntamálaráðherra Magnús Torfi Ólafsson nefnd til þess að endurskoða lög nr. 38 frá 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands, í samræmi við 25. gr. téðra laga, en þar segir svo m. a.:

„Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra.“

Í nefndina voru skipaðir Broddi Jóhannesson, rektor, formaður, Árni Gunnarsson, deildarstjóri, Jónatan Þórmundsson, prófessor, og Jónas Pálsson, skólastjóri, að því er tekur til Æfinga- og tilraunaskólans. Jónas tók í reynd fullan og gildan þátt í starfi nefndarinnar.

Er Baldur Jónsson hafði verið kjörinn rektor í janúarmánuði 1975 óskaði nefndin eftir því, að hann tæki sæti í henni. Var hann skipaður í nefndina 4. mars 1975.

Hinn 24. nóvember 1975 var Kristínu Magnúsdóttur falið að starfa með nefndinni sem fulltrúi kennaranema, en Lars Andersen til vara.

Nefndin hóf störf sín með því að afla gagna um þróun í menntamálum kennara frá því að löggjöfin um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 var undirbúin. Auk þess sótti formaður nefndarinnar ráðstefnu Evrópuráðs um rannsóknir og endurbætur á menntun kennara, er háð var í Bristol á Englandi 8.—13. apríl 1973. Þá sótti formaður ráðstefnu um kennaramenntun, sem haldin var í Lysebu við Ósló dagana 26.—28. nóvember 1975 á vegum Norrænu menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn.

Alls hélt nefndin 59 fundi. Hún ræddi við ýmsa sérfróða aðila um einstaka þætti viðfangsefnisins.

Á fyrstu fundum sínum lagði nefndin megináherslu á að ræða hlutverk og markmið í menntun og starfi kennara, en skilningur og mat á þeim efnum er forsenda allra ákvarðana um kennaranám, gerð þess og inntak.

Í kaflanum um markmið og lagaákvæði um þau í viðauka I er einnig vikið að störfum nefndarinnar.“

Greinargerð sú er hér fer á eftir um helstu nýmæli frumvarpsins, miðað við núverandi skipan, er tekin að mestu óbreytt úr álitserð laganevndarinnar. Athugasemdir við einstakar greinar eru einnig að miklu leyti frá nefndinni runnar, en tillit er tekið til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá drögum nefndarinnar.

1. Mikilvægust nýmæli frumvarpsins

Ýmis nýmæli eru í frumvarpinu, en mikilvægustu breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á hlutverki Kennaraháskóla Íslands og fyrri skipan kennaranáms eru þessar:

1. Kennaraháskólinn skal vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum í landinu.
2. Hann skal annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi.
3. Heimilt er að fela skólanum að annast fullnaðarmenntun kennara í þeim greinum grunnskóla, sem kenndar eru í sérskólum við setningu laganna.
4. Stofna skal til kennslu í uppeldisfræði til B.A.-prófs við Kennaraháskóla Íslands. Auk þess er heimilt samkvæmt ákvörðun skólaráðs og að fengnu samþykki menntamálaráðherra að efna til framhaldsnáms í Kennaraháskólanum til æðri prófgráðu en B.A.-prófs.
5. Gert er ráð fyrir að tekið verði upp námseiningakerfi og kveðið er á um meginþætti kennaranáms á þeim grundvelli. Jafnframt er valgreinakerfið gert sveigjanlegra og tekur nú einnig til sérstakra verksviða í grunnskóla, t. d. byrjendakennslu.
6. Æfingaskólinn skal sinna þróunarverkefnum á uppeldissviði í samvinnu við menntamálaráðuneytið, einkum skólarannsóknadeild.

Miðstöð uppeldisfræðilegra rannsókna.

Með breytingum þessum er Kennaraháskólanum fengið aukið hlutverk á sviði fræðslu, rannsókna og frumkvæðis í uppeldismálum.

Margt ber til, að aukin áhersla er lögð á rannsóknarhlutverk Kennaraháskólans. Æ ljósara verður að sívaxandi íhlutun ríkisvalds um nám, námsferil og uppeldi ungmenna að öðru leyti, flókin gerð nútímasamfélags og sífjölgun ytri áreita, gera uppeldisfræðilegar rannsóknir skyld og nauðsynleg tæki til að meta gildi löggjafar og framkvæmdar á sviði skólamála, svo og virk tengsl þeirra.

Kennurum er ætluð aðild að þróunarverkefnum í skólum og svo mun verða framvegis. Er þeim því brýn nauðsyn að kynnast vísindalegum vinnubrögðum þegar í námi sínu.

Auk þess er vald hæfra manna á aðferðafræði og rannsóknartækni á sviði uppeldis- og kennslufræði beint skilyrði fyrir sjálfræði og ábyrgri ákvörðun, gildur þáttur menningarlegs sjálfstæðis og vænlegust vörn gegn hvoru sem heldur er trénum eða valdboði í uppeldisháttum. Þjálfun kennaraefna við tók móturmáls og ofríkislausu framsetningu á sem flestum sviðum uppeldisvísinda er mikilvægur þáttur slíkra fræðslu- og rannsóknarstarfa, svo að mál fræðimanna verði hvorki einkamál þeirra né villumál alþýðu, heldur nothæft tæki hennar í umræðu og ákvörðun.

Traustri fræðilegri þjálfun kennaraefna er ætlað að verða forsenda ábyrgðar skoðanamyndunar og vinnubragða í daglegu starfi og undirstaða frekari sérhæfingar, ef á það reynir.

Eitt nýjasta, skýrasta og mikilvægasta dæmi um skilning íslenska löggjafans á gildi uppeldis- og kennslufræðilegra rannsókna er ákvæði laga um grunnskóla nr. 63/1974, 62.—63. gr.

Barátta fyrir viðurkenningu löggjafans á rannsóknarþörf á sviði íslenskra uppeldismála er að vonum drjúgum eldri en löggjöf um grunnskóla. Íslensk kennara-

samtök höfðu um áratuga skeið lagt áherslu á rannsóknir í þágu íslenskra barna og miðlun fræðilegra upplýsinga meðal kennara og skólamanna. Í þeim umræðum var þrúfaldlega vitnað til þorsksins á miðunum og þeirrar viðhafnar, er hann nyti í fjárveitingum til rannsókna, meðan allsleysið eitt var lagt til uppeldisrannsókna. Reynsla hefur skorið úr því, að síst var ofgert við þorskinn. Ef til vill eru menn nú að rumska til þeirrar vöku, að á heimari miðum hafi þörfin síst verið minni.

Í III. kafla laga um menntun kennara frá 12. mars 1947 er æfinga- og tilraunaskóla ætlað veigamikið rannsókna- og ráðgjafahlutverk, sbr. viðauka II, en þetta tvennt verður að fara saman, ef vel á að vera.

Af sömu rót rann ákvörðun löggjafans um að koma á fót kennslustofnun í uppeldisvisindum við Háskóla Íslands, sbr. II. kafla sömu laga, og fjárveitingar til rannsóknastarfa dr. Matthíasar Jónassonar og nokkurra fleiri.

Félag íslenskra sálfræðinga beitti sér mjög fyrir því um árabíl í samvinnu við kennarasamtök, að uppeldisfræðileg rannsóknastörf yrðu efla og þeim tryggðar fjárveitingar og skipan, einkum á árunum um og eftir 1950. Lögðu þeir til að 0,25% af rekstrarfjárveitingum til skólamála ár hvert yrði varið til rannsókna. Hliðstæð hugmynd kom fram í frumvarpi til laga um grunnskóla, en náði ekki fram að ganga.

Með sérstökum háli um rannsóknastofnun uppeldismála í lögum um Kennaraháskóla Íslands staðfesti löggjafinn að nýju nauðsynina á því rannsóknastarfi, sem mælt var fyrir um í lögum um menntun kennara nr. 16/1947. Skilgreind eru verkefni rannsóknastofnunarinnar, mannaflaþörf og stjórn, og ráð gert fyrir samvinnu Kennaraháskólans, Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins.

Að formi til var stofnun þessari aldrei komið á fót, en skólinn rækti að sínum hlut skyldur sínar samkvæmt áðurnefndum háli í löggjöfinni og Alþingi lagði fé til starfseminnar í fjárveitingum til Kennaraháskólans.

Hér hefur verið gerð nokkur grein fyrir þörf kennaraefna á því að kynnast uppeldis- og kennslufræðilegu rannsóknastarfi svo og því, að alþýða og stjórnvöld þarfnast þeirra til hliðsjónar, er meta skal uppeldisleg markmið og aðgerðir til að ná þeim.

Hinni spurningunni hefur lítt eða ekki verið svarað, hvers vegna þörf væri á miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum né heldur, hvers vegna Kennaraháskóli Íslands skuli gegna því hlutverki.

Það leiðir af stöðu Kennaraháskólans, að hann er, svo sem Kennaraskólinn var á undan honum, miðstöð kennaramenntunar í landinu, og hún verður nýtileg eða lítilsháttar eftir því, hvernig skólinn er verki sínu og vanda vaxinn, en auknar kröfur á hendur skólanum og aðgerðir, er efla hann til að rækja hlutverk sitt, stuðla að sjálfsögðu að bættri menntun kennara.

Það leiðir og af stöðu Kennaraháskólans í skólakerfinu, að skylt ætti að vera og líklegt til þeirra áhrifa sem vænst er af uppeldisfræðilegu rannsóknastarfi að fela honum forystu um það öðrum fremur. Kennsla í uppeldisfræðum til háskóla-prófs, tengsl hennar við menntun kennara og starf á vettvangi, æfingaskólann og viðfangsefni hans eiga að fullnægja kröfum um fræðileg gæði náms og kennslu og tengingu kenninga og daglegra viðfangsefna á vettvangi.

Einsætt er, að jafnan er þörf hagsýni, hvort heldur er í meðferð mannafla, veraldlegra fjármuna eða annars, er til verðmæta kann að teljast. Á það því fremur við sem færri hendur eru til að vinna verkin, svo sem títt er í fámennu þjóðfélagi með fjölbreytt viðfangsefni.

Líklegt er, að hagsýni verði meiri, ef sami aðili hefur sýn yfir viðfangsefni eða tök á að skipuleggja þau og gefa ráð til um framkvæmd þeirra, beitingu mannafla og fjármagns og hagnýtingu á niðurstöðum í verki.

Með því að fela Kennaraháskóla Íslands slíka ábyrgð og aðild að vísindalegum rannsóknum í uppeldis- og kennslufræðum yrðu vísindamenn færðir nær vettvangi og vettvangur nær rannsóknastofnunni.

Eðli uppeldislegra rannsóknaverkefna leiðir m. a. af lögbundnu hlutverki skóla, sbr. fyrrnefndan kafla í lögum um grunnskóla, en auk þess verður að ætla slíkri rannsóknastofnun heilskyggni á verkefni og hlutfallslegt gildi þeirra og því einnig eigið frumkvæði og frjálsræði um val á þeim. Samur hlýtur og að vera réttur og skylda þeirra stofnana, er Kennaraháskólinn tengist í rannsóknastarfi.

Það er eðli rannsókna, að niðurstöður vekja nýjar spurningar. Því verður ekki, ef vel á að fara, sagt fyrir um verkefnaval til frambúðar í hvorri merkingunni sem er, spásagnar eða valdaboðs. Því skyldi löggjöf um slík efni vera rúm, en framkvæmd hnitmiðuð. Ákvæði frumvarps, 1. gr., 1.tl., heimilar jafnt frumrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir.

Hér verður ekki freistað að gera grein fyrir umtaki og inntaki uppeldislegra rannsóknæfna, er við blasa um þessar mundir, en nefna má örfá hefðbundin svið:

Markmið og möguleikar uppeldis, meðtalið nám og kennsla.

Kennslufræði, almenn og sérleg.

Jaðarsvið: sálarfræði, líffræði, lífeðlisfræði og samfélagsfræði.

Ekki verður heldur gerð tilraun til að flokka ótöluleg og fjölbreytt rannsóknæfni, er falla á þessi svið, rúm sem þröng. Nefna má þó örfá dæmi:

1. Hvenær, hvar og hvernig gerist vöxtur og nám?

Þetta er meginspurning, er teygir sig til allra fyrrnefndra sviða. Án ljósra svara við henni er m. a. torvelt að ákvarða skólaskyldu og ætlunarverk hennar.

2. Hvert er markmið kennslu í íslenskri stafsetningu? Hver er framkvæmd hennar, árangur og kostnaður?

3. Hver er námsárangur í hlutfalli við lengd skólatíma?

4. Hver er hlutfallslegur uppeldisárangur skólavistar og starfsvistar (þátttöku í atvinnulífi)? Með hvaða hætti verða tengsl þeirra farsælust?

5. Hverju máli skiptir stærð og samsetning námshóps í skóla?

Enginn mun glíma lengi né drengilega við þessar og þvilíkar spurningar, án þess að sannreyna að hann brestur trúverðug svör við þeim öllum.

Kennaraháskólinn annist kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Það nýmæli að Kennaraháskólinn skuli annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra íslenskra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi leiðir af þeirri forsendu, að eftirsóknarvert sé, að kennarastéttin sé samstæð og heil í skilningi sínum á sameiginlegu hlutverki. Þá mun og reynast haggfellt að fela Kennaraháskólanum verkefni þetta af þeim sökum, að margar náms- einingar verða sameiginlegar í uppeldis- og kennslufræðilegu námi kennara, á hvaða stigi sem þeir hyggjast kenna. Mun því starfslið skólans nýtast betur en ella og því verða brýning og ávinningur að því að takast á við verkefnið, en fjárveitinga- og framkvæmdavald mun eiga auðveldara með að glöggva sig á því, að saman verða að fara ríkar skyldur og full tók slíkrar stofnunar á að rækja þær, m. a. með því að fá til starfa mannafla, er notið hefur æskilegrar menntunar.

Fela má Kennaraháskólanum að annast kennslu í greinum sérkennaraskóla.

Laganefndin hafði nokkra hliðsjón af hagræðingu, er hún lagði til að fela mætti Kennaraháskólanum fullmenntun kennara í skyldunámsgreinum, sem nú eru kenndar í sérskólum, því að af skipulagssökum getur komið sér vel fyrir flesta aðila að saman fari í Kennaraháskólanum nám í sérgrein og uppeldisfræðum, en auk þess leggur nefndin ríka áherslu á það meginsjónarmið, að nám kennara skuli vera kennslumiðuð, þ. e. jafnan taka mið af væntanlegu starfi kennaraefnis, hvert svo sem viðfangsefnið eða greinin er.

Alpt. 1977. A. (99. löggjafarþing).

199

Nútíma kennslufræði leggur æ þyngri áherslu á að temja nemendum æskilega námsaðferð og námsviðhorf með hliðsjón af sivaxandi þekkingu á flestum eða öllum sviðum. Þó fer fjarri, að kennara dugi að þekkja allt til kennslu, nema það sem hann á að kenna. Eftir sem áður, og raunar miklu fremur en áður, verður þekking kennara og skilningur hans á kennslugrein sinni að vera traust. Jafnvíst er, að enn síður má skorta á hæfni kennara til að koma efni sinu til skila í hendur og hug nemenda. Þann vanda, sem hér er til vísað verða námsskrárgerðarmenn að kljást við. Þeir komast ekki undan því að skilgreina námskröfur í greinum kennaraefnis, en þar verður ávallt mikillar hagsýni þörf í ráðstöfun á náms- og kennslutíma, og mun flestum fræðurum jafnan þykja á skorta þann tíma sem til umráða er í grein þeirra. Ströng sérhæfing í grein getur verið kennara á grunnskólastigi allsendis ófullnægjandi, þó að mikið nám liggi að baki. Er af því ljóst, að önnur sjónarmið hljóta að ráða efnisvali innan greinar í kennaranámi fyrir grunnskóla en öðru háskólanámi. Því er og einsætt, hversu örðugt muni vera að velja og hafna, er ákveða skal námsefni til kennaraprófs sem og að flétta hæfilega fast þætti greinar og kennslufræði.

Það sem hér hefur verið sagt á jafnt við, hvort sem greinar eru kenndar í sérskólum eða öðrum. Fleira kemur til, svo sem það meginviðhorf, að lögboðnar námsgreinar í grunnskóla skuli njóta jafnréttis, jafngildingar. Líklegt má telja, að samþýli þeirra í Kennaraháskólanum myndi stuðla að því flestu öðru fremur. Hér koma þó fleiri sjónarmið til álíta, og vísast um þau efni til athugasemda við 1. gr., 3. tl.

Beint ákvæði um kennslu í sérgreinum var í lögum um Kennaraskóla Íslands frá 1963, og er greint frá því í viðauka II.

Kennsla í uppeldisfræði til B.A.-prófs.

Þeim mun nú fara mjög fækkandi, sem á annað borð velta uppeldismálum fyrir sér hérlendis, en draga í efa gildi þess að innlend menntastofnun láti í té kennslu til undirbúnings háskólaprófi í uppeldisfræði.

Til skamms tíma hafa íslenskir námsmenn sótt slíkt nám til annarra þjóða. Þeir hafa víða leitað fanga, og það er vel í sjálfu sér, en hópurinn hefur verið svo fámennur, að hann hefur brostið afl til að fylgja fræðum sínum eftir með samfelldum rannsóknnum á uppeldismálum heima fyrir og áhrifum á þau. Því hefur honum ekki auðnast að stuðla að þróun greinar sinnar í hæfi við stað og tíma, enda þótt hver og einn hinna örfáu einstaklinga hafi verið trúr verkamaður í vingarðinum. Þetta þarf engan að undra, sem hugleiðir, hver er staða þeirra greina, sem sækja þurfa alla meiri háttar fræðslu og endurnýjun til erlendra menntastofnana. Þær munu fæstar eiga sér teljandi von þróunar án halds og trausts í eigin skóla heima fyrir, þar sem kostur er á að njóta fræðslu, námsaðstöðu og stunda rannsóknir til fullgilds háskólaprófs.

Litilli þjóð og aflfárrí er brýn þörf á því að hafa nán kynni af æðstu menntum annarra þjóða, en henni er lífsnauðsyn að njóta fræðilegs sjálfraðis í uppeldismálum.

Því meiri trú sem fest er á gildi umhverfisþátta í uppeldi — og þeim einum fær uppalandi breytt samkvæmt eðli máls — því skyldara er að kanna og meta með trúverðugum kenningum, tækjum og aðferðum það sem næst er í eigin samfélagi.

Íslenskur jarðvegur, íslenskt gróðurriki hefur verið kannað eftir föngum um langt skeið, hreistur og annað fleira á fiski hefur verið skoðað um áratugi, svo og smíðaefni hvers konar til húsa og skipa, fallvötn, varmi og berggrunnur landsins, en uppeldiskjör íslenskra barna hafa engar slíkrar fræðilegrar allsherjar athygli notið. Eru þó kjör þeirra og umhverfi allt um margt frábrugðin því, er með öðrum þjóðum gerist.

Á síðustu misserum hafa orðið þau tímamót í þessum efnum, að stofnað hefur verið til kennslu í uppeldisfræðum til B.A.-prófs við Háskóla Íslands í tengslum

við það uppeldis- og kennslufræðinám, sem skólinn hefur lengi gefið kost á fyrir B.A.- prófsmenn úr öðrum greinum og verið hefur skilyrði kennsluréttinda þeim til handa. Kennsla til B.A.- prófs í uppeldisfræði samkvæmt skipulegri námsáætlun hófst haustið 1975, og með breytingu á reglugerð háskólans í janúar 1976 var uppeldisfræði formlega bætt í tölu B.A.- prófsgreina.

Laganefndin taldi eðlilegt, að framangreind starfssemi í Háskóla Íslands yrði færð í Kennaraháskólann. Er það í samræmi við þá meginstefnu sem mörkuð er í 1. gr. frv. um hlutverk Kennaraháskólans. Ef sú uppeldis- og kennslufræðimenntun framhaldsskólakennara, sem rækt hefur verið í Háskóla Íslands, flyst á vegu Kennaraháskólans eins og frv. gerir ráð fyrir, sýnist og eðlilegt að kennslan í uppeldisfræði til B.A.- prófs flytjist með, sökum þeirra tengsla sem að framan getur, En einnig frá sjónarmiði Kennaraháskólans sem almennrar kennaramenntunarstofnunar eru gild rök fyrir því, að koma beri á fót kennslu til háskólaprófs í uppeldisfræði við skólann. (Sjá nánar aths. við 1. gr.)

Þó að vænta megi, að aukin ábyrgð og virkari afskipti alþýðu af uppeldi og uppeldismálum verði þjóðfélagsleg nauðsyn á næstu áratugum og sé það raunar nú þegar, og uppeldisfræðingar fái af þeim sökum víðari starfsvettvang, fer ekki hjá því, að skólar og ýmsar aðrar stofnanir verði sem fyrr miðsvæðis í uppeldisstarfi. Verður því að ætla, að háskólagengnir uppeldisfræðingar tengist kennurum fastar í starfi en öðrum mönnum og störf beggja muni nýtast því betur sem samvinna þeirra og gagnkvæmur skilningur er heilli. Farsælast mun reynast, að kynni þeirra og samstarf hefjist þegar í námi þeirra. Eru þau rök að sjálfsögðu gildust í þessum efnum, er lúta að því, hversu menntun uppeldisfræðinga og kennara megi síðar nýtast í starfi.

Á hitt ber þó einnig að lita, að hagfelldara er að skipuleggja kennslu í uppeldisfræðum og auðveldari verkaskipting kennara, ef í sömu stofnun vinna fræðarar beggja, kennaraefna og uppeldisfræðinga. Það myndi og stuðla að eðlilegum og æskilegum tengslum uppeldislegrar kenningar og verklegrar framkvæmdar. Mun það báðum hollt, kenningunni og framkvæmdinni.

Ekki þykir vænlegt að stefna herra í fyrstu atlögu en stofna til náms undir B.A.-próf í uppeldisfræði við Kennaraháskóla Íslands. Þó er skylt að vænta þess og ætlast til þess að greinin og skólinn þróist á þá lund að hann megi búa visindamenn undir æðri prófgráður, þegar fram líða stundir. Lagði nefndin því til, að það yrði á valdi skólaráðs og menntamálaráðherra að taka ákvörðun um það.

Líta má á ákvæðin um kennslu í uppeldisfræði í Kennaraháskóla Íslands sem lokastig þeirrar þróunar hreinnar starfsmenntunar íslenskra kennara á háskólastigi, sem hvað fyrst örlar á í Menntamálanefndarálit II, 1921. Í nefndinni voru Guðmundur Finnbogason og Sigurður P. Sívertsen, en auk þeirra unnu að nefndarálitinu Ásgeir Ásgeirsson, Magnús Helgason og Steingrímur Arason. Stefna þessi tók skýrari mynd með lagaákæðum um kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands 1947, þó að ekki yrði úr framkvæmdum, hún var mjög í umræðu við undirbúning löggjafar um Kennaraskóla Íslands 1963, en loks staðfest í orði og verki í og með lögum um Kennaraháskóla Íslands 1971.

Einingar náms og meginþættir.

Nokkur vandi hefur stafað af því og óánægja meðal kennaraefna, að skýr fyrir-mæli hefur brostið um skilgreiningar á námseiningum í Kennaraháskólanum, enda þótt löggjöfin gerði ráð fyrir því að háskólarnir báðir viðurkenndu námseiningar hvor annars. Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er úr því bætt. Einnig eru meginþættir náms skilgreindir skýrar en fyrr og valgreinakerfið gert sveigjanlegra, sbr. athugasemdir um þessi atriði við 15. grein.

Þróunarverkefni og samvinna Æfingaskólans og skólarannsóknadeildar.

Á síðastliðnum áratug mun reynsla hafa leitt fátt skýrar í ljós á sviði íslenskra skólamála en nauðsynina á heilli samvinnu yfirstjórnar þeirra mála og Kennaraháskólans. Sú þróunarstefna, sem löggjafi og ríkisstjórn hafa fylgt fram á þessum tíma, hefur galdið þess, að skólinn hafði lítil tók á því að leggja henni lið eða eiga frumkvæði. Löggjafi og framkvæmdavald hafa mjög fylgt alþjóðlegri stefnu í skólumálum á þessum tíma, og auðkennist hún af því m.a. að endurskoða markmið náms og kennslu, viðfangsefni og vinnubrögð og virkja kennaralið, námsmenn og samfélag til atfylgis um þvilik efni. Stefna þessi er um margt vænleg og líkleg til farsælla áhrifa framvegis, ef vel er á haldið, en hér sem endranær geta góð vopn snúist í höndum manna, ef örugg tók brestur. Því er nauðsyn, að kennaraefni kynnist slíkum viðhorfum og vinnubrögðum rækilega þegar í námi sínu. Er af flestum sökum eðlilegt að fela Æfingaskólanum það hlutverk, því að þar á einkum að reyna á þjálfun kennaraefna við að tengja fræði sín frjóu verki. Jafnframt gæti Æfingaskólinn orðið framkvæmdavaldi til ráðuneytis og aðstoðar um endurmat og prófun á tækjum, vinnubrögðum og kenningum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Um 1. gr.

1. tl. Greinin ákvarðar hlutverk Kennaraháskóla Íslands og mikilvægustu breytingar, sem lagt er til að á því verði gerðar.

Í gildandi lögum er svo fyrir mælt, 1. gr., 1. tl., að Kennaraháskóli Íslands skuli vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun í uppeldis- og kennslufræðum, en hér er kveðið svo á, að hann skuli vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum í landinu og búa stúdenta undir háskólapróf í þeim greinum. Á það auk B.Ed.- prófs (kennaraprófs) einnig við B.A.- próf í uppeldisfræðum, en það er nýmæli, sbr. 21. gr.

Með ákvæðum þessum er stefnt að því að tengja mannafla, fjármagn, náms- og rannsóknaaðstöðu til eflingar uppeldisstarfi í landinu, enda flytjist kennsla í uppeldisfræði úr Háskóla Íslands í Kennaraháskólann.

Svo sem fram kemur í umsögnum háskólaráðs og nokkurra háskóladeilda (sjá viðauka IV.) hefur hugmyndin um þennan flutning sætt andmælum af hálfu Háskóla Íslands. Er í umsögnunum bent á ýmis rök er mæli gegn slíkri ráðstöfun, bæði frá sjónarmiði háskólans sjálfs og með tilliti til æskilegrar skipunar háskólastigsins í heild. Félagsvísindadeild, þar sem uppeldisfræðum er nú skipaður sess í háskólanum, bendir á aðrar leiðir og telur, að ekki komi síður til greina að stefna að samruna beggja stofnananna með þeim hætti að verkefni Kennaraháskólans færist til Háskóla Íslands, þar sem stofnuð yrði sérstök kennaradeild. Vissulega styður margt þá skoðun, að starfsemi Kennaraháskólans annars vegar og Háskóla Íslands hins vegar gæti reynst gagnkvæmur hagur að skipulagslegri sameiningu skólanna og kynni það vel að reynast æskileg framtíðarskipan. Mjög virðist þó hæpið að tímabært sé orðið að stíga það skref og fela Háskóla Íslands á hendur menntun allra kennara á grunnskólastigi. Er hætt við að sú langa hefð sem sérstök menntastofnun kennara styðst við í starfi sínu mundi síður nýtast í deiglu almenns háskóla. En meðan sanruni skólanna telst ekki tímabær sýnist einsætt, að sú stofnunin sem annast almenna kennaramenntun sé eflað með því að draga til hennar helstu föng sem tiltæk eru á sviði kennslu og rannsókna í uppeldisfræðum. Þetta raskar ekki því, að eftir sem áður og jafnvel enn frekar verður með slíkri tilhögun augljós nauðsyn á samvinnu milli Kennaraháskólans og Háskóla Íslands, bæði á skyldum fræðisviðum, svo sem í uppeldisfræðum og sálfræðum, og í einstökum greinum sem stundaðar eru í skólunum báðum, ennfremur um nýtingu kennslu sem fram fer í öðrum skólunum en hinn þarf á að halda.

Slíkt samstarf ætti að vera sjálfsagt, og í 39. gr. frumvarpsins er leitast við að tryggja það frekar með ákvæði um sérstaka samstarfsnefnd.

2. tl. Það er nýmæli, að skólinn skuli annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi. Í því felst, að Kennaraháskóli Íslands taki að sér að annast þá kennslufræðilegu menntun, sem Háskóli Íslands lætur nú í té, einkum fyrir B.A.- prófsmenn, auk þess sem gert er ráð fyrir að stofnað verði til hliðstæðrar menntunar fyrir kennara ýmissa skóla á framhaldsskólastigi (sbr. 16. gr.). Kennarar í verklegum greinum við iðnskóla og aðra sérskóla hafa hingað til ekki átt kost á uppeldis- og kennslufræðilegri menntun hér á landi, nema á einstökum námskeiðum, m. a. hin síðari ár á vegum framhaldsdeildar Kennaraháskólans. Ætla verður að þeim sé þó engu síður þörf slíks undirbúnings undir kennslustarf sitt en kennurum bóklegra greina. Þá felst og í ákvæði þessa töluliðar sú stefna, að Kennaraháskólinn annist hinn almenna uppeldis- og kennslufræðilega þátt í menntun þeirra sérgreinakennara, **sem nú hljóta** alla kennaramenntun sína á vegum sérskóla á viðkomandi sviði. Þar er átt við myndlistarkennara, sem nema við kennaradeild Myndlista- og handíðaskólans, tónmenntakennara, sem nema við kennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík, hússtjórnarkennara, er hljóta menntun sína í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands og íþróttakennara, sem nema við Íþróttakennaraskóla Íslands. Hversu sem sérgreinamenntun þessara kennara verður hagað að öðru leyti (sbr. og aths. við 3. tölul. þessarar greinar), sýnist eðlilegt og hagkvæmt, að þessi hluti náms þeirra verði á vegum Kennaraháskólans sem hinnar sérhæfðu miðstöðvar í uppeldis- og kennslufræðum.

Með nýmælum þeim, sem í þessum tölul. felast, er að því stefnt að styrkja tengsl kennara á mismunandi sviðum, efla skilning þeirra á starfi sínu og sameiginlegum kjarna þess, hver sem kennslugrein þeirra er, verksvið eða sá aldursflokkur sem kennt er. Vex þeirri stefnu nú mjög fylgi víða um lönd. Einnig á ákvæði þetta að koma í veg fyrir tvíverknað og stuðla að hagfelldari nýtingu fjármagns, svo og bættri náms- og starfsaðstöðu í Kennaraháskólanum.

3. tl. Með upphafsákvæði þessa töluliðar er Kennaraháskólanum falið að annast fullnaðarmenntun kennara á grunnskólastigi í öllum þeim greinum sem kenndar eru til kennaraprófs við skólann. Ákvæði þetta er ekki nýmæli, en kemur í staðinn fyrir fyrra málslið 2. tl. 1. gr. í gildandi lögum, þar sem Kennaraháskóla Íslands er fengið það hlutverk „að veita fullnægjandi þekkingu og leikni til þess að leiðbeina ungmennum á skyldunámsstigi“. Þess ber þó að gæta, að „skyldunámsstig“ hefur ekki að öllu sömu merkingu í þeim lögum og „grunnskólastig“, þegar lög nr. 63/1974, um grunnskóla, verða komin til fullra framkvæmda með eins árs lengingu skólaskyldu. — Með fullnaðarmenntun er átt við þær námskröfur, sem fullnægja þarf til kennararéttinda.

Í síðara ákvæði þessa tölul. er heimilað að fela Kennaraháskólanum að annast fullnaðarmenntun kennara í þeim greinum, sem nú eru kenndar í sérstökum kennaraskólum eða kennaradeildum. Í gildandi lögum (1. gr., 1. tl.) er mælt fyrir um að Kennaraháskólinn skuli, til að forðast tvíverknað, hafa samstarf við skóla, er mennta kennara í sérgreinum. Hér er um að ræða sérgreinar þær, sem vikið er að í athugasemdum við 2. tölul. hér að framan. Í þeim tölul. er gert ráð fyrir, að Kennaraháskólinn annist uppeldis- og kennslufræðimenntun kennara í þessum greinum, og er þar með þegar séð fyrir veigamiklu samstarfi og verkaskiptingu. Síðan er í þessum tölulið gert ráð fyrir að heimilt sé að ganga lengra og fela Kennaraháskólanum einnig sjálfa sérgreinamenntunina. Hvort og þá að hvaða marki þeirri heimild verði beitt hlýtur að ráðast af rækilegri athugun margra atriða, bæði kennslulegs og fjárhagslegs eðlis. Færa má ýmis rök fyrir hvorri tveggja skipaninni, sérskólafrirkomulagi og sameiningu við almennt kennaranám í Kennaraháskólanum. Með hinu fyrra mælir m. a., að í sérskólunum sé fyrir hendi aðstaða, sem ella þyrfti að byggja upp í Kennaraháskólanum, svo og að kennaramenntuninni í viðkomandi greinum sé styrkur og hagur að sambylí og samstarfi við aðra sérmenntun í greinum, svo

sem er um myndlistarnám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og tónlistarnám í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Á hinn bóginn má benda á, að sameining allrar kennaramenntunar fyrir grunnskóla í einni stofnun mundi stuðla að samræmingu kennaranámsins, jafnstöðu kennslugreina og einingu kennarastarfsins. Nefndin, sem frumvarpið samdi, taldi það ekki í verkahring sínum að taka beina afstöðu til þess, hvað best hentaði í þessum efnum, en taka þer fram, að ekki er ótrúlegt að mismunandi lausnir komi til álita eftir því hvaða sérgrein á í hlut. Hversu sem ráðast kann um stofnanalega tilhögun kennaranáms í umræddum greinum, þer að leggja áherslu á að samhæfa það öðru kennaranámi eins og kostur er. Æskilegt er að þessar greinar geti orðið valgreinar til kennaraprófs (B.Ed.-prófs) með sama hætti og þær greinar, sem nú eru kenndar við Kennaraháskóla Íslands, enda virðist ekki ókleift að fella kennaranám í sérgreinunum inn í þá umgerð sem valgreinum er sniðin í 15. gr. frumvarpsins. Í því sambandi kann þó að þurfa að gera sérstakar kröfur um undirbúning til inngöngu í kennaranám, að því er listgreinar varðar. Um samstarf Kennaraháskólans og þeirra skóla sem hér um ræðir er kveðið á í 39. gr.

4.tl. Í þessum tölul., sem fjallar um endurmenntun kennara, er sú breyting frá hliðstæðu ákvæði í gildandi lögum, að starfsemin er ekki einungis miðuð við kennara á skyldunámsstigi, heldur bæði á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Hefur framkvæmdin þegar hneigst í þá átt. Þá er og mælt fyrir um nánari framkvæmdarákvæði í reglugerð, m. a. að því er varðar samstarf við kennarasamtök, Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir.

Vert er að leggja áherslu á mikilvægi þessa þáttar í hlutverki Kennaraháskólans. Mönnum hefur orðið æ ljósara, að starfsmenntun í nútímapjófélági verður ekki áunnin í eitt skipti fyrir öll, heldur þarf hún að vera með nokkrum hætti áfangamenntun. Kennarastarfið mun mörgum störfum fremur jafnan verða háð slíkri kvöð um sifellda endurnýjun menntunarforðans.

II. KAFLI

Um 2. gr.

Grein þessi kveður á um, hverjum falin sé æðsta stjórn Kennaraháskóla Íslands. Hún samsvarar að nokkru leyti 1. og 3. lið 2. gr. gildandi laga, en nokkur nýmæli eru í frumvarpinu. Lagt er til, að stjórn skólans sé einfölduð, þannig að í stað skólastjórnar og skólaráðs komi nú aðeins skólaráð. Hins vegar er lagt til, að sú skipulagsbreyting sé gerð stjórn skólans til styrktar, að greint sé skýrar á milli kjörinna fulltrúa starfsmanna í skólaráði og stjórnskipaðra embættismanna skólans, svipað og tíðkast hefur í Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir, að stofnuð sé staða skólaritara er annist í umboði rektors eftirlit með daglegri starfsemi skólans og hafi heimild til að skuldbinda skólann fjárhagslega. Ekki eru líkur á, að þessi nýja skipan hafi aukinn kostnað í för með sér, þar sem vararektor (nú aðstoðarrektor) mundi þá ekki lengur gegna launuðu starfi, heldur verða staðgengill rektors í forföllum. Ætlast er til, að rektor geti með þessu fyrirkomulagi helgað sig í auknum mæli stefnumótun í málefnum skólans og almennu eftirliti með stjórn hans. Ákvæði 2. tl. 2. gr., um skólanefnd kennaraskóla, er fellt brott en í staðinn kemur ákvæði í 39. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið efni eftir þörfum til funda um kennaramenntun. Að öðru leyti eru hér ákvæði, sem ætlað er að kveða skýrar á um valdsvið hinna einstöku stjórnunaraðila.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um kjör rektors og vararektors. Er kosningarréttur til embætta þessara rýmkaður nokkuð frá því, sem nú er í 4. tl. 2. gr. Um kjör rektors og vararektors er lagt til, að ákvæði 39. gr. reglugerðar um Kennaraháskóla Íslands verði flutt í lög. Er það og í samræmi við lög um Háskóla Íslands.

Nýmæli er ákvæðið um það, hvernig með skuli fara, ef rektor fellur frá eða lætur af störfum, áður en kjörtímabil hans er á enda, svo og ef rektor forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum.

Um 4. gr.

Grein þessi fjallar um skipulag skólaráðs. Er það í stórum dráttum svipað og í 2. gr. gildandi laga. Fulltrúum í ráðinu er þó fjölgað nokkuð í því skyni, að allir starfshópar skólans eigi þar fulltrúa. Að öðru leyti er ákvæðið gert glegggra en áður, m. a. um það, ef fulltrúi forfallast.

Um 5. gr.

Nýmæli er það í frumvarpinu að kveða á um nokkur meginatriði fundarskapa, er miklu varða um greiða og skipulega fyrirtekt og afgreiðslu mála í skólaráði. Sambærilegt ákvæði er nú í 38. gr. reglugerðar skólans.

Um 6. gr.

Ákvæði um starfsmannafundi eru nýmæli. Er því ætlað að fylla upp í það skarð, er myndast kann við afnám skólastjórnar og kennarafunda. Tilhögun þessi er sveigjanlegri, en ætti að koma að svipuðu gagni. Ályktanir starfsmannafunda eru ekki bindandi fyrir skólaráð.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um skorir. Er ætlast til, að hver skor verði stjórnunareining með svipuðum hætti og verið hefur. Lagt er til, að nemendur hafi tvo fulltrúa á fundum hvernar skorar. Þá er og stefnt að því að treysta tengslin við Æfingaskólann með því að æfingakennarar þar eigi jafnan rétt til fundasetu og þátttöku í afgreiðslu mála sem greinakennarar. Ákvæðið um kjör skorarstjóra er óbreytt.

Um 8. gr.

Nýtt ákvæði er hér um fundarsköp skora. Er því ætlað að skapa festu varðandi boðun funda og meðferð mála á fundum. Nýtt er einnig ákvæðið um heimild skora til starfa í sérgreindum hópum eftir fræðasviðum, enda ljóst af 17. gr. frumvarpsins, að mjög ólíkar greinar lenda saman í sumum skorum, en hins vegar ekki æskilegt að fjölga þeim af stjórnunarástæðum.

III. KAFLI

Í þennan kafla er skipað saman ákvæðum, sem í l. nr. 38/1971 féllu undir kaflana um nemendaráð og inntöku nemenda í skólann, 3. og 4. gr. Eru ákvæði þessi lítt breytt efnislega í frumvarpinu en auk þeirra er bætt við nokkrum nýjum efnisákvæðum.

Um 9. gr.

Hér er fjallað um inntökuskilyrði. Aðalskilyrði er eins og í gildandi lögum stúdentspróf, en skólaráð hefur heimild til að víkja frá því og taka tillit til annarra prófa, náms og starfsreynslu, þegar meta skal hvort umsækjandi hafi nægan undirbúning til að hefja nám í Kennaraháskóla Íslands, og þarf ekki lengur að leita samþykkis menntamálaráðuneytisins til slíkra frávika. Þróunin varðandi inntöku í háskóla er nú víða í þá átt, að láta ekki tiltekin próf vera allsráðandi í því efni, heldur líta einnig til þess, ef umsækjandi hefur með öðrum hætti aflað sér undirbúnings sem telja megi nægan grundvöll að viðkomandi háskólanámi. Þegar nefnd er starfsreynsla er hér sérstaklega haft í huga, að þeir sem fengist hafa við kennslu-

störf um nokkurt skeið með góðum árangri geti átt þess kost að setjast í Kennaraháskólann án þess að ljúka stúdentsprófi, ef skólaráð metur fullnægjandi forsendur fyrir hendi að öðru leyti.

2. tl. er efnislega samhljóða núgildandi 2. tl. 4. gr. að breyttu breytanda.

Í 3. tölulið er gert ráð fyrir, að sett skuli í reglugerð sérstök ákvæði um inntökuskilyrði fyrir þá sem einungis sækja til Kennaraháskólans nám í uppeldis- og kennslufræðum, sbr. 16. gr.

Í stað ákvæðis um hæfnispróf og lágmarkseinkunn í íslensku er hér lagt til að setja megi í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakær valgreinar. Hér falla undir m. a. heimild til almennrar takmörkunar á inntöku nemenda í skólann vegna óviðráðandi fjölda umsókna og heimild til að kveða á um lágmarkseinkunnir eða sérstakan undirbúning í einstökum greinum.

Um 10. gr.

Ákvæði um heilbrigðisskilyrði, er áður var í 4. tl. 1. mgr. 4. gr., er nú gert ítarlegra og raunhæfara. Einkum er eftirlit með heilbrigðisástandi nemenda styrkt með því að lögfesta heimild til að ákveða í reglugerð um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu og um heilbrigðisrannsóknir eftir ákvörðun skólaráðs.

Um 11. gr.

Þetta er nýmæli í lögnum. Er það að nokkru leyti sniðið eftir 24. og 25. gr. l. nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. Ekki þykir síður þörf hér að kveða á um viðurlög, ef nemandi brýtur lög eða aðrar reglur skólans eða gerist sekur um alvarlegt refsilagabrot. Er það bæði byggt á nauðsyn þess að halda uppi hæfilegum aga og aðhaldi innan skólans, almennum varnaðarsjónarmiðum og ekki síst því, að ungmenni þau, er veljast til kennslu barna og ungmenna síðar meir, séu vel þroskuð siðferðislega og vammlaus í öllu líferni sínu.

Ekki er ætlast til, að til brottvikningar að fullu komi, nema um ítrekun sé að ræða eða stórfelld brot. Ella má láta við áminningu sitja eða brottvikningu um stundarsakir. Ætíð hefur nemandi rétt til að skjóta ákvörðun um brottrekstur til úrskurðar menntamálaráðherra. Ekki má nemandi þó ganga undir próf, meðan á málskoti stendur.

Auk málskotsréttar nemanda á ætíð að veita honum kost á að svara til saka, og ætíð skal leita álits nemendaráðs, áður en brottvikning er ráðin.

Ákvæði 2. mgr. um brottvikningu að fullu vegna tiltekinna alvarlegra refsilagabrota er aðeins heimildarákvæði og því vægara en sambærilegt ákvæði 25. gr. l. nr. 84/1970. Brot þau, sem hér um ræðir, eru einungis þau brot, er hafa flekkur mannorðs í för með sér, þ. e. ef sakborningur hefur verið fullra 18 ára, er hann framdi brotið, og refsing er 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla er dæmd, sbr. 2. gr. l. nr. 52/1959, sbr. 1. gr. l. nr. 45/1961.

Um 12. gr.

Ákvæði 1 mgr. er nýmæli í lögum um Kennaraháskólann. Þykir heppilegt að lögfesta skýra reglu til að forðast hugsanlegan ágreining um það, hvort nemandi teljist við nám í skólanum og njóti réttinda og beri skyldur sem innritaður nemandi. Gert er ráð fyrir, að í reglugerð megi áskilja árlega skráningu, í því skyni fyrst og fremst að koma við betri yfirsýn og meira aðhaldi en áður. Jafnframt þykir rétt að heimila ákvörðun skrásetningargjalda með reglugerð og hvernig þeim skuli varið, m. a. í þarfir nemenda sjálfra. Ákvæðin eiga sér hliðstæðu í 21. og 26. gr. l. nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Í 2. mgr. er heimilað að setja reglugerðarákvæði um námsástundun nemenda.

Um 13. gr.

Ákvæði um nemendaráð er efnislega óbreytt, sbr. 3. gr. gildandi laga. Nemendaráði er þó einnig ætlað að tilnefna fulltrúa nemenda á skorafundi.

IV. KAFLI

Um 14. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir þriggja ára námi með $8\frac{1}{2}$ — $9\frac{1}{2}$ mánaða kennslu á ári. Menntamálaráðuneytið getur þó leyft allt að hálfsmánaðarvik frá þessu ákvæði. Sú hefð hefur skapast, að kennsluárið væri 9 mánuðir, frá 1. september til 31. maí. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að kennsluárið geti verið $9\frac{1}{2}$ mánuður, ef ástæða þætti til.

Um 15. gr.

Sú breyting er hér gerð frá gildandi lögum að námið er skipulagt í námseiningum þar sem hver eining er ígildi einnar viku vinnu, en í gildandi lögum er öllum námstímanum skipt í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 vikustundum árlangt. Breytingin er gerð til auðveldunar á námsskipulagi og námsmati og er í samræmi við einingamat, sem nú er notað eða í undirbúningi að nota í skólakerfinu, m. a. í vaxandi mæli í Háskóla Íslands. Ætti því þessi tilhögun jafnframt að auðvela gagnkvæma og sjálfsagða viðurkenning námshluta milli Kennaraháskólans og Háskóla Íslands.

Skipting námsins í meginþætti felur í sér meiri sveigjanleika fyrir nemendur í vali námsefnis en er í gildandi lögum. Valfrelsi innan ákveðinna marka nær nú til rúmlega 60% námsefnis í stað tæpra 50% áður. Ásamt námseiningaskiptingunni ætti námsþáttaskipulagið að gera hægara um vik fyrir kennara, sem hafa hug á að bæta við nám sitt með markvissum hætti, t. d. afla sér aukinnar menntunar í grein til viðtækari kennsluréttinda.

Sveigjanleiki námsmagns í einstökum valgreinum er aukinn verulega eða í 30 einingar úr nálega 15 einingum í gildandi lögum.

Gert er ráð fyrir að allir, sem B.Ed.- prófi ljúka, hafi hlotið undirbúning til að sinna almennri bekkjarkennslu en auk þess er nemandi gefið svigrúm til að einbeita sér hvort heldur er að bekkjarkennslu með fjölbreyttu námsgreinavali eða að kennslu einstakra námsgreina með þröngu vali (45 einingar í valgreinum). Ákvæði varðandi lestrar- og skriftarkennslu er sett til að taka af tvímæli um að allir brautskráðir grunnskólakennarar skuli hafa hlotið undirstöðupjálfun í slíkri kennslu, m. a. vegna þarfa lítilla skóla, þar sem verkaskiptingu eftir greinum og aldurstigum verður síður við komið.

Gert er ráð fyrir að æfingakennslu verði ætlaður svipaður tími og nú er.

Um 16. gr.

Hér er um að ræða nánari skilgreiningu á því námi, sem kveðið er á um í 1. gr., 2. tl.

Um 17. gr.

Nokkrar breytingar eru hér gerðar frá gildandi lögum um skipun námsgreina í skorir.

1. Uppeldisskor. Siðfræði, kristinfræði og trúarbragðasaga eru fluttar í uppeldisskor úr félagsskor.
2. Félagsskor. Úr skorinni eru fluttar siðfræði, kristinfræði og trúarbragðasaga. Inn koma í staðinn landafræði úr raungreinaskor og hagfræði, sem er ný grein.

3. Málaskor. Hér er engin efnisbreyting.
4. Raungreinaskor. Landafræði er flutt í félagsskor.
5. List- og verkmenntaskor. Mynd- og handmennt kemur í stað teiknunar og handavinnu, tónmennt í stað tónfræði, líkamsrækt í stað íþróttar. Orðalagsbreytingar þessar leiða ekki sjálfkrafa til breytinga á inntaki greinanna. Nokkuð öðru máli gegnir um leiktjáningu í stað leiklistar. Með breytingunni er lögð áhersla á uppeldislegt markmið kennslunar. Vélritun er felld niður úr upptalningu greina í skorinni.

Óbreytt er gildandi heimild stjórnar skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Er og vert að leggja áherslu á, að frumvarpsgreinin gefur fremur til kynna verkaskiptingu milli skora en að í henni geti falist tæmandi upptalning þeirra námsgreina sem fengist verði við í Kennaraháskólanum hverju sinni.

Um 18. gr.

Greinin er nýmæli og þarf ekki skýringa við.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 8. gr.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar á sér hliðstæðu í lögum um grunnskóla, 12. gr., 5. tl.

V. KAFLI

Um 21. gr.

Greinin er nýmæli og er meginákvæði hennar, að stofna skuli til kennslu í uppeldisfræði til B.A.- prófs við Kennaraháskólann, rökrétt afleiðing þeirrar stefnu, sem mörkuð er í 1. gr., að Kennaraháskóli Íslands skuli vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum hér á landi. Námsstími og námskröfur skulu vera sambærileg við annað nám til B.A.- prófs.

Eðlilegt þykir, að nemendur, sem lokið hafa B.Ed.- prófi eða öðrum háskóla-prófum, þar sem uppeldisfræði er hluti námsefnis, skuli fá fyrri námseiningar metnar sem hluta af námi í uppeldisfræði. Er það í samræmi við anda laga þessara og almenna stefnu.

Rétt þykir að hafa heimild í reglugerð til að ákveða, að námsþættir eða námsgreinar tengdar uppeldisfræði séu hluti náms til B.A.- prófs í uppeldisfræði, svo og að heimilt sé að sækja það nám til annarra háskóla, ef þörf gerist, sbr. einnig 26. gr., enda kveði reglugerð á um inntak og umtak þeirra námsþátta.

Ætla verður að uppeldisvísindi eflist svo á Íslandi í framtíðinni, að megin-kennslustofnun þeirra verði bæði fært og skylt að kenna þau til lokastigs háskólanáms.

Um 22. gr.

Í greininni er kveðið á um að við Kennaraháskólann starfi rannsóknastofnun í uppeldisfræðum samkvæmt ákvörðun skólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra, en um starfssvið hennar, stjórn o. fl. skal setja nánari ákvæði í reglugerð.

Í gildandi lögum um Kennaraháskóla Íslands eru ákvæði, 14. og 15. gr., um sérstaka rannsóknastofnun uppeldismála, sem gert er ráð fyrir að starfrækt sé með aðild Kennaraháskólans og Háskóla Íslands auk þess sem skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins eigi aðild að stjórn hennar. Stofnun þessari hefur ekki verið komið á fót, þótt unnið hafi verið að ýmsum uppeldisfræðilegum rannsóknaverkefnum á vegum þeirra aðila, sem ætlað var að standa að stofnuninni. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að hlutverk slíkrar stofnunar verði fellt undir verk-

svið Kennaraháskóla Íslands. Er það í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins, að Kennaraháskólinn skuli vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum hér á landi. Af því leiðir að sú starfsemi sem lýtur að fræðilegum og hagnýtum rannsóknum á að vera jafnsjálfsagður þáttur í viðfangsefnum skólans og kennslan sjálf. Samkvæmt 22. gr. er gert ráð fyrir að fá megi þessum bætti starfseminnar stofnunarform, þar sem líklegt er að það verði til þess fallið að treysta skipulagslegan grundvöll rannsókna og auðvelda áætlanagerð og yfirsýn. Þá verður og með því móti hægara að tengja sérfræðinga utan kennaraliðsins rannsóknastarfinu, þegar slíkt kann að þykja æskilegt. Jafnframt verður kennurum skólans auðveldara að fullnægja rannsóknaskyldu sinni, ef þeir njóta stuðnings slíkrar stofnunar. Um hliðstæða tilhögun má vísa til rannsóknastofnana á vegum Háskóla Íslands.

Sjálfsagt er að rannsóknastofnun í uppeldisfræðum við Kennaraháskólann kosti kapps um eðlilegt samstarf við aðra aðila sem starfsemi hennar tengist. Til greina kemur að slíku samstarfi sé formlega skipað með ákvæðum í reglugerð, þar sem mæla skal nánar fyrir um starfssvið stofnunarinnar og stjórn, svo og tengsl hennar við aðrar stjórnarstofnanir skólans.

VI. KAFLI

Um 23. gr.

Greinin er allmiklu styttri en sambærileg grein í gildandi lögum (9. gr.). Hún er rammagrein, sem fær fyllingu í reglugerð og gefur auk þess skólaráði aukið svigrúm um framkvæmd prófa.

Ákvæðið um að kennarar standi fyrir prófum, hver í sinni grein, felur í sér að kennari skuli sjálfur semja próf sín og ákveða umfang þeirra, þó að sjálfsögðu í samræmi við námsskrá og reglugerð.

Um 24. gr.

Engin ákvæði eru í gildandi lögum um endurtekningu prófa.

Þá er gert ráð fyrir að í reglugerð megi setja ákvæði um endurtöku prófs til að fá betri vitnisburð, þótt nemandi hafi hlotið lágmarkseinkunn í greininni.

Um 25. gr.

Hér er mælt fyrir um hvernig dæma skuli fullnaðarpróf. Í greininni felast veigamiklar breytingar frá gildandi lögum, en í meginatriðum er fylgt þeirri tilhögun, sem ákveðin var í Háskóla Íslands með lögum nr. 45/1976. Samkvæmt því er gert ráð fyrir, að prófdómendur utan skólans verði að meginreglu því aðeins við skriflegt próf, að sérstök ástæða þyki til. Þá er og nemendum, sem ekki standast próf, tryggður réttur til málskots að því er varðar mat kennara á skriflegri úrlausn.

Í greininni eru ákvæði um val prófdómenda og skipunartímabil, ítarlegri en í gildandi lögum.

Um 26. gr.

Fyrri másl. er nýr, en þarfnast naumast skýringar. Með viðurkenningu er hér átt við, að viðkomandi próf fáiast metið sem þáttur til fullnaðarprófs frá Kennaraháskóla Íslands. Ákvæði seinni másl. á sér hliðstæðu í 1. tl. 1. gr. gildandi laga.

VII. KAFLI

Um 27. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um fjölda prófessora og dósentna. Ákvæði þetta hefur reynst dauður bókstafur og er það því fellt niður í frumvarpinu og í þess stað

gert ráð fyrir að stofnun nýrra kennaraembætta fari eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólaráðs og eftir því sem fé er veitt til slíkra embætta í fjárlögum.

Nýmæli er heimild til að skipa dósentu eða lektora tímabundið.

Í lokamálsgrein er lögfest heimild til að kveða á í reglugerð um meginreglur varðandi starfsskyldur kennara. Í gildandi reglugerð um skólann er þó að finna slíkar reglur.

Um 28. gr.

Nýmæli er það að skólaráð ráði aðjúnkta í stað menntamálaráðherra áður.

Þrengd eru ákvæði um að veita megi umsækjanda, sem ekki fullnægi kröfum um fullgilt háskólapróf auk prófs í uppeldis- og kennslufræðum, fasta stöðu við skólann. Er nú undanþágan bundin við lektorsstöður og háð því skilyrði, að dómnefnd hafi fjallað um umsóknina og metið umsækjanda hæfan til starfsins.

Heimild til að flytja lektor í dósentstöðu samkv. nánari ákvæðum í reglugerð er ný, en hliðstætt ákvæði er í lögum um Háskóla Íslands.

Um 29. gr.

Nýmæli er hér staða skólaritara, sbr. greinargerð með 2. gr.

Sú breyting er hér gerð að menntamálaráðherra skipar eða ræður fast starfslið skólans annað en kennara. Í gildandi lögum er rektor falin ráðning þessara starfsmanna, en í reynd hefur hún þó verið í höndum ráðuneytisins að undanskilinni ráðningu aðstoðarrektors.

Um 30. gr.

Með breytingum þeim, sem greinin gerir ráð fyrir á ákvæðum gildandi laga um orlof við Kennaraháskólann (sbr. 23. gr. laganna), er megináhersla lögð á þarfir skólans og frumkvæði. Kemur það fram með þrennum hætti:

- 1) orlof skal vera heimilt föstum starfsmönnum skólans, en ekki kennurum hans einum,
- 2) skylt er ráðuneyti að leita umsagnar rektors um umsóknir um orlof starfsmanna,
- 3) réttur til orlofs er ekki gerður háður þjónustualdri starfsmanns.

Sveigjanleiki ákvæða frumvarpsins er eftir því sniðinn að reglur um orlof verði í reynd til að efla hæfni starfslíðs skólans.

Á því er alllög hefið að veita kennurum einum fastra starfsmanna við skóla orlof. En hvort tveggja er, að við Kennaraháskólann kunna fastir starfsmenn að inna mikilvæga kennslu af höndum, þó að ekki beri þeir kennaranafn — það á við bókaverði — og aðrir kunna ásamt þeim að láta í té ýmsa þjónustu við kennaranám, t. d. í tækni margháttari, og getur mikið oltið á því fyrir skólann að þeim gefist kostur á að auka við sig námi.

VIII. KAFLI

Um 31. gr.

Greinin kveður á um rekstur sérstaks hverfissskóla í Reykjavík, sem skal vera miðstöð æfingakennslu við Kennaraháskóla Íslands. Greinin er í aðalatriðum samhljóða 16. gr. gildandi laga.

Æfingadeildir hafa starfað við Kennaraskóla Íslands allt frá stofnun hans. Deildirnar sóttu nemendur víðsvegar að úr borginni, en á því varð þó breyting árið 1968, þegar hverfissskóli tekur til starfa í eigin skólahúsi á lóð Kennaraskólans. Ákvæði höfðu þó verið í lögum um sérstakan æfingaskóla allt frá árinu 1943, sbr. l. nr. 50/1943, um Kennaraskóla Íslands.

Í greininni segir, að skólinn sé miðstöð æfingakennslu Kennaraháskólans. Er hér skýrar að orði kveðið en í 16. gr. gildandi laga og þáttur skólans í menntun kennara nánar afmarkaður en þar er gert.

Skilgreining skólans sem miðstöðvar æfingakennslunnar felst m. a. í eftirfarandi:

1. Æfingaskólinn og starfsmenn hans eru ábyrgðarmenn við mótun æfingakennslunnar jafnt í einstökum greinum og kennslustarfi samfelldu. Þeim er ætlað, undir stjórn skólastjóra og æfingastjóra, að annast faglega umsjón með æfingakennslu í öðrum skólum og vera lausráðnum æfingakennurum þar til halds og trausts. Af framansögðu leiðir óbeint, að einungis hluti æfingakennslunnar fer fram í Æfingaskólanum sjálfum, þótt skólinn muni, svo sem skylt og eðlilegt er, hafa innan sinna veggja hlutfallslega fjölmennari hóp kennaranema en aðrir skólar. Sá misskilningur skýtur stundum upp kollí, að sérstaða Æfingaskólans sé í því fólgin að þar skuli allir nemar fá alla sína æfingu í kennslu. Þetta er að sjálfsögðu hvorki framkvæmanlegt né æskilegt.
2. Kennaranemar skulu eiga samastað í skólahúsi Æfingaskólans, er þeir vinna að undirbúningi kennsluæfinga sinna. Gildir þetta jafnt fyrir nema, er sækja kennsluæfingar sínar í Æfingaskólanum sjálfum og þá, sem sækja til annarra skóla, að svo miklu leyti sem slíku verður við komið og hentugt þykir. Athvarf kennaranema þarf að vera í húsnæði sérstaklega búnu til þessara nota. Þar þarf að vera til reiðu kennsluefni, kennslutæki og önnur nauðsynleg gögn. Aðstaða þessi myndi jafnframt notuð þegar efnt væri til námskeiða fyrir nema og kennara í notkun kennslu- og námsgagna.
3. Æfingaskólanum er einnig ætlað að gegna hlutverki sínu sem miðstöð æfingakennslu í landinu með því að sinna nýbreytni í skólastarfi öðrum skólum fremur og veita þannig verðandi kennurum færi á að fylgjast með verklagi í skóla, sem er í skipulegri þróun. Sjá um þetta atriði nánar í skýringum, sem fylgja 32. gr.

Nafn skólans er stýtt úr Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands. Er þetta eingöngu gert til hægðarauka, þar eð nafnið er þannig heldur styttra og þjálla.

Til að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning skal tekið skýrt fram að með nafnbreytingunni er ekki gefið í skyn, að þetta skuli draga úr verkefnum skólans á sviði nýbreytni og tilrauna við nám og kennslu. Þessu er þveröfugt farið svo sem víða kemur skýrt fram í frumvarpinu og þessari greinargerð.

Forskoladeildir fyrir 5 og 6 ára börn eru þegar í Æfingaskólanum. Í lok greinarinnar er ákvæði sem heimilar að svo verði einnig framvegis að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Um 32. gr.

Greinin fjallar um tilraunahlutverk skólans og nýbreytni við nám og kennslu. Ákvæði greinarinnar stefnir að sama marki og 17. gr. gildandi laga, en eftir öðrum leiðum, enda margt breytt, þótt ekki sé lengra um liðið frá setningu þeirra.

Í lögum um Kennaraskóla Íslands frá 1947 og 1963 voru ákvæði um að Æfingaskólinn skyldi starfa sem tilraunaskóli og jafnframt sinna rannsóknum á sviði skólamála, sbr. viðauka II. Fyrir lögjafanum hefur sennilega vakað að skólinn sinni a. m. k. að einhverju leyti verkefnum, sem síðar voru falin skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins. Lagaákvæði þessi um Æfingaskólann komu þó aldrei til framkvæmda né heldur ákvæðin í lögum nr. 16/1947, um rannsóknastofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands. Lögin um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 geyma enn ákvæði um tilraunaskóla og rannsóknaskyldu. Hefur starfsemi skólans þróast í þá átt síðan skólinn tók til starfa sem hverfisskóli og flutti í sérstakt skólahús. Á þessum árum hefur einnig samstarf ráðuneytis og Æfingaskólans orðið virkara en áður var.

Nokkuð hefur verið gagnrýnt á undanförunum árum, að samhæfingu skorti milli starfsmenntunar kennara og breytinga á kennslu og námsefni, sem menntamálaráðuneytið beitir sér fyrir. Í umræðu um Æfingaskólann hefur fyrr og síðar bryddað á þeirri skoðun, að æfingakennsla og vísindaleg rannsóknastörf á sviði kennslustarfa færu illa saman, þar eð halda þyrfti rannsóknabreytum sem mest einangruðum og aðstæðum óbreyttum, ef mark skyldi taka á niðurstöðum, en þetta hlýti að reynast erfitt í deildum, þar sem æfingakennsla færi fram. Þessi rök eru réttmæt a.m.k. í sumum tilvikum, ef miðað er við rannsóknir skv. aðferðalíkani raunvísinda. Skal og heldur ekki gert lítið úr þörf nákvæmni af þessu tæi, t. d. í mörgum greinum sálarfræði og einnig við prófun kennsluaðferða. Hins vegar er oft ógerlegt að koma við slíkum vinnubrögðum þegar leggja skal reynsludóm á nýjungar í kennslu eða hagnýt not breyttra námsaðferða eða námsefnis. Skipulegt mat skv. einhverjum samilega skilgreindum kvörðum verður oftast að duga, a. m. k. fyrst í stað. Þá kemur enn til að draga má í efa hvort aðferðir náttúruvísinda henta ævinlega sérlega vel, þegar rannsaka skal kennslu- og námsferli. Af þessum sökum hafa sérfræðingar á þessu sviði hin síðari ár beitt nokkuð sveigjanlegri aðferðum en fyrr og vinna rannsóknir sínar við eðlilegar aðstæður. Má telja víst að gera megi margvíslegar marktækar kannanir, þótt æfingakennsla fari fram samtímis og stundum gæti slíkt hentað vel, ef fyrirbyggju er gætt við skipulagningu.

Þá er þess enn að geta sem mestu skiptir í þessu samhengi að tilraunahlutverk skólans er í rauninni ekki — og svo hefur sennilega ekki heldur verið í upphafi — tengt vísindalegri tilraunastarfsemi í þröngri merkingu heldur hinu sem vikið er að hér að framan, að skólinn hefði forgöngu um nýjungar í skólastarfi eða það sem í frumvarpsgreininni er nefnt nýbreytni og legði á verkefni sín nokkurt mat hverju sinni. Þessu sjónarmiði til stuðnings skal bent á heiti skóla erlendis, sem reknir eru í þessum yfirlýsta tilgangi: „forsöksskole“ á norðurlandamálum og „laboratory school“ á ensku. Svipaðir skólar hafa einnig risið hérlendis hin síðustu ár, sbr. starfsemi Fossvogsskóla í Reykjavík og Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

Nú um sinn virðist stefna í þá átt að hver skóli geti og eigi að mótast sem mest innan frá og þróast í samræmi við eigin þarfir og aðstæður í skólahverfinu. Sérstaða Æfingaskólans gagnvart öðrum skólum yrði skv. framansögðu einkum fólgin í því að honum bæri beinlínis skylda til að fylgjast með framvindu skólamála erlendis og hér heima, brjóta upp á nýjungum í starfi og greina opinberlega frá viðleitni sinni í þessa veru. Að framan var þess getið að verkefnum, sem skólarrannsóknadeild menntamálaráðuneytisins hefur sinnt hin síðari ár, hafi löggjafinn sennilega í lagaákvæðum um menntun kennara 1947 og Kennaraskóla Íslands 1963 ætlast til að sinnt væri að einhverju leyti af Æfingaskólanum og vafalaust einnig rannsóknastofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands. Margt horfir nú öðruvísi við í þessum málum, en þó er enn raunhæfur grundvöllur fyrir samstarfi Kennaraháskólans og menntamálaráðuneytisins um ýmis hagnýt og fræðileg efni, er lúta að námsefnisgerð, námsstjórn og æfingakennsla. Vettvangur þessa samstarfs af hálfu menntastofnunar kennara yrði í rannsóknastofnun í uppeldisfræðum við Kennaraháskólann og Æfingaskólann.

Ákvæði um samstarf við aðra skóla um rannsóknaverkefni er sett til að koma í veg fyrir einangrun, en þessum stofnunum er mikil nauðsyn að endurnýja stöðugt tengsl sín við skólastarf í landinu.

Um 33. gr.

Greinin fjallar um stjórn skólans og er að nokkru samhljóða ákvæðum um sama efni í 18. og 19. gr. gildandi laga. Með „öðrum starfsmönnum“ er m. a. átt við starfslið á skrifstofu og sérfræðinga við ráðgjafarstörf. Gert er ráð fyrir skólanefnd, er sé rektor og skólastjóra til ráðuneytis við stjórn skólans, og er þetta nýmæli auk nokkurra annarra minni háttar breytinga.

Skipan sú, sem verið hefur skv. gildandi lögum, að allir fastir kennarar skólans, auk rektors Kennaraháskólans, skólastjóra og fræðslustjóra Reykjavíkurborgar,

eigi sæti í stjórn skólans, reynist þung í vöfum, gerir ákvörðunartöku seinvirka og jafnvel óþægilega fyrir starfsfólk. Með breytingunni er ekki ætlunin að rýra aðild kennara að stefnumótun skólans, enda eiga þeir fulltrúa í skólanefnd, en talið heppilegt að tillögur og áhrif starfsliðs á þróun skólans komi einnig fram með öðrum hætti, t. d. á samstarfsfundum kennara, sérstökum kennarafundum eða fyrir tilstilli sérstaklega kjörinna nefnda og starfshópa innan skólans, sbr. síðustu málsgrein þessarar greinar.

Nauðsyn þykir að festa í lögum ákvæði um, að tveir yfirkennarar starfi við skólann. Æfingaskólanum er ætlað að sinna mörgum og vandasömum verkefnum og því álitid heppilegt að skólastjóri sé ekki of bundinn störfum við daglegt eftirlit í skólanum.

Um 34. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skiptingu stofnkostnaðar og rekstrargjalda Æfingaskólans milli ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur. Greinin er samhljóða 2. tölulið 18. gr. í gildandi lögum.

Um 35. gr.

Greinin fjallar um kennaralið skólans og svarar efnislega til 21. gr. gildandi laga. Sú meginbreyting er þó gerð frá því, sem áður var, að við skólann skuli að mestum hluta starfa fastráðnir æfingakennarar, en á þeim og almennum kennurum er nokkur munur, bæði að því er varðar kennsluskyldu og launakjör. Starfskjaramunur og tvískipting kennaraliðs skólans, sem af honum leiðir, orkar á ýmsan hátt tvímælis og hefur í för með sér marga ókosti beint og óbeint og torveldar eðlilega samvinnu kennara og fulla nýtingu starfsliðs, ekki síst samhæfingu verkefna, sem kennurum ber að sinna. Hér er auk kennslu átt við samstarfsfundi innan skólans, viðtöl við kennaranema og vinnu með kennurum Kennaraháskólans og alveg sérstaklega umsjónarstörf með æfingakennslu í einstökum greinum og samstarf við lausráðna æfingakennara í öðrum skólum. Af þessum sökum og öðrum, sem litillega verður vikið að hér á eftir, þykir vænlegra til árangurs og betur í samræmi við markmið Æfingaskólans að allir — eða nær allir — kennarar skólans skuli fastráðnir æfingakennarar. Svigrúm yrði þó áfram að ráða til skamms tíma nokkra kennara að skólanum á kjörum almennra kennara. Væntanlega yrði einkum um að ræða nýliða við kennslustörf. Æfingakennsla er ekki nema að takmörkuðu leyti bundin við kennslu einstakra æfingakennara í tiltekinni kennslustofu ákveðinn stundafjöldi á viku heldur verður hún best rækt í fjölpættu og samvirku starfi kennara og nema, þegar þeir gegna um lengra tímabil margvíslegum sameiginlegum störfum sínum. Í samræmi við þetta er Æfingaskólanum ætlað að vera kennaraefnum sýnishorn af sveigjanlegu skólastarfi, sem þeir eigi jafnan aðgang að. Samkvæmt því er starf allra kennara skólans jafn mikilvægt og raunar annarra starfsmanna einnig. Til þessa viðhorfs er þá einnig að rekja helsta rökstuðning þess að allir fastir kennarar skólans sitji við sama borð í kjaralegu tilliti, enda geti þeir hver á sínu sviði lagt til skólastarfsins fullgildan skerf, svo að skólinn gegni hlutverki sínu.

Telja verður að í framantöldum atriðum felist umtalsverð breyting á æfingakennslunni frá því sem gildandi lög ákveða og algengast hefur verið um framkvæmd hennar til þessa. Þetta má m. a. marka af því, að verkefni og vinnuframlag einstakra æfingakennara verða ekki metin (a. m. k. ekki í Æfingaskólanum) í fjölda kenndra æfingastunda (sbr. upphaf 21. gr. 2. tl. í gildandi lögum) heldur tekið mið af vinnu kennarans samanlagðri á sviði kennslu og uppeldisstarfs í skólanum, sem hann ásamt samkennurum og kennaranemum innir af hendi.

Um 36. gr.

Greinin fjallar um stöðu æfingastjóra, val hans og verksvið. Í gildandi lögum er æfingastjóri talinn til starfsmanna Kennaraháskólans, sbr. 13. gr. þeirra laga,

tölulíð I. 4. Frumvarpsgreinin kveður á um breytingu að því leyti, að æfingastjóra skal nú kjósa úr hópi fastra æfingakennara til þriggja ára í senn og má ekki endurkjósa hann nema einu sinni án lotuskila.

Með þessari breytingu er að því stefnt að æfingastjóri sé í sem allra nánastri snertingu við sjálfa framkvæmd æfingakennslunnar, hafi starfsaðstöðu í Æfingaskólanum og sé ótvírætt hluti af starfsliði skólans. Starf núverandi æfingastjóra hefur raunar þegar orðið mjög á þennan veg og hann hefur bækistöð sína í Æfingaskólanum. Af sömu ástæðu er talið heppilegt, að æfingastjóri gegni ekki starfi of lengi í senn. Auk þess kynni að reynast erfitt fyrir viðkomandi að hverfa aftur að kennslu, ef því starfi hefur ekki verið sinnt um margra ára skeið. Af sama toga er sú heimild að kennari megi gegna æfingastjórastarfi að hálfu móti kennslu, en njóti þá skrifstofuaðstoðar til viðbótar sem því svarar.

Um 37. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá því sem er í 20. gr. gildandi laga.

Um 38. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá því sem er í 22. gr. 1. málslíð gildandi laga, nema hvað skyldan til að taka við nemum til æfingakennslu er ekki lengur bundin við grunnskóla. Er það eðlileg afleiðing af vikkun á starfsviði Kennaraháskólans, sbr. 1. gr., 2. tl.

IX. KAFLI

Um 39. gr.

Eins og að er vikið í athugasemd um 1. gr. hér að framan er augljós nauðsyn á nánú samstarfi milli Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Í þessari grein er gert ráð fyrir, að skipulagsgrundvöllur slíkrar samvinnu verði treystur með stofnun sérstakrar samstarfsnefndar. Koma þessi ákvæði að nokkru í stað fyrir mæla í 1. gr. gildandi laga um verkaskiptingu milli þessara tveggja skóla.

Meðan sú skipan helst, að undirbúningur kennara í tilteknum námsgreinum grunnskóla fari að nokkru fram í sérskólum, verður þörf á samstarfi þeirra skóla við Kennaraháskólann, enda gerir frumvarpið m. a. ráð fyrir, að hann láti í té kennslu í uppeldis- og kennslufræðum fyrir kennaraefni í slíkum greinum. 2. málsg. þessarar gr. lýtur að samstarfi við þessa skóla og á sér einnig hliðstæðu í 1. gr. gildandi laga.

Ákvæði 3. málsg. kemur í stað ákvæðis um skólanefnd kennaraskóla í 2. tl. 2. gr. gildandi laga.

Um 40. gr.

Ætla má, að þegar fram líða stundir verði þörf fyrir kennaramenntað fólk það mikil, að hagkvæmt reynist að kenna þau fræði víðar en í Reykjavík. Að því lýtur lokaákvæði greinarinnar, en að öðru leyti þarfnast hún ekki skýringar.

Um 41. gr.

Af ákvæðum 1. gr. um hlutverk Kennaraháskólans leiðir, að honum er ætlað að takast á hendur þau verkefni á sviði uppeldis- og kennslufræða, sem nú er sinnt við Háskóla Íslands. Í samræmi við það er í þessari gr. gert ráð fyrir, að þau ákvæði í gildandi lögum um Háskóla Íslands, sem lúta að kennslu í uppeldisfræðum verði felld úr gildi. Eðlilegt er hins vegar að ætla nokkurn tíma til að koma hinni breyttu skipan til framkvæmda, og er í frumvarpsgreininni miðað við þrjú ár í því skyni.

Í lokamálsgr. greinarinnar er gert ráð fyrir heimild til takmarkaðra frávika frá þeirri meginreglu, að uppeldis- og kennslufræðileg menntun grunnskóla- og framhaldsskólakennara sé á höndum Kennaraháskólans. Þykir æskilegt að menntamálaráðherra hafi slíka heimild meðan framtíð sérkennaraskóla þeirra sem nú starfa er ekki að fullu ráðin.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um 42. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr.

Á undanförunum árum hefur orðið að setja til kennarastarfa allmargt manna sem ekki hafa full kennsluréttindi samkvæmt gildandi lögum og geta því ekki hlotið skipun í kennarastöðu. Í umræðum um þessu mál hefur verið bent á, að æskilegasta lausnin á vanda þessara kennara sé að greiða þeim leið til að afla sér fullra réttinda með viðbótarnámi. Í skýringum við 9. gr. frumvarpsins er vikið að því, að kennslureynsla ætti að koma til álita við mat á umsóknum um námsvist í Kennaraháskólanum ásamt formlegri undirbúningsmenntun, og í 26. gr. er fjallað um möguleika á viðurkenningu prófa frá öðrum háskólum eða sérkennaraskólum sem þætti til fullnaðarprófs frá Kennaraháskólanum. Í þessari gr. er gert ráð fyrir sérstöku átaki við gildistöku nýrra laga um Kennaraháskóla Íslands á þann veg, að þeim sem þá hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 6 ár eða lengur skuli gerður kostur á að ljúka á vegum Kennaraháskólans réttindanámi, er verði sérstaklega skipulagt í því skyni. Er þá m. a. haft í huga, að um gæti orðið að ræða sumar-kennslu og bréfanám að einhverju leyti.

Áætlaðar kostnaðarbreytingar vegna nýmæla í frumvarpinu.

Nýmæli í frumvarpi þessu, ef að lögum verður, horfa til hagræðingar í rekstri að því leyti, að Kennaraháskólanum er falin kennsla, sem nú fer fram við ýmsa aðra skóla (sérkennaraskóla og Háskóla Íslands). Má vænta að fremur leiði lækkun en hækkun kostnaðar af þeim skipulagsbreytingum í heild sinni. Líku máli gegnir um prófkostnað. En auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir, að skólinn taki að sér kennslu í uppeldis- og kennslufræði fyrir ýmsa kennara á framhaldsskólastigi, sem fram að þessu hafa ekki átt hennar kost, sbr. athugasemdir í greinargerð um 1. gr., 2. tl., svo og 4. tl. hér á eftir. Breytingu þessari hlýtur að fylgja aukinn kostnaður. Loks ber að nefna auknar skyldur Ætingaskólans og jafna dreifingu þeirra á herðar allra fastráðinna kennara skólans ásamt þar af leiðandi kjarajöfnuði.

Breytt tilhögun valgreina, sbr. 15. gr., felur í sér nokkra aukningu á kennslumagni, en ekki á að vera þar um verulegan kostnaðarauka að ræða.

Hér fara á eftir skýringar á nokkrum þeim nýmælum, er áhrif hafa á rekstrar-kostnað í Kennaraháskólanum sjálfum.

1. Gert er ráð fyrir einu nýju starfi við skólann, starfi skólaritara, sbr. 5. mgr. 2. gr. Við tilkomu skólaritara fellur niður starf aðstoðarrektors, en hann hefir verið í launaf. 114 og sinnt $\frac{1}{3}$ hluta af kennsluskyldu lektors. Þarna er því um mjög óverulegan kostnaðarauka að ræða.
2. Ætla má að kostnaður vegna prófdómara lækki verulega frá því sem nú er, sbr. 25. gr. Á fjárlagatillögum skólans fyrir 1978 er sá kostnaður áætlaður 2,5 millj.
3. Kennsla í uppeldisfræði til B.A.- prófs við Kennaraháskóla Íslands, sbr. 21. gr., þarf ekki óhjákvæmilega að leiða til kostnaðarauka, enda er gert ráð fyrir að hún leysi af hólmi hliðstæða kennslu við Háskóla Íslands.
4. Erfitt er að áta sig á kostnaðarauka við framkvæmd 2. tl. 1. gr. sem lýtur að því að skólinn annist uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi. Miðað við tillögur til fjárlaga varðandi þessar greinar má ætla, að þessi kennsla muni kosta um 5—6 millj. kr., en þar á móti kemur sparnaður á kennslukostnaði í þeim skólum þar sem slík kennsla fer fram nú þegar.
5. Erfitt er að áætla kostnaðarauka vegna 4. tl. 1. gr. um endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á framhaldsskólastigi. Kostnaður vegna endurmenntunar á grunnskólastigi er nú áætlaður um 34 millj. kr. árið 1978. Auk þess er í áætlun

gert ráð fyrir 8 millj. fyrir slíka menntun á framhaldsskólastigi. Ef skrefið hefði þegar verið stigið til fulls og Kennaraháskólinn tekið algjörlega við endur- og viðbótarmenntunarhlutverki á framhaldsskólastigi, hefði upphæðin sennilega orðið 10—12 millj. kr., en þar á móti kemur sérstök fjárveiting til endurmenntunarnámskeiða fyrir menntaskólakennara, 4,8 millj. kr.

VIÐAUKI¹⁾

I.

MARKMIÐ KENNARAMENNTUNAR OG LAGAÁKVÆÐI UM ÞAU

Horft um öxl.

Í löggjöf um Kennaraskóla Íslands er fátta um bein ákvæði um markmið náms og kennslu fyrir en í lögum nr. 23/1963. Þar er þeim lýst með einni málsgrein. Í lögum um Kennaraháskóla Íslands átta árum síðar eru allýtarleg ákvæði um hlutverk skólans og markmið í fimm tölulíðum. Færri orð löggjafa fyrri tíðar um markmið kennaraskóla sanna ekki, að þeir hafi síður gert sér þeirra grein. Fjölgun ákvæða um markmið í lögum um uppeldismál benda þó til, að álitamálum hafi fjölgað jafnhliða aukinni ábyrgð skóla og endurmati á stöðu þeirra og samfélagslegu hlutverki.

Aflmeiri þjóðir en Íslendingar hafa jafnan varið miklum tíma, fé og vel búnum mannafla til að endurskoða löggjöf um menntun kennara sinna og títt er, að mikil og almenn umræða verði um hana, ekki sist markmiðin.

Löggjöfin frá 1971 var undirbúin af fáum mönnum á skömmum tíma í miklu umróti þjóðfélagslegra hugmynda, kjörorða og slagorða. Stórir geirar skólakerfisins voru í endurskoðun svo og gerð og inntak námsefnis. Þó að ætla verði kennaraskólum frumkvæði, er fráleitt að meginsteftna þeirra víki frá eða brjóti harkalega í bága við þá heimspeki, sem er forsenda almennrar skólalöggjafar. Umfangsmesti þáttur íslenskrar endurskoðunar skólamála á þessum tíma var löggjöf um skyldunám, og var frumvarp til laga um grunnskóla lagt fram á sama þingi og frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Markmið og viðfangsefni í skyldunámsskólum eru forsenda starfs í kennaraskólum fyrir það stig. Af því leiðir, að háðar nefndir hlutu að fást við ýmsar sömu spurningarnar. Vörðuðu þær hvort tveggja ævarandi viðfangsefni uppeldis og kjarna lífsviðhorfs sem og lausn á brýnum viðfangsefnum á líðandi stund. Af þessum sökum taldi laganefnd Kennaraskólans frá 1969 sig eiga skylt erindi við grunnskólanefnd, en því er á þessi efni minnt, að laganefnd Kennaraháskólans frá 1972 tók þar upp þráðinn sem fyrirrennari hennar sleit hann. Taldi nefndin það vera í anda ákvæðis 25. gr. gildandi laga um Kennaraháskólann, um að endurskoða þau eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra, að endurmeta í ljósi fenginnar reynslu þær meginspurningar, er ræddar höfðu verið á sameiginlegum fundi nefndanna, grunnskólanefndar og laganefndar frá 1969. Fer hér á eftir erindi það, er laganefnd lagði fyrir grunnskólanefnd 17. október 1969, en það varð og upphafsbáttur í umræðum laganefndar frá 1972:

„Sérhver endurskoðun á menntun kennara verður að hafa hliðsjón af hinni lögfestu menntamálastefnu og sennilegum breytingum á henni á hverjum tíma.

Þar sem hvor tveggja löggjöfin, fræðslulögin og lögin um Kennaraskóla Íslands, er nú í endurskoðun, leyfi ég mér, fyrir hönd laganefndar Kennaraskólans, að beina nokkrum spurningum til fræðslulaganefndar um ýmis atriði, er varða eink-

1) Viðaukar I og II („Markmið kennaramenntunar og lagaákvæði um þau“ og „Nokkur atriði úr löggjafarsögu Kennaraskólans“), sem fylgdu álitgerð laganefndarinnar, eru prentaðir hér óbreyttir frá fyrri gerð frv.

um skyldunámið — markmið og starfshætti á því skólastigi — en atriði þessi öll skipta máli í menntun kennara. Eru spurningar til þess ætlaðar að flýta fyrir því, að laganefnd Kennaraskólans berist vitneskja um ýmsar gildar forsendur fyrir nýrri lagasetningu um kennaramenntunina.

Skörun er nokkur á spurningum:

I. Markmið skóla.

1. Hvernig mun meginmarkmið skóla á skyldunámsstigi verða skilgreint í hinni endurskoðuðu fræðslulöggjöf?
2. Hvaða kröfur mun nefndin setja fram um uppeldi í skyldunámsskólanum:
 - a) samfélagslegt og siðferðilegt?
 - b) vitsmunalegt?
 - c) listrænt?
 - d) líkamlegt?
3. Hverjir skulu þeir kostir vera, er skólinn býður:
 - a) Jafn réttur öllum nemendum til handa með jöfnum tækifærum í hlutfalli við getu hvers og eins?
 - b) Viðurgerningur sniðinn eftir meðalþörfum nemendahópsins?
 - c) Forgangsréttur úrvalsins?
4. Ef nefndin notar orðalagið „harmonískur persónuleiki“ eða staðgengil þess, hver er skilgreining hugtaksins? Sama á við hugtakið **alhliða þroski**.

II. Skólaskylda, viðfangsefni og vinnubrögð í skólanum.

1. Hver skal skólaskylda vera?
 - a) Hvenær skal hún hefjast?
 - b) Hvenær skal henni ljúka?
2. Hvert er fyrirhugað hlutfall nemenda og kennara?
3. Hversu lengi skal skólinn vera samfelldur?
4. Hvers konar vinnubrögð skulu vera í skólanum og hvers konar vinnustaður skal hann vera? (Stundaskráin, heildarskipulagning starfsdagsins, sjálfstæð vinnubrögð, flokkavinna, samvinna kennara, heimavinna nemenda, vettvangsfræðsla, o. s. frv.)
5. Að hve miklu leyti skal skyldunámið sinna almennri og að hve miklu leyti hagnýtri fræðslu til beins undirbúnings undir atvinnulífið?
6. Hvert er fyrirhugað hlutfall bekkjarkennslu og fagkennslu?
 - a) Hvar skal fagkennsla hefjast?
 - b) Hvar skal bekkjarkennslu lokið?
7. Hverjar verða námsgreinar og hvernig verður þeim skipað í heildir og á aldursflokka? (Námsskrá)
8. Hvert má ætla að verði hlutfallslegt gildi grunnmenntunar og endurmenntunar?

III. Afbrigðileg kennsla.

1. Hver skulu vera meginsjónarmið um kennslu afbrigðilegra barna? (Blandaðir bekkir, lesbekkir og aðrir hjálparbekkir, sérbekkir, einstaklingshjálp?) Hver sérfræðileg aðstoð er fyrirhuguð í skólunum?
2. Hvert mat mun nefndin leggja á skólasamfélagið með hliðsjón af geðheilsu nemenda?
3. Að hve miklu leyti kann að verða unnt að taka íslenskar félagsfræðilegar rannsóknir og reynslu íslenskra félagsstofnana til greina við endurskoðunina?

IV. Önnur atriði.

1. Hvaða lágmarkskröfur telur nefndin eðlilegt að gera til menntunar
 - a) kennara á skyldunámsstigi?
 - b) skólustjóra og annarra starfsmanna skólanna?
2. Hverjar verða á öðrum sviðum en hér hafa verið talin helstar nýjar kröfur, er endurskoðun á fræðslulögunum mun gera til kennaramenntunar?“

Þess var áður getið, að spurningar þessar snerta beint sem óbeint gerð skóla, námsefni og vinnubrögð með hliðsjón af meginviðhorfum til einstaklings og samfélags og varða efni, er báðar nefndir hlutu að ræða rækilega.

Um þær mundir er spurningarnar voru ræddar við grunnskólanefnd, var rík áhersla lögð á norræna (og evrópska) samvinnu á sviði menntamála, jafnvel samræmingu námsefnis og prófa. Af þeim sökum var eðlilegt, að störf laganefnar Kennaraskólans frá 1969, og er hún úr sögunni, en að framan var á það minnt, að hún aflaði gagna og kannaði rækilega menntun kennara í löndum, er helst þóttu til eftirbreytni og gerði grein fyrir því. Var því rökrétt, að nefndin frá 1972 einbeitti sér í fyrstu atlögu að því að afla gagna og ræða um þróun og meginstefnur í menntamálum kennara frá því að lokið var undirbúningi löggjafarinnar um Kennaraháskólann frá 1971.

Ekki verður rakin hér þorri þeirra atriða, er í umræðu bar í nefndinni, en kjarni þeirra flestra mun rúmast í tólf eftirfarandi liðum. Framsetning þeirra er tilraun til að ákvarða í stuttu máli hlutverk kennara, skilyrði þess að hann megi rækja það, mat á manngildi, mannlegum eigindum og vægi námsgreina í ljósi þeirra, samstöðu kennarastéttar og tók kennara á því að skipta um reit innan starfsgreinar sinnar.

Nokkrar meginforsendur laganefnar.

Við ákvarðanir sínar hefur laganefnin haft sérstaka hliðsjón af eftirfarandi meginatriðum:

1. Í starfi sínu skal kennari vera fær um að taka ábyrga afstöðu gagnvart sér-hverju uppeldislegu viðfangsefni.
2. Forsendur slíkrar ábyrgðar eru:
 - a) almennir verðleikar kennarans
 - b) starfsmenntun hans
 - c) þjóðfélagsleg staða hans og virk samfélagsleg tengsl.
3. Ágæti kennara markast öðru fremur af öryggi hans að meta og hagnýta uppeldislega kosti hverju sinni, hvort heldur varðar einstakling eða hóp, námsefni og gerð þess eða uppeldislegar aðgerðir.
4. Hvert aldurs skeið manneskjunnar er markmið í sjálfu sér og algert í gildi sínu.
5. Því yngri sem nemandi er, því afdrifarikara og langærra hlýtur allt uppeldisstarf að verða. Af þeim sökum er því meira komið undir öryggi kennara sem nemandi er yngri.
6. Ábyrgð í starfi og þjóðfélagsstaða skyldu fylgjast að.
7. Lögboðnar námsgreinar skulu njóta jafnréttis. Það á og við meginþætti „alhliða þroska“, hvort heldur er vitrænn, geðrænn, félagslegur eða líkamlegur.
8. Í skyldunámsskóla ætla ríkisvaldið öllum nemendum jafnan rétt: að öðlast þann þroska sem auðna leyfir. Af þessum sökum eru skyldur allra kennara á þessu stigi jafnar.
9. Af framanskráðu leiðir, að menntun kennara á skyldunámsstigi skuli vera jafngild oð jafnt metin, óháð grein og aldursstigi.
10. Kennarastéttin skal vera samstæð og tengd böndum einingar sökum sameiginlegra viðfangsefna, jafngildirar menntunar, stöðu, kjara og kosta á frama í námi og starfi.

11. Námskjarna og sérhæfingu skal þann veg hagað, að kennari geti verið hvort er vill bekkjarkennari eða greinarkennari hvar sem er á landinu.
12. Kennari skal eiga kost á að auka við stofnnám sitt og flytjast eftir greinum eða aldurstigi, nema hvort tveggja sé, og leggja stund á framhaldsmenntun sem starfsskipting skóla krefst.

Fyrsti liður varðar starfshæfni kennara. Meginþættir í ábyrgri afstöðu hans eru starfssiðgæði, fullnægjandi þekking, skilningur og leikni. Slíkar kröfur er hverju samfélagi skylt að gera til þeirra manna, sem það löghelgar til að vera forsjá og hirðar barna sinna drjúgan hluta vaxtarskeiðs þeirra. Ekki er sá skilningur kennara minnst verður, sem greinir eigin takmarkanir og réttar áttir við að leita samráðs og aðstoðar.

Annar liður lýtur að þeirri staðreynd að hvarvetna í þjóðlífi er keppt um hæfasta mannaflann. Er þjóðarskylda og nauðsyn, að stétt kennara sé vel mönnuð. Af fyrsta lið leiðir, að gera verður strangar kröfur um starfsmenntun, en þó kemur hún fyrir ekki, ef verðleikar kennara til vits, geðs og gerðar rísa ekki undir menntuninni.

Því fer fjarri að störf kennara og árangur þeirra séu yfirleitt skoðuð og metin í heildarsamhengi við þjóðfélagslega stöðu þeirra og virk samfélagsleg tengsl. Á þennan þátt er víða um lönd lögð æ ríkari áhersla í löggjöf, reglugerðum og námskrám um menntun kennara, svo og í vinnubrögðum skóla og skiptum þeirra við hverfi sín. Til þess tekur annar liður einnig.

Þriðji liður er sjálfskýrður. Fjórdi liður viðurkennir mannhelgi óháð aldurstigi og þroska.

Fimmti liður staðfestir mikilvægi byrjendakennslu fyrir allan námsferil ungmennis og herðir enn á því sem staðhæft er í fyrsta og öðrum lið.

Sjötti liður minnir á, að taka verður afleiðingum af því að árangur af starfi kennara er mjög háður þjóðfélagslegri stöðu þeirra og tengslum við umhverfi sitt.

Frá og með sjöunda lið til tíunda liðar er lögð áhersla á fjögur meginviðmánsþætti þroska og jafnrétti þeirra og í þeim tengslum einnig jafnrétti námsgreina skyldunáms. Það hefur leitt af misjöfnu, oft tisku- og tímabundnu mati á mannlegum þroskasviðum og forgangsstöðu þeirra, að skólar hafa gert hlut lögboðinna námsgreina mjög misjafnan í öllum viðurgeringum. Þó að laganeftir ætli þeim jafnrétti, gengur hún þess ekki dulinn, að tísku mun jafnan ráða miklu um mat á öllum gildum, og því er hverri menntastofnun þörf á sífelldri endurskoðun og prófun á markmiðum sínum. Mun þörfin brýn um sinn að auka geðrækt, félagsrækt og líkamsrækt, en ofgera þó í engu.

Störf manna sem nám þeirra hafa löngum verið metin eftir því, hvort þau reyndu frekar á vitþroska þeirra en verkþroska. Sjöundi liður áréttar, að uppeldisgildi náms og kennslu ræðst fremur af aðferð og vinnubrögðum en námsgrein.

Jafnrétti þroskasviða og námsgreina hlutar kennurum jafnan rétt og skyldur óháð nemandi, aldurstigi, þroska eða námsgrein. Af því leiðir einnig, að líta ber á kennara sem samstæðan hóp um sameiginleg viðfangsefni, og draga af því rök réttar ályktanir um menntun, stöðu og kjör.

Í tíunda lið er höfð sérstök hliðsjón af fámenni margra héraða á landinu, svo sem gert hefur verið í íslenskri lagasetningu um kennaramenntun frá upphafi og stefnt að því að mennta kennara á þá lund, að hann sé svo jafnvígur á námsgreinum, að hann annað bekkjarkennslu að verulegu leyti á fyrri stigum skyldunáms, en sé fær um að kenna eina til tvær greinar í grunnskóla öllum.

Auk þeirra raka, er leiðir af byggðaskipan, eru gild uppeldisfræðileg rök fyrir þessari lausn, og er þessi stefna nú ríkjandi um Norðurlönd öll.

Af þessu leiðir ekki að bekkjarkennari skuli einoka bekk sinn, heldur er gert ráð fyrir samvinnu kennara og framlagi hvers og eins eftir verðleikum hans.

Loks er í tólfta lið bent á nauðsyn þess að kennarar eigi kost á að bæta menntun sína, ef þeir æskja að breyta til og kjósa sér nýjan vettvang í uppeldisstarfi, sem oft er brýn ástæða til að gera, svo og að afla sér eftir þörfum framhaldsmenntunar á verkswiði sínu.

Svipast um í samféð. Litið fram á við.

Í frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands 1971 og frumvarpi til laga um grunnskóla sama ár var gerð rækileg grein fyrir menntun kennara austan hafs og vestan, en löggjöf um hana hafði verið í endurskoðun í mörgum löndum á 7. áratug aldar. Almennu auðkenni þróunar var að herða á kröfum um undirbúningsmenntun kennaraefna, og varð tíðust regla að krefjast stúdentsprófs eða ígildis þess til inntöku í kennaraskóla, svo og að lengja kennaranámið og breyta kennaraskólum í kennaraháskóla, tengja þá háskólum eða flytja námið í háskóla. Er vísað til greinargerða með fyrrnefndum lagafrumvörpum um almenna skipan kennaranáms eftir löndum fram að þeim tíma.

Frá því að frumvarp til laga um Kennaraháskólann kom fram hefur endurskoðun haldið áfram og menntun kennara verið grandskoðuð í flestum löndum Evrópu, einkum lengd og lokastig kennarnáms, markmið og megininntak, gerð þess og gæði. Jafnframt hafa verið bornar fram rökstuddar óskir um breytingar á menntun kennara.

Þegar Menningarmálanefnd Evrópuráðs bauð til ráðstefnu um rannsóknir og endurbætur á menntun kennara í ríkjum Evrópu í Bristol í apríl 1973 var samhlíða boðsbréfi gerð grein fyrir þeim athugunum, sem hér hefur verið lauslega að vikið, svo og helstu niðurstöðum (sbr. Symposium on Research and Reform in Teacher Education, Bristol 8.—13. IV. 1973. Background Material, II, Reform. Excerpts from official reports. Documentation Centre for Education in Europe, bls. 1).

Þó að hefð, skólakerfi og viðhorf séu með ýmsum hætti í ríkjum álfunnar, var eftirfarandi meginatriðið getið öðrum oftari í skýrslum frá einstökum þjóðum og talið, að við þau skuli leggja sérstaka og aukna alúð:

Símenntun kennara, eining kennarastéttar, nám á háskólastigi öllum kennurum til handa, uppeldisleg rannsóknastörf, verkstöðvar kennara, vönduð innsetning nýliða í kennarastarf og loks að í hendur haldist rannsóknir á nýjum kennsluháttum og raunverulegar og væntanlegar breytingar á hlutverki skóla.

Auk þess sem hér er talið fer nú mjög vaxandi skilningur á því að uppeldi gerist víðar en í skólastofum. Kom það ljóst fram á ráðstefnunni. Á það jafnt við nemendur og kennara. Af líkum toga spunninn er aukinn skilningur og áhugi á nánari tengslum og samvinnu skóla og skólahverfis.

Vert er að vekja athygli á því, að krafa um símenntun kennara felur í sér viðurkenningu á því, að ekki beri að vænta, að kennaraskólar geti látið nemendum í té eða eflt og þjálfað með þeim „nema hluta þeirrar þekkingar, skilnings og leikni, sem kennari þarf á að halda í sarfi sínu. Dýpkun þekkingar, hvort heldur er í kennslugrein eða uppeldisfræði verður að vinnast í starfi og endurmenntun“, sbr. NOU 1974:58, bls. 12, og er eðlilegt, að stofnnám kennara sé við það miðað.

Sú þróun kennaramenntunar, sem lýst var og um rætt á Bristolráðstefnunni hefur gengið fram með vaxandi þunga og hraða. Er því skilmerkilega lýst í yfirlitsriti um helstu sjónarmið samféðar, er kennaramenntun varða, er lagt var fyrir 33. fund Háskóla- og vísindanefndar Evrópuráðs í Linköping 12.—14. maí 1976. (Current Trends in Teacher Education. A survey by Rhys Gwyn.)

Háskóla- og vísindanefndin hafði mælt með því við menningarmálaráð Evrópuráðsins, að fram færi frekari könnun á þróun kennaramenntunar í framhaldi af þeim athugunum, sem lagðar voru fram og ræddar á Bristolfundinum. Svo var gert, og er sú könnun undirstaða yfirlitsrits Gwyns. Laganefndin kynnti sér meginatriði skýrslu þessarar og staðfesti hún það, sem raunar er að vonum, að meginvandamál er kennaramenntun varða, eru áþekk í löndum álfunnar, svo og markmið og leiðir. Í inngangi að riti sínu segir höfundur: „Tvenns konar sannfæring er forsenda alls þess, er hér verður sagt. Sú fyrst, að menntun kennara hafi úrslitagildi í uppeldislegum aðgerðum hvernar þjóðar — að ekki velti meira á menntun og þjálfun nokkurs einstaklings né eigi hún æðri forgangsrétt en undirbúningur kennara yngri barna í framtíð.

Sú er önnur sannfæring, að þar sé nú komið sögu á löngum þróunarferli kennaramenntunar, að margs konar straumar og samfélagsleg öfl hafi ótvírætt mótað aðstæður á þá lund, að þeim verði ekki valin vægari einkunn en bráð kreppa.“ (Ívitnað rit, bls. 2, 11. 5).

Fyrri staðhæfingin er í fullu samræmi við þær meginniðurstöður laganeftar, sem grein hefur verið gerð fyrir hér að framan, en síðari staðhæfingin lýtur einkum að þörfinni á því að endurmeta hlutverk kennara og endurskoða menntun þeirra í ljósi þess, hraðari framvindu þeirra mála, röngum áætlunum um fæðingartölur og öðrum mannfjöldaáætlunum, sem höfðu óheppileg örvandi áhrif á aðsókn að kennaranámi og viðbúnaði til að sinna því og síðast en ekki síst efnahagsörðugleikum ýmissa ríkja.

Ekki er líklegt, að sá vandi sem hér er lýst, hafi verið sárari í öðru landi álfunnar en Íslandi á s.l. áratug, en með lögum um Kennaraháskóla Íslands var stigið úrslitaskref til að ráða bót á honum að því er varðaði endurmat á hlutverki kennara og menntun þeirra og eðlilegan fjölda þeirra í námi. Sú stefna, sem þá var fylgt, er staðfest af framvindu í öðrum löndum, einkum um norðanverða álfuna.

Í skýrslu sinni leggur Gwyn áherslu á ferns konar ávinning, sem af því leiðir að rækja kennaramenntun á háskólastigi:

1. Tök á að afla starfsliðs, sem gætt er úrvals hæfileikum.
2. Tök á að fá til nemendur, sem búnir eru áþekktum hæfileikum.
3. Góður búnaður menntastofnunar.
4. Markverðum hluta starfs er varið til rannsókna.

(Ívitnað rit, bls. 4, 3.1.1.)

Þá bendir Gwyn á, að ekki muni ætíð vera farsælt að fela háskólum þeim, sem fyrir eru í landi, menntun kennara, þar eð íhaldssemi margra þeirra og ókunnuhleiki af daglegu skólastarfi kynni að hindra nauðsynlega þróun. (Ívitnað rit bls. 7, 3. 11.)

Á Norðurlöndum gætir mjög aukinnar áherslu á samfélagslegt hlutverk kennara að þróun og endurnýjun í uppeldisstörfum og viðleitni að brúa bilið milli kennara á ýmsum skólastigum, jafnvel að afmá skilin milli þeirra.

Norðmenn skipuðu nefnd síðari hluta árs 1972 til að semja frumvarp að námskrá og reglugerð fyrir kennaraháskóla (pedagogiske högskoler). Skilaði hún álit 25. október 1974, *Lærarutdanning NOU 1974:58*.

Nefndin gerir rækilega grein fyrir hlutverki kennaraháskóla og lýsir í níu meginatriðum til hvers kennaraefni skal vera fúst og fært, er það lýkur námi.

Kennari skal vera fær um að 1) eiga virka aðild að því að ná markmiðum á því stigi eða sviði sem hann hyggst starfa á, 2) skilja félagslegt hlutverk kennslu og skóla, 3) taka verkefnum sínum sem hluta af heildarstarfi skóla síns og skilja sameiginlega þætti allrar kennslu, 4) fylgjast með þróun í skólum, námsgreinum, náms- og starfssviðum, sem kennarar eru skuldbundnir, svo að þeir geti samið starf sitt að breytingum á skóla og breyttum högum ungmenna, 5) eiga frumkvæði og taka þátt í uppeldis- og kennslufræðilegum rannsóknum og endurnýjun, 6) skipuleggja, leysa af hendi, meta og rökstyðja uppeldis- og kennslufræðileg viðfangsefni, 7) skilja aðstæður, viðbrögð og atferli ungmenna, búa þeim öryggi og efla þrifnað þeirra, 8) rækta með sjálfum sér frjálsa rýnandi afstöðu og jákvætt starfsskiðgæði gagnvart viðfangsefnum og vandamálum framtíðar í starfi, 9) taka virkan þátt í félags- og menningarlífi og efla samvinnu, samkennd og félagslegt jafnrétti. (NOU 1974:58, bls. 12.)

Finnar hafa einnig nýverið lýst markmiðum kennaranáms fyrir grunnskóla og menntaskóla. Skipuðu þeir nefnd 5.9. 1973 og skilaði hún rækilegu álit á s.l. ári, *Betänkande av 1973 års lärarutbildningskommission 1975:75*. Auk þess að fjalla um markmið kennaramenntunar skyldi nefndin semja frumvörp að námsskrám og prófreglugerð fyrir kennara við grunnskóla og menntaskóla. — Fleiri verkefni voru nefndinni falin, sem varða kennaramenntun.

Í 5. kapitula nefndarálits þessa er grein gerð fyrir almennum markmiðum kennaramenntunar, hlutverki kennara um þessar mundir og þeim líklegum breytingum, er á því kunna að verða eftirleiðis. Er þess vænst, að framvegis muni kennarar starfa saman í gengjum meir en verið hefur, kenna breytilegum námshópum, skipuleggja, örva til frumkvæðis og sinna námsráðgjöf og annarri handleiðslu, en verða leystir undan daglegri hjakkvinnu.

Stöðu og horfum kennaramenntunar á Norðurlöndum er lýst í stuttu og skýru máli í skýrslu Norrænu menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn um ráðstefnu um kennaramenntun í Lysebu 26.—28. nóvember 1975. Jostein Osnes gerir þar grein fyrir hvoru tveggja skipan þeirra mála um sinn og brýnustu viðfangsefnum (sbr. Lärarutbildningen i framtiden. Preliminär dokumentation av lärarutbildningskonferens på Lysebu 26.—28. november 1975. Sekretariatet for nordisk kulturelt samarbejde 1976).

II.

NOKKUR ATRIÐI ÚR LÖGGJAFARSÖGU KENNAASKÓLANS

Upphaf íslensks kennaraskóla.

Hér fer á eftir örstutt frásögn af lagasetningu um Kennaraskóla Íslands. Er einkum farið eftir ritinu Kennaraskóli Íslands 1908—1958. Freysteinn Gunnarsson tók saman. Er ritið auðkennt F. G., þegar í það er vitnað. Auk þess er stuðst við handrit Þórðar Eyjólfssonar, Fræðslulöggjöf. (Yfirlit til ársloka 1972). Handritið er í eigu skólans.

Íslendingar urðu langsiðastir Norðurlandþjóða til að koma á fót sérstakri menntun kennara og setja löggjöf um hana. Telja má, að saga lagasetningar um fræðslu íslenskra kennara hefjist með frumvarpi til laga um menntun alþýðu, er þeir feðgar Þórarinn prófastur Böðvarsson og Jón sonur hans báru fram á Alþingi 1887. Fjallar 10. kapituli frumvarps þeirra um stofnun kennaraskóla. Er þar gert ráð fyrir tveimur kennaraskólum á landinu. Skyldi annar þeirra vera á Möðruvöllum í Hörgárdal, hinn í Hafnarfirði. „Námstími í skólum þessum er 3 ár fyrir þá, sem gjörast vilja kennendur við hreppaskóla eða umgangskennarar, en 4 ár fyrir þá, sem vilja verða kennarar við héraðsskóla.“ (F. G. bls. 13).

Flutningsmenn frumvarps gerðu ráð fyrir því, að kennaraskólar þessir hæfu störf sín 1. október 1888. Ekki gekk frumvarp þetta fram.

Vorið 1892 hófust námskeið fyrir kennara í Flensborgarskóla í samræmi við reglugerð 1. febrúar 1892 fyrir kennarakennslu við alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensborg.

„Aðalatriði þessarar fyrstu reglugerðar um kennaranám eru þessi: Námskeiðin skyldu standa einn og hálfan mánuð ár hvert, frá 1. apríl til 14. maí. Auk þess skyldi tilsögn veitt í uppeldisfræði frá 1. október til 31. mars þeim nemendum úr efri deild gagnfræðaskólans, sem óska þess.

Inntökuskilyrði voru gagnfræðapróf eða burtfararpróf úr kvennaskóla eða búnaðarskóla eða inntökupróf er sýndi, að nemandi hefði aflað sér nauðsynlegrar undirbúningsmenntunar. Auk þess mátti taka þá próflaust, sem verið höfðu kennarar við barnaskóla eða haft á hendi sveitakennslu. Kennslugreinar voru: Uppeldisfræði, uppeldisiðnaður (slöjd), teiknun og auk þess verklegar kennsluæfingar í kristindómi, náttúrufræði, landafræði, reikningi, íslensku og skrift.

Ljúka skyldi kennaraprófi að námskeiði loknu.“ (F. G. bls. 14).

Ekki þótti þessi lausn fullnægjandi og sumarið 1895 skrifuðu Jón Þórarinsson og Jóhannes Sigfússon kennarar við Flensborgarskóla stiftsyfirvöldum „langt og ýtarlegt erindi um kennaraskólamálið og tillögur sínar í því efni. Eftir að hafa gert grein fyrir nauðsyn kennaraskóla, báru þeir fram þrjár tillögur. Aðaltillagan var sú, að stofnaður „sé sérstæður þriggja ára kennaraskóli. Varatillögur voru:

- a) Að kennaraskólinn sé sameinaður gagnfræðaskóla.
- b) Að stofnaður sé tveggja ára sérstæður kennaraskóli.“

Árangur þessa erindis varð sá, að árið eftir, 1896, tók til starfa kennaradeild í Flensborg, sem starfaði síðan fram til 1908. Var það eins árs deild, eins konar 3. bekkur gagnfræðaskólans. Stóð kennsla í henni hálfum öðrum mánuði lengur en gagnfræðaskólinn, eða frá 1. október til 14. maí.“ (F. G. bls. 14 og áfr.).

Árið 1895 skipaði Alþingi nefnd til þess að gera tillögur um sveitakennslu og barnaskóla, svo og undirbúningsmenntun barnakennara. Bar nefndin fram frumvarp um stofnun kennaraskóla í Flensborg. Það var fellt með litlum atkvæðamun. Árið 1897 kom frumvarp þetta lítið breytt aftur fram á þingi, flutt af menntamálanefnd. Það komst í gegnum neðri deild, var fellt við 3. umræðu í efri deild. Árið 1899 kom það enn fyrir Alþingi og var fellt með litlum mun atkvæða. Í umræðum kom þá fram, að hentugra væri að flestu leyti að hafa kennaraskólann í Reykjavík, og óx þeirri skoðun fylgi á næstu árum.

Árið 1903 bar menntamálanefnd neðri deildar fram frumvarp um kennaraskóla í Reykjavík. Var að mestu farið eftir tillögum Guðmundar Finnbogasonar, er hann birti í bók sinni Lýðmenntun þá um vorið. Skólinn skyldi vera þriggja ára skóli, námstími frá 1. október til 14. maí. Þrefað var um staðarvalið og frumvarpið dagaði uppi. Tveimur árum síðar kom það aftur fyrir þingið, og þá sem stjórnarfrumvarp lítið breytt. Deilt var um skólastað. Efri deild vildi hafa skólann í Hafnarfirði, en neðri deild í Reykjavík. Frumvarpið féll við atkvæðagreiðslu í sameinuðu þingi, og voru 25 atkvæði með, en 13 á móti, en í sameinuðu þingi þurfti $\frac{2}{3}$ atkvæða til samþykktar.

„Árið 1907 var kennaraskólamálið loks borið fram til sigurs á Alþingi. Stjórnin lagði aftur fram frumvarpið frá 1905. Umræður urðu miklar. Framsögumaður nefndar í neðri deild var Stefán Stefánsson. Taldi hann þrefið um skólastaðinn nú vera úr sögunni. Svo var þó ekki í raun og veru. Eftir að hafa gengið í gegnum allar umræður í báðum deildum var frumvarpið loks samþykkt við eina umræðu í sameinuðu þingi með 28 atkvæðum gegn 7, og þar með afgreitt til ráðherra sem lög frá Alþingi. Þetta gerðist laugardaginn 14. september 1907.“ (F. G. bls. 19).

Svo sem fyrir var að vikið urðu Íslendingar síðastir Norðurlandþjóða til að stofna kennaraskóla. Finnar fóru næstir á undan þeim, og munaði 44 árum.

Þrjár ársdeildir skyldu vera í skólanum og skólaárið frá 1. október til 31. mars.

Hægfara þróun.

Með lögum nr. 9/1909 var sú breyting gerð, að námstími skyldi vera frá fyrsta vetrardegi til síðasta vetrardags. Er sú breyting hliðstæð þeim er síðar voru gerðar allt til ársins 1947, en þær voru einkum fólgnar í því að lengja námstíma.

„Árið 1922 lagði stjórnin fyrir Alþingi frumvarp til laga um kennaraskóla, sem Menntamálanefnd (Guðm. Finnbogason og Sig. P. Sívertsen) hafði samið. Skyldi námstími lengdur í 4 ár og fullkominn æfingaskóli stofnaður. Ekki þótti fært að samþykkja frumvarpið vegna kostnaðar og var það afgreitt með rökstuddri dag-skrá.“ (F. G. bls. 19).

Með lögum nr. 10/1924 er námstími lengdur í 7 mánuði á ári og skyldi vera frá 1. október til aprílloka. Þá var ensku bætt á námsskrá skólans.

Með lögum nr. 50/1943 er námstími lengdur í 4 ár og inntökuskilyrði þyngd. Skyldu nú vera tveggja ára gagnfræðanám eða ígildi þess.

Lög nr. 16/1947 um menntun kennara marka tímamót í sögu íslenskrar laga-setningar um menntun kennara. Lög þessi eru í sjö köflum og fjalla um Kennaraskóla Íslands, kennslustofnun í uppeldisvisindum við Háskóla Íslands, æfinga- og tilraunaskóla, Íþróttakennaraskóla Íslands, Handiðakennaraskóla Íslands, húsmæðra-kennaraskóla og loks réttindi kennara.

Lög þessi birta nýjan skilning á hlutverki kennaraskólans og var það rökrétt afleiðing af endurmati á skyldum viðfangsefnum kennara, þar sem félagslegum þáttum, sérhæfingu og rannsóknastarfi er ætlaður mikill hlutur, svo og beinum og óbeinum tengslum skólans við starfandi kennara með útgáfu leiðbeiningarríta,

samningu verkefna o. fl. Skólaárið var lengt í 8 mánuði, inntökuskilyrði hert, ýms- um almennum greinum kennaranáms ætlað stúdentsprófgildi, og kennurum heim- ilt nám í kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands. Verður síðar vikið að þessum atriðum tveimur.

Um löggjöf þessa segir Freysteinn Gunnarsson: „Lögin um menntun kennara höfðu margt til sins ágætis, en sá var galli á gjöf Njarðar, að þau hafa í ýmsum veiga- miklum atriðum ekki komið til framkvæmda.“ Það átti m. a. við kaflann um æfinga- og tilraunaskóla og kosti kennara á því að stunda nám í Háskóla Íslands.

Stúdentaskóli.

Með lögum nr. 23/1963 um Kennaraskóla Íslands urðu meiri þáttaskil í sögu skólans en sögu kennaramenntunar á Íslandi. Að vísu komu þar fram ýmis merk nýmæli svo sem stofnun undirbúningsdeildar sérnáms, en með henni var kennurum í list- og verkgreinum séð fyrir menntun í bóklegum greinum til kennararéttinda og staðfest ákvörðun löggjafans að ætla öllum greinum skyldunáms jafnan rétt og kennurum með fullum réttindum jafna stöðu og kosti á frama í starfi. Önnur ný deild var stofnuð með löggjöf þessari, menntadeild, er fékk það hlutverk að búa kennara undir stúdentspróf. Þriðja nýja deildin, framhaldsdeild, skyldi veita kennurum framhaldsmenntun, og markaði ákvæðið um hana skýrast þá stefnu, að aukið skyldi við starfsmenntun kennara. Deild þessi varð, svo sem henni var ætl- að í upphafi, vísir þess er koma skyldi. Ýmsar fleiri breytingar voru gerðar með löggjöf þessari, er vörðuðu starfshætti skólans. Námstími stúdenta var ekki bundinn í lögnum, en laganevnd hafði gert ráð fyrir, að kennaranám þeirra yrði lögfest sem tveggja ára nám.

Allmikill ágreiningur var í laganevnd um hlutverk og stöðu skólans og á hvaða forsendum kennurum skyldi veittur kostur á háskólanámi, en samtök kennara höfðu um langt skeið beitt sér mjög fyrir að svo mætti verða. Með lögum um menntun kennara 1947 skyldi þeim greidd leið til náms í kennslustofnun í uppeldis- vísindum við Háskóla Íslands. Í reynd tókst þeim þó aldrei að fá viðurkennd réttindi til náms í Háskóla Íslands samkv. þessum lögum, enda var ákvæðið um kennslu- stofnunina aldrei framkvæmt.

Með ráðuneytisbréfi B 144/1946 um stúdentspróf í áföngum var kennurum gerður kostur á að ljúka stúdentsprófi í áföngum, enda hefðu þeir lokið kennara- prófi með fyrstu einkunn.

Þegar líða tók á sjötta áratug aldar hneigðust margir að því, að sú væri lík- legasta leiðin til að efla veg Kennaraskólans og menntunarlegan hag kennara, að skólinn „fengi rétt til að útskrifa stúdenta.“ Ýmsir af kennurum skólans lýstu skoðun sinni á þessum efnum um þetta leyti (F. G. bls. 170 og áfram). Þeir voru að vísu flestir úggandi um, að þá yrði sinnt síður en skyldi „höfuðhlutverki kenn- araskólans að sjá skyldunámsstiginu fyrir hæfum kennurum“, en töldu þó æskilegt að hann öðlaðist áðurgreind réttindi. Ágúst Sigurðsson benti á leið til þess að sneiða hjá hættulegum afleiðingum þess að setja skólanum tvenns konar markmið, en auka jafnframt og bæta kennaramenntunina:

„Til þess að skólinn geti bæði veitt kennaramenntun og undirbúning undir stúdentspróf, tel ég að bæta þurfi 5. bekk við skólann, og væri heppilegast að hann starfaði í tveim deildum, byggi önnur deildin undir stúdentspróf, en hin deildin veitti sérmenntun fyrir smábarnakennslu eða kennslu í einstökum námsgreinum.“ (F. G., bls. 172).

Sú varð raunin, að við endurskoðunina var höfuðkapp lagt á þá meginbreyt- ingu að gera Kennaraskólann að stúdentaskóla, þar sem menn gátu haldið áfram námi að loknu kennaranámi og þreytt stúdentspróf.

Ágreiningur var þó sem fyrr segir í nefnd þeirri er undirbjó löggjöfina 1963, einkum um það hlutverk kennaraskóla að taka að sér viðfangsefni menntaskóla í stað þess að efla starfsmenntun kennara að magni og gæðum. Lagði minnihluti

fram drög að frumvarpi innan nefndar þar sem áhersla var lögð á það atriði, að framhaldsmenntun sú er skólinn léti í té skyldi varða kennaralegar menntir einar auk þess að veita réttindi til náms í háskólum. Til þess skyldi stofna sérstaka deild við skólann „er veitir réttindi til að kenna í gagnfræðaskólum og stunda nám í háskólum. Þessari deild er og sérstaklega ætlað að annast viðhaldsmenntun kennara.“ (2. gr. 3. tl. í frumvarpsdrögum minnihluta nefndar). Þar sem samstaða fékkst ekki í nefndinni um að binda viðfangsefni kennaraskólans við kennaranám eitt, en fá það viðurkennt til inntöku í háskóla, dró minnihluti frumvarpsdrög sín til baka.

Samstaða varð þó í nefndinni um svofellt ákvæði, þar sem megináhersla er lögð á það hlutverk skólans að mennta kennara, en ekki stúdenta, 2. gr., 3. tl. frumvarps nefndar:

„3. Framhaldsdeild, eins árs nám fyrir þá, sem lokið hafa kennaraprófi í almennu kennaradeildinni. Hlutverk þessarar deildar er að veita nemendum kost á framhaldsmenntun með nokkru kjörfrelsi. Skulu þeir stunda nám í eigi færri greinum en þremur, og sé ein þeirra aðalgrein. Þessu námi lýkur með prófi og veitir það réttindi til náms í B.A.- deild Háskólans. Heimilt er að lengja námstíma í þeim greinum í tvö ár.

Heimilt er kennurum að stunda framhaldsnám í þessari deild í einstökum greinum eftir frjálsum vali, eftir því sem ástæður leyfa.

Ennfremur er það hlutverk framhaldsdeildar að búa þá nemendur, sem lokið hafa prófi úr almennu kennaradeildinni og þess óska, undir stúdentspróf og útskrifa þá. Kennarapróf í uppeldisfræði og kennslufræði skal gilda til stúdentsprófs, og má þá sleppa öðru sem því svarar, í máladeild skólans.“

Ekki var ágreiningur um það innan nefndar, að námstími í almennu kennaradeildinni skyldi vera fjögur ár, en tvö ár í kennaradeild stúdenta.

Um námsskipunina var rætt allmikið og lagði minnihluti til að námið í Kennaraskólanum skyldi fylgja þremur línur:

1. a) tungumála- og félagsfræðilínu,
b) náttúrufræðilínu,
c) handavinnu- og listalínu.
2. Á fyrsta vetri skyldu allir nemendur hinnar almennu kennaradeildar stunda sama nám í undirstöðugreinum, svo sem nánar yrði fyrir mælt í reglugerð.

Í lok fyrsta vetrar skyldu þeir velja aðalgrein eftir einni hinna þriggja lína. Sérhvert kennaraefni skyldi hafa kennt a. m. k. 12 vikur með fullri ábyrgð áður en kennaraprófi væri lokið.

Í meðförum varð sú breyting á frumvarpi nefndarinnar, að ákvæði um lágmarks-tíma stúdenta í kennaranámi var fellt niður, og ákvað yfirstjórn skólans að það skyldi vera eins vetrar nám fyrst um sinn og stóð svo til hausts 1969, að það var lengt í tvö ár. Skammur námstími stúdenta var þá án hliðstæðu við það er gerðist með nokkurri þeirri þjóð, er Íslendingar tóku sér til samjafnaðar um menntun kennara. Æfingakennsla var ákveðin 3 vikur í frumvarpsdrögum nefndarinnar.

Markvert ákvæði var í löggjöfinni frá 1963 um að starfa skyldu í sambandi við Kennaraskólann sérdeildir í framhaldi af undirbúningsdeild sérnáms „sem veita að loknu tveggja ára námi, réttindi til kennslu í sérgreinum í barnaskólum og framhaldsskólum.“ Undirbúningsdeild sérnáms veitti kennaraefnum í sérgreinum svo sem handavinnu, íþróttum, tónlist, teikningu, húsmæðrafræðslu og öðrum uppeldisstörfum kennslu í uppeldisgreinum og 1—3 bóklegum greinum til jafns við nemendur í almennu kennaradeildinni.

Ákvæðið um sérdeildir var aldrei framkvæmt og aldrei eftir því leitað, hvorki af skólans hálfu né yfirstjórnar hans, enda aðstaða öll svo erfið, að þess var enginn kostur.

Markvert er ákvæðið eigi að síður, þegar skoðuð er þróun hugmynda um ábyrgð Kennaraskólans á kennaramenntun og aðild að henni.

Í yfirliti þessu hefur einkum verið vakin athygli á nýntælum þeim í löggjöf,

er stefnt hafa að eflingu kennaramenntunar. Hitt væri eigi síður forvitnilegt, hvaða ákvæði fólu í sér undanslátt frá fyrri stefnu svo og hvaða þættir löggjafar voru dæmdir til að verða dauður bókstafur og þá af hvaða sökum, eða lentu í undandrætti um áratugaskeið.

Að vonum er gleggstra dæma af þessu tæi að leita í löggjöfinni frá 1947, enda geymir hún sögulega skoðað flest og merkust nýmæli í lagasetningu um íslenska kennaramenntun. Má þar nefna til ýmis ákvæði er lúta að aukinni starfsmenntun, réttindi til framhaldsnáms og sér í lagi rannsókn- og ráðgjafahlutverk Æfinga- og tilraunaskólans.

Skólinn skyldi stofnaður til kennsluæfinga og tilrauna og hafa uppeldis- og kennslufræðilegar athuganir með höndum, einkum varðandi barnafræðslu og gagnfræðanám. Hann skyldi og hafa forgöngu um að slíkar athuganir væru gerðar í öðrum skólum og unnið úr þeim. Þá gat fræðslumálastjórn falið skólanum að annast útgáfu leiðbeiningarrita fyrir kennara og aðra uppalendur, ennfremur samningu verkafna fyrir skólana. — Sérstakt ráð, skólaráð, skyldi hafa á hendi yfirstjórn þeirra athugana, er fram fóru á vegum skólans og gera ásamt skólastjóra tillögur til fræðslumálastjórnar um nýjungar í skólamálum í samræmi við niðurstöður tilrauna.

Hvaða sess hefur íslensk kennaramenntun skipað?

Með löggjöf hefur íslenskum kennaraskólum ekki verið ætlað teljandi frumkvæði eða forysta. Fram til ársins 1971 er löggjöfin frá 1947 undantekning í þessu efni. Því hefur löggjöf um menntun kennara fylgt á eftir lagasetningu um barnafræðslu og aðra lögboðna fræðslu á skyldustigi. Áþekk hefur þróun orðið víða um lönd. Af þessu hefur leitt, að allar breytingar og umbætur á barnafræðslu hlutu að ganga hægar fram en til var ætlast svo sem vænta má, ef forystusauðnum er skipað í sporaslóð hjarðarinnar. En miklu hefur og ráðið sú hefðbundna afstaða til menntunar og skólastigs, sem frumkvöðlar bættrar alþýðumenntunar um síðustu aldanót leituðust við að breyta.

Kennarablaðið hóf göngu sína í októbermánuði 1899. Ritstjóri þess, Sigurður Jónsson, skrifaði greinaflokkinn alþýðumenntun á Norðurlöndum. Þar segir:

„Nú hefir þegar verið tekið fram hið helsta, sem gert hefir verið af löggjafarinnar hálfu til að efla alþýðumenntun hér á landi. Til frekari skýringar skulu hér tilfærðar upphæðir, þær sem veittar eru af opinberu fé í þessum tilgangi fyrir firstandandi ár. Að vísu standa tölur þessar í fjárlögunum, og er öllum innan handar að kynna sér þær þar, en oss finnst vel viðeigandi að setja þær hér. svo að kennurum gefist kostur á að fá glöggt yfirlit yfir það, sem landið í heild sinni kostar til alþýðumenntunarinnar.

1. Til sveitakennara	kr. 5 500
2. Til barnaskóla	— 5 500
3. Til Flensborgarskólans	— 2 500
4. Til kennarafræðslu	— 2 800
5. Námsstyrkur handa kennaraefnum allt að	— 0 500
6. Til Möðruvallaskólans	— 8 600
7. Til Kvinnaskólans	— 6 900
Með útgjöldum þessum má einnig telja:	
8. Styrk til skólaiðnaðarkennslu	— 0 500
9. Styrk til að semja og gefa út kennslubækur	— 0 300

Samtals kr. 33 100

Til samanburðar má geta þess, að til latinuskólans eru veittar 36 738 kr., til prestaskólans 12 060 kr., til læknaskólans 7 080 kr., til stýrimannaskólans 6 840 kr., til búnaðarskólanna samtals 10 000 kr. fyrir yfirstandandi ár.“ (Kbl. 1. árg. bls. 167).

Hinn 30. dag júnímánaðar sama ár (þ. e. 1900) voru 17 stúdentar brautskráðir úr latínuskólanum, 6 þeirra utanskóla. (Kennarablaðið 1. árg. bls. 160).

Ef allt það fé, sem þetta ár var veitt til „alþýðumenntunarinnar“ er dregið frá því, sem veitt var til latínuskólans eins, verður afgangurinn öllu riflegri en fjárhlutur sá allur, sem lagður var á sama tíma til kennarafræðslu, styrks handa kennaraefnum og styrks til að semja og gefa út kennslubækur.

Innbyrðishlutföll þessara talna um fjárveitingar lýsa þeim skólapólitíska arfahluta, er 19. öldin skilaði hinni 20. Hans gætir í íslenskri lagasetningu um kennaramenntun eða framkvæmd hennar, nema hvort tveggja væri, allar götur til löggjafarinnar um Kennaraháskólann 1971.

Með lögum nr. 38 1971 um Kennaraháskóla Íslands er brotið blað í sögu kennaramenntunar í landinu. Á það við hvort tveggja lagasetninguna og framkvæmd hennar í þeim skilningi, að leitast var við að fullnægja henni í verki og hún varðaði starfsmenntun kennara bæði að anda og bókstaf í öllum beinum ákvæðum. Vandkvæði á framkvæmd breyta þar engu um.

Með þeim lögum skipuðu islendingar sér að nýju við hlið vestrænna þjóða um menntun kennara fyrir skyldunámsstig. Norðmenn höfðu að visu ekki enn afgreitt sem lög frumvarp frá 19. desember 1968, en það varð að lögum árið 1973, sbr. l. nr. 39/1973 om lærarutdanning. Með þeim var norskum kennaraskólum breytt í pedagogiske høgskoler og námið lengt í 3 ár.

III.

ÁÆTLAÐUR NÁMSMANNAFJÖLDI Í KENNARAHÁSKÓLANUM Á NÆSTU ÁRUM

Reynslan af löggjöfinni um Kennaraháskólann bendir til þess, að næstu árin fari aðsókn að skólanum enn vaxandi.

TAFLA I.

Fjöldi námsmanna í B.Ed.- námi árin 1971—78.

	1971—72	1972—73	1973—74	1974—75	1975—76	1976—77	1977—78
I. ár	9	30	27	66	98	105	164
II. ár		9	27	22	57	86	87
III. ár			8	28	20	56	85
Samtals:	9	39	62	116	175	247	336

Tafla I. greinir frá aðsókn að kennaranámi (B.Ed.- námi) og framgangi námsmanna frá því haustið 1971, er lögin um Kennaraháskólann komu til framkvæmda. Ekki var talin ástæða til að tjá fjölda annarra námsmanna, er í skólanum voru á sama tíma, sbr. þó töflu II.

Svo sem taflan ber með sér hefur nýliðum á fyrsta námsári fjölgað úr 9 í 164.

TAFLA II.

Fjöldi kennara í vetrarlöngu framhaldsnámi.

1971—72	1972—73	1973—74	1974—75	1975—76	1976—77	1977—78	Samtals
55	13	57	42	16	0	23	206

Tafla II sýnir aðsókn að framhaldsdeild skólans á sama tíma. Þar er um að ræða sérhæfingu kennara í vetrarlöngu námi, einkum í kennslu seinfærra og treglæsra ungmenna.

Með hliðsjón af fenginni reynslu má gera ráð fyrir, að kennaranemar á fyrsta námsári verði 160—180 hið fæsta næstu árin. Ef afföll á námsferlinum frá upphafi til

loka hans eru 15% og sá fyrirvari er gerður, að inntaka nýliða verði ekki takmörkuð, verður árlegur námsmannafjöldi í B.Ed.-námi um 450—500 hið fæsta.

Erfiðara er að áætla sennilegan fjölda kennara í framhaldsnámi, þar sem kostur er gerður á sérhæfingu vetrarlangt. Líklegt er að forsendur sóknar í slíkt nám breytist að einhverju leyti fyrir áhrif B.A.- náms í uppeldisfræði og skipulagsbreytinga í kennaranámi. Með hliðsjón af meðalfjölda kennara í slíku námi undanfarin ár er fjöldi þess áætlaður 35.

Fjöldi kennaraefna í sérkennaraskólum svo og kennara fyrir framhaldsskóla, sem ætlað er að stunda nám í uppeldisgreinum í Kennaraháskólanum er áætlaður 30 í hvorum flokki eða 60 talsins alls.

Með þessu lagi má vænta, að árlegur námsmannafjöldi í fullu námi í Kennaraháskólanum verði, skv. frumv.:

Í B.Ed.- námi	450—500
– sérhæfingu	35— 40
– sérkennaraskólum	35— 40
– öðrum framhaldsskólum	40— 50

Alfs um 560—630 námsmenn

Auk þeirra námsmanna sem hér hafa verið taldir mun Kennaraháskólinn annast framvegis sem hingað til lengri eða skemmri endurnenntunarnámskeið fyrir starfandi kennara. Miðað við óbreytta löggjöf má ætla, að þeir verði ár hvert 1000—1300. Árið 1977 var fjöldi þeirra 942 og er áætlaður 1190 árið 1978. Stafar fjölgunin einkum af breyttum kennsluháttum í grunnskólum svo og fjölgun námsþátta í endurnenntun. Ef frumvarpið verður að lögum, mun enn fjölga nokkuð á námskeiðum þessum vegna þátttöku kennara á framhaldsskólastigi umfram það sem verið hefur.

Áætlun þessi er takmörkuð við kennaranám eitt.

IV.

UMSAGNIR.

Hér á eftir eru prentaðar umsagnir þær er menntamálaráðuneytinu hafa borist um frv. til laga um Kennaraháskóla Íslands eins og það var lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi vorið 1977.

Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands

Reykjavík, 4. október 1977.

Á liðnu vori fengu kennarar við KHÍ til umsagnar frumvarp til nýrra laga um Kennaraháskóla Íslands.

Það kom í hlut Kennarafélags Kennaraháskólans að annast lokaafgreiðslu þeirra breytingartillagna er samþykktar voru á félagsfundum KKHÍ 15. júní s.l. Leyfum við okkur hér með að senda yður niðurstöður fundarins til athugunar.

F. h. félagsins

Sigríður Valgeirsdóttir, formaður

Hr. menntamálaráðherra
Vilhjálmur Hjálmarsson
Menntamálaráðuneytinu
Hverfisgötu 6
Reykjavík.

Umsögn um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

I. Hlutverk Kennaraháskóla Íslands.

1. gr.

2. töluliður orðist svo:

„Skólinn annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunn-skólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi, ennfremur annast hann menntun kennara barna á forskólastigi, sem rétt eiga á skólavist á kostnað ríkis og sveitarfélaga.“

4. töluliður:

Aftan við liðinn bætist þessi setning:

„Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.“

II. Stjórn Kennaraháskólans.

4. gr.

Greinin orðist svo:

„Í skólaráði eiga sæti rektor, skólaráðgjafi, skólastjóri Æfingaskólans, einn kennari tilnefndur af almennum fundi lausráðinna kennara, einn fulltrúi tilnefndur af öðrum fastráðnum starfsmönnum skólans en kennurum og fulltrúar nemenda tilnefndir af nemendaráði, þannig að einn fulltrúi nemenda komi fyrir hverja 4 atkvæðisbæra aðila aðra eða brot úr þeirri tölu. Rektor er forseti ráðsins en vararektor gegnir varaforsetastörfum. Vararektor og skólaritari eiga sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Skólaritari er ritari skólaráðs.“

Nú má kjörinn fulltrúi í ráðinu ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum, og tekur varamaður hans, sem nefndur er með sama hætti og aðalmaður, þá sæti þess sem forfallaður er.“

6. gr.

Greinin orðist svo:

„Rektor eða skólaráð getur boðað til starfsmannafunda til umræðu um einstök málefni Kennaraháskóla Íslands eða stofnana hans. Skyld er rektor að boða til funda um einstök málefni ef stjórn kennarafélags, starfsmannafélags eða 1/3 hluti félagsmanna viðkomandi félaga æskir þess.“

Ályktanir téðra funda eru ekki bindandi fyrir skólaráð.“

7. gr.

Greinin orðist svo:

„Á fundum hvernar skorar eiga sæti allir fastráðnir kennarar við skorina, æfingakennarar og lausráðnir greinakennarar, svo og tveir fulltrúar tilnefndir af nemendaráði.

Atkvæðisrétt hafa allir fastráðnir kennarar, báðir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi frá hverjum hinna, æfingakennurum og lausráðnum greinakennurum.

Hver skor velur sér einn skorarstjóra, nema uppeldisskor tvo, til tveggja ára í senn og jafnmarga til vara, og skulu þeir kjörnir úr hópi fastráðinna kennara við skorina. Kjör þeirra fer fram í apríl, en þeir taka við störfum 1. júlí sama ár. Ákvæði um verkaskiptingu milli skorarstjóra í uppeldisskor skal setja í reglugerð.“

8. gr.

Í upphafi 3. málsgreinar falli fyrsta orðið „Formanni“ niður, en í staðinn komi „Skorarstjóra“ o. s. frv.

III. Inntaka nemenda og skólavist.

12. gr.

Fyrsta málsgrein sem hefst á „Afskipti KHÍ af nemendum...“ falli burt.

IV. Kennaranám.

15. gr.

Greinin standi óbreytt að því undanskildu, að næst síðasta mgr. greinarinnar orðist svo:

„Æfingakennsla og annað verklegt nám í tengslum við hana skal vera hluti af námi því, er að ofan greinir, 12 einingar hið minnsta.“

Í skýringakafli við 15. gr. bls. 70 falli niður næst síðasta málsgreinin sem hefst á orðunum: „Nemandi, sem velur list- og verkgrein...“.

17. gr.

Greinin orðist svo:

„Námsgreinar Kennaraháskólans skiptast í skorir, sem hér segir:

1. Uppeldisskor: sálarfræði, heimspeki, uppeldisfræði, kennslufræði og kennsluæfingar.
2. Félagsskor: félagsfræði, saga, hagfræði, landafræði, kristin fræði og siðfræði, trúarbragðasaga.
3. Málaskor: móðurmál, danska og enska.
4. Raungreinaskor: eðlisfræði, efnafræði, líffræði og stærðfræði.
5. List- og verkmenntaskor: mynd- og handmennt, tónmennt og líkamsmennt.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum og/eða skorum að fengnu samþykki menntamálaráðherra.“

20. gr.

Greinin orðist svo:

„Fundir, sem hverjum fræðslustjóra er skylt að efna til haust og vor með nýjum kennurum í fræðslumdæminu, skal kennari frá Kennaraháskóla Íslands sækja. Um leiðsögukennara nýrra kennara fer eftir ákvörðun 12. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla.“

V. Nám í uppeldisfræði.

Fyrirsögn breytist í „Nám í uppeldisvísindum.“

21. gr.

Greinin orðist svo:

„Stofna skal til kennslu í uppeldisvísindum til B.A. prófs við Kennaraháskóla Íslands, er svari 105 námseiningum hið minnsta. Heimilt er samkvæmt ákvörðun skólaráðs og að fengnu samþykki menntamálaráðherra að efna til framhaldsnáms í uppeldisvísindum til æðri prófgráðu en B.A. eða B.Ed. prófs.

Nemendur sem lokið hafa námseiningum í uppeldisgreinum á háskólastigi eiga rétt á að fá þær einingar metnar sem hluta af námi sínu í uppeldisvísindum.

Heimilt er að ákveða í reglugerð, að hluti náms í uppeldisvísindum sé námsþættir eða námsgreinar tengdar uppeldisvísindum. Er heimilt að sækja slíkt nám til annarra háskóla ef þörf gerist.

22. gr.

Greinin orðist svo:

„Við Kennaraháskólann starfar rannsóknarstofnun í uppeldisgreinum samkvæmt ákvörðun skólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra. Fastráðnir kennarar skólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með starfi í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Í reglugerð skal m. a. kveða á um starfssvið stofnunarinnar, stjórn hennar og tengsl við skólaráð og uppeldisskor.“

VI. Próf og námsmat.

25. gr.

Mgr. sem hefst svo: „Nemandi, sem ekki hefur staðist próf, á rétt til ...“ orðist svo: „Nemandi á rétt til að fá ...“

VII. Starfslíð.

27. gr.

Mgr. sem hefst á orðunum: „Heimilt er með samþykki skólaráðs ...“ orðist svo: „Heimilt er með samþykki skólaráðs að ráða dósent eða lektor til starfa allt að 5 ár í senn. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal setja ákvæði í reglugerð.“

28. gr.

Mgr.: „Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar“, orðist svo: „Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, viðkomandi skor annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar.“

29. gr.

Eftir 1. mgr. komi ný mgr. sem orðist svo:

„Heimilt er að ráða skólaritara til starfa allt að 5 ár í senn. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal setja ákvæði í reglugerð.“

30. gr.

Orðunum „í senn“ skal bætt við á eftir orðunum: „... um allt að eins árs skeið.“

VIII. Æfingaskóli.

32. gr.

Mgr. „Æfingaskólinn vinnur að þróunarverkefnum...“ orðist svo: „Æfingaskólinn vinnur að rannsóknum og þróunarverkefnum í samvinnu við rannsóknarstofnun KHÍ í uppeldisgreinum (sbr. 22. gr.) og skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins.“

33. gr.

Greinin verði óbreytt að öðru en því, að mgr., sem hefst svo: „Skólastjóra til aðstoðar við daglega stjórn...“ orðist svo: „Skólastjóra til aðstoðar við daglega stjórn skulu vera tveir yfirkennarar. Skal kveða á um verkaskiptingu milli þeirra í reglugerð.“

34. gr.

Tölul. nr. 2 orðist svo:

„Borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð, sem hann ver í annan rekstrarkostnað á sama tíma að meðaltali fyrir hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkur, en ríkissjóður greiðir annan rekstrarkostnað.“

35. gr.

Mgr. sem hefst á orðunum: „Heimilt er...“ falli brott. Næsta mgr. sem hefst á orðunum: „Kennaraskipti milli Æfingaskólans og annarra skóla...“ orðist svo: „Kennaraskipti milli Æfingaskólans og annarra skóla eru heimil með samþykki menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi fræðslustjóra.“

37. gr.

Greinin falli brott og númer síðari greina breytist til samræmis.

38. gr.

Fyrsta orð 1. mgr. falli brott, en í stað þess komi orðið „Skólar“.

IX. Niðurlagsákvæði.

39. gr.

Orðin „á Akureyri“ breytist í „utan Reykjavíkur“.

Ákvæði til bráðabirgða.

42. gr.

Í stað orðsins „Kennarar“ í uphafi 1. gr. komi „Þeir“.

Samþykkt á fundi í Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands 25. júní 1977.

Samstarfsnefnd kennarasamtakanna

Reykjavík, 29. ágúst 1977.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

Samstarfsnefnd kennarasamtakanna hefur komið sér saman um að leggja til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands.

I. KAFLI

1. gr., 1. töluliður hljóði þannig:

Skólinn annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunn- skólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi, ennfremur kennara barna á for- skólastigi sem rétt eiga á skólavist á kostnað ríkis og sveitarfélaga.

1. gr., 4. töluliður hljóði þannig:

Skólinn skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið og kennarasamtökin ann- ast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á grunnskóla- og framhaldsskóla- stigi með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningum á markverðum nýjung- um í skóla- og uppeldismálum.

II. KAFLI

2. gr., 7. mgr. hljóði þannig:

Menntamálaráðuneytið skal efna til umræðufunda með fulltrúum allra þeirra skóla er annast kennaramenntun. Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

4. gr. hljóði þannig:

Í skólaráði eiga sæti rektor, skólastjórar (svo, væntanlega misritun fyrir skorar- stjórar), skólastjóri Æfingaskólans, einn kennari tilnefndur af almennum fundi lausráðinna kennara, einn fulltrúi tilnefndur af öðrum fastráðnum starfsmönnum skólans en kennurum og fulltrúar nemenda tilnefndir af nemendaráði, þannig að einn fulltrúi nemenda komi fyrir hverja 2 atkvæðisbæra aðila aðra eða brot úr þeirri tölu. Rektor er forseti ráðsins en vararektor gegnir varaforsetastörfum. Vararektor og skólaritari eiga sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögu- rétt en ekki atkvæðisrétt. Skólaritari er ritari skólaráðs.

Nú má kjörinn fulltrúi í ráðinu ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum, og tekur varamaður hans, sem nefndur er með sama hætti og aðalmaður, þá sæti þess sem forfallaður er.

6. gr. hljóði þannig:

Rektor eða skólaráð geta boðað til starfsmannafunda til umræðna um ein- stök málefni Kennaraháskóla Íslands eða stofnana hans. Skyld er rektor að boða til funda um einstök málefni ef stjórn kennarafélagsins eða starfsmannafélagsins eða $\frac{1}{3}$ hluti félagsmanna viðkomandi félaga æskir þess. Allir kennarar skólans og starfsmenn við stjórnslu skólans eiga rétt á að sækja fund og njóta atkvæðis- réttar þar. Ályktanir starfsmannafunda eru ekki bindandi fyrir skólaráð.

7. gr. hljóði þannig:

Á fundum hvernar skorar eiga sæti allir fastráðnir kennarar við skorina, æfinga- kennarar, lausráðnir greinakennarar, svo og tveir fulltrúar tilnefndir af nemendaráði.

Atkvæðisrétt hafa allir fastráðnir kennarar, báðir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi frá hverjum hinna, æfingakennurum og lausráðnum greinakennurum.

Hver skor velur einn skorarstjóra, nema uppeldisskor tvo, til tveggja ára í senn og jafnmarga til vara og skulu þeir kjörnir úr hópi fastráðinna kennara við

skorina. Kjör þeirra fer fram í apríl, en þeir taka við störfum 1. júní sama ár. Kveðið verði á um verkaskiptingu milli skorarstjóra í uppeldisskor í reglugerð.

8. gr., 1. mgr. breytist þannig að í stað: Formanni er skylt . . . komi: Skorarstjóra er skylt

12. gr. Upphaf falli brott og greinin hefjist þannig: Tilkygni nemandi að hann sé hættur námi

IV. KAFLI

15. gr. Næstseinasta mgr. hljóði þannig: Æfingakennsla og annað verklegt nám í tengslum við hana skal vera hluti af námi því er að ofan greinir, 12 einingar hið minnsta.

Seinasta mgr. falli brott.

17. gr. hljóði þannig:

Námsgreinar Kennaraháskólans skiptast í skorir sem hér segir:

1. Uppeldisskor: uppeldisfræði, sálarfræði, heimspeki, kennslufræði og kennsluæfingar.
2. Félagsskor: félagsfræði, saga, hagfræði, landafræði, kristinfræði og siðfræði, trúarbragðasaga.
3. Málaskor: móðurmál, danska og enska.
4. Raungreinasakor: eðlisfræði, efnafræði, líffræði og stærðfræði.
5. List- og verkmenntaskor: mynd- og handmennt, tónmennt og líkamsmennt. Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum og/eða skorum að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

V. KAFLI

Fyrirsögn breytist í: Nám í uppeldisvísindum.

21. gr. hljóði þannig:

Stofna skal til kennslu í uppeldisvísindum til B.A.- prófs við Kennaraháskóla Íslands er svari 105 námseiningum hið minnsta. Heimilt er samkvæmt ákvörðun skólaráðs og að fengnu samþykki menntamálaráðherra að efna til frambaldsnáms í uppeldisvísindum til æðri prófgráðu en B.A.- eða B.Ed.- prófs.

Nemendur sem lokið hafa námseiningum í uppeldisgreinum á háskólastigi eiga rétt á því að fá þær einingar metnar sem hluta af námi sínu í uppeldisvísindum.

Heimilt er að ákveða í reglugerð að hluti náms í uppeldisvísindum sé námsþættir eða námsgreinar tengdar uppeldisvísindum. Er heimilt að sækja slíkt nám til annarra háskóla ef þörf gerist.

22. gr. hljóði þannig:

Við Kennaraháskólann starfar rannsóknarstofnun í uppeldisgreinum samkvæmt ákvörðun skólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra. Fastráðnir kennarar skólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með starfi í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við hana.

Í reglugerð skal m. a. kveða á um starfssvið stofnunarinnar, stjórn hennar og tengsl við skólaráð og uppeldisskor.

VI. KAFLI

25. gr., 2. mgr. hefjist svo:

Nemandi á rétt til þess að fá útskýringar kennara

VII. KAFLI

27. gr., 1. mgr. hljóði þannig:

Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúntar, stundakennarar og æfingakennarar.

4. mgr. hljóði þannig:

Heimilt er með samþykki skólaráðs að ráða dósent eða lektor tímabundið til allt að 5 ára í senn. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal kveða á í reglugerð.

28. gr., í 3. mgr.: „Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina. Háskóli Íslands annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar.“ hljóði þannig: Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, viðkomandi skor annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar.

30. gr., 1. mgr. hefjist þannig:

Menntamálaráðuneytið getur veitt fastráðnum starfsmönnum Kennaraháskólans orlof um allt að eins árs skeið í senn með föstum embættislaunum

3. mgr. hljóði þannig:

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til fastráðinna starfsmanna Æfingaskólans sbr. VIII. kafla laganna. Skulu að minnsta kosti 2 kennarar fara í orlof ár hvert.

VIII. KAFLI

33. gr., 2. mgr. hljóði þannig:

Skólastjóri vinnur að stefnumótun skólans og annast daglega stjórn hans í umboði rektors Kennaraháskólans. Skólastjóra til ráðuneytis er skólanefnd, sem í eiga sæti auk skólastjóra fulltrúi menntamálaráðuneytisins, fræðslustjóri Reykjavíkur, einn fulltrúi kennarsamtaka, einn fulltrúi foreldrafélags, einn fulltrúi nemenda, einn æfingakennari kjörinn til tveggja ára í senn af kennurum skólans. Yfirkennarar skólans og æfingastjóri eiga rétt til setu á fundum skólanefndar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

4. mgr. hljóði þannig:

Skólastjóra til aðstoðar við daglega stjórn skulu vera tveir yfirkennarar og skipta þeir með sér verkum.

35. gr. breytist þannig:

Orðið „fastráðnir“ falli brott í báðum málsgreinum.

36. gr. hljóði þannig:

Æfingastjóri skal kjörinn til þriggja ára úr hópi æfingakennara. Hann má endurkjósa án lotuskila. Hann skal njóta fullnægjandi skrifstofuaðstoðar. Æfingastjóri annast skipulag æfingakennslu undir yfirstjórn skólastjóra.

37. gr. Í stað seinustu línu „að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins“ komi: að fengnu samþykki skólanefndar.

38. gr. Upphafsorð verði Skólar í stað Grunnskólar.

Samstarfsnefndina skipuðu þessir fulltrúar:

Pálmi Pétursson SÍB. Ragna Ólafsdóttir SÍB. Guðjón Magnússon LFSK.
Hilmar Ingólfsson LFSK. Jóhannes Pétursson LFSK. Kjartan Guðjónsson LFSK.
Kolbrún Sigurðardóttir FHK. Ragnar Jónasson FHK.

Virðingarfyllst,

Hilmar Ingólfsson, formaður.

Félag skólastjóra og yfirkennara

Reykjavík, 25. janúar 1978.

Félag skólastjóra og yfirkennara fékk til umsagnar frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Stjórnin fól þeim Inga Kristjánssyni, Birni Jónssyni og Þráni Guðmundssyni að fjalla um frumvarpið og fylgir hér með álit þeirra.

Virðingarfyllst,

Ásgeir Guðmundsson, formaður.

Menntamálaráðuneytið.

Höfum yfirfarið Frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands og breytingartillögur samstarfsnefndar kennarasamtakanna.

Erum samþykkir frumvarpinu með breytingartillögum samstarfsnefndarinnar og sjáum ekki ástæðu til frekari athugasemda.

Reykjavík, 28. desember 1977.

Björn Jónsson.

Ingi Kristinsson.

Þráinn Guðmundsson.

Til félags skólastjóra og yfirkennara.

Handavinnukennarafélag Íslands

Reykjavík, 16. júní 1977.

Hr. Árni Gunnarsson,
menntamálaráðuneytinu.

Við þökkum bréf sent K.H.Í. dagsett 13. apríl s. l. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands. Við biðjumst afsökunar hvað svar okkar er síðbúið. Ekki verður hér fjallað um frumvarpið í heild, en þau atriði sem við teljum varða mestu okkar grein, handmennt.

1. Kafli VIII. 32. gr. Við viljum undirstrika þessa grein, einnig 35. gr. í sama kafla um kennaraskipti milli Æfingarskólans og annarra skóla.
2. Við teljum mjög mikilvægt að nám handmenntakennara frá K. H. Í. dragist ekki saman meir en orðið er. Nú eru nemendur talsvert verr undirbúnir í handmennt, er þeir koma í K.H.Í., vegna helmings skerðingar á handvinnunámi í grunnskóla, auk þess sem skyldunám í handmennt nær aðeins til áttunda bekkjar grunnskóla og kerfið býður ekki nemendum upp á frekara nám í handmennt, allt að háskólanámi.
3. Í frumvarpinu er á nokkrum stöðum minnst á mikilvægi framhaldsnáms og réttindi til kennslu í framhaldsskólum. Núgildandi próf í handmennt frá K.H.Í. veitir aðeins réttindi til kennslu við grunnskóla, en náði áður til allra framhaldsskóla. Þar sem brýnt er að handmenntakennarar útskrifist einnig fyrir framhaldsskólastigið, svo sem fjölbrautaskóla og valgreinar í menntaskóla, teljum við nauðsynlegt að stofnsett verði framhaldsdeild við skólann.
4. Við álitum áriðandi að alltaf séu gangandi endurmenntunar- og framhaldsnámskeið í okkar grein.

Að endingu viljum við lýsa ánægju okkar yfir að kennaranám í handmennt er nú þegar innan K. H. Í. og teljum eðlilegt að svo sé einnig með hinar sérgreinar.

Virðingarfyllst,

f. h. Handavinnukennarafélags Íslands,

Borghildur Jónsdóttir, formaður.

Íþróttakennarafélag Íslands

Reykjavík, 15. júní 1977.

Til menntamálaráðuneytisins
Hr. Birgir Thorlacius

Viðvíkjandi: Frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Með bréfi dags. 13. apríl 1977 óskaði ráðuneytið eftir umsögn Íþróttakennarafélags Íslands (ÍKFÍ) um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands (KHÍ), sem lagt var fyrir Alþingi, 98. löggjafarþing 1976—1977.

Vegna þessarar beiðni ráðuneytisins efndi stjórn ÍKFÍ til fundar í Reykjavík með nokkrum íþróttakennurum úr Reykjavík og nágrenni þann 24. maí s.l. Á fundinum mætti Baldur Jónsson rektor KHÍ og skýrði hann frumvarpið fyrir fundarmönnum og svaraði fyrirspurnum þeirra. Á fundinum var eingöngu rætt um 1. gr. frumvarpsins, þ. e. þau atriði þess sem helst varða menntun íþróttakennara og þar af leiðandi Íþróttakennaraskóla Íslands (ÍKÍ).

Með tilliti til þeirra umræðna, sem áttu sér stað á fundinum, leyfir stjórn ÍKFÍ sér að taka fram eftirfarandi:

1. Varðandi 2. tl. 1. greinar:

Stjórn ÍKFÍ telur eðlilegt að KHÍ verði falið að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi, enn fremur í yngri aldursflokkum, sem rétt eiga á skólavist á kostnað ríkis og sveitarfélaga, eins og frumvarpið sjálf gerir ráð fyrir. Það er álit stjórnarinnar að með því að fela KHÍ þetta hlutverk megi stuðla mjög að því að öll kennaramenntun á Íslandi komist á sama stig eða svipað stig. Fyrir nauðsyn þess að öll kennaramenntun sé á sama stigi má færa mörg og mikilvæg rök, en hér verður látið nægja að vísa til greinargerðar frumvarpsins.

Margt bendir til þess að það myndi koma sér vel fyrir íþróttakennaramenntunina í landinu, ef KHÍ yrði falið það hlutverk sem hér um ræðir. Hins vegar myndi það þýða töluverða röskun á íþróttakennaranáminu og starfi ÍKÍ eins og það hefur verið til þessa. Ljóst er til að mynda, að námið kemur til með að lengjast, sennilegast um eitt ár, enn fremur að hluti námsins verður að öllum líkindum að fara fram í Reykjavík (við KHÍ) á meðan ÍKÍ er starfræktur á Laugarvatni. Einnig má benda á, að ýmis vandamál kunna að koma upp vegna mismunandi inntöku-skilyrða ÍKÍ og KHÍ, svo og vegna þess að ÍKÍ tekur inn nýja nemendur aðeins á tveggja ára fresti.

Stjórn ÍKÍ telur að þessi vandamál og mörg önnur verði varla leyst, svo vel megi við una, nema þau verði athuguð gaumgæfilega. Hún leggur því til að ráðuneytið feli sérstakri nefnd að kanna þessi mál og fjalla vítt og breytt um menntun íþróttakennara yfirleitt.

2. Varðandi 3. tl. 1. greinar

Stjórnin telur að margt mæli með því að fullnaðarmenntun kennara á grunnskólastigi verði falin einni stofnun. Að öðru leyti vill stjórnin ekki tjá sig frekar um þetta atriði en vísar til þess sem sagt er hér að ofan.

3. Varðandi 4. tl. 1. greinar

Samkvæmt lögum ÍKÍ frá 29. maí 1972, skal skólinn efna til námskeiða fyrir íþróttakennara. Hin síðari ár hafa afskipti KHÍ af námskeiðum íþróttakennara aukist. Eðlilegt virðist að endurmenntun íþróttakennara heyri undir sömu stofnun og endurmenntun annarra kennara. Hins vegar þykir sjálfsgagt að starfandi sérskólar

hafi hönd i bagga hvað þessi mál varðar og mætti ef til vill leggja á það áherslu í væntanlegum lögum KHÍ.

Lokaorð: Stjórn ÍKFÍ lýsir sig reiðubúna til þess að stuðla að bættri ípróttakennaramenntun á Íslandi og veita þá aðstoð, sem hún getur í té látið.

Virðingarfyllt,
f. h. stjórnar Ípróttakennarafélags Íslands
Ingimar Jónsson
(formaður).

Félag íslenskra myndlistarkennara

Reykjavík, 28. des. 1977.

Athugasemdir um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Um 1. grein:

Í þessari grein (2) er gert ráð fyrir að KHÍ annist uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi, á framhaldsskólastigi og ennfremur í yngri aldursflokkum sem eiga rétt á skólavist á kostnað ríkis og sveitarfélaga. Félagið er samþykkt þessari stefnu og telur eðlilegt að í KHÍ sé kjarni kennaranámsins en að við myndlistar- og handiðaskóla, tónlistarskóla og ípróttaskóla verði, a. m. k. fyrst um sinn, hagnýt sérsvið viðkomandi greina. Heimildarákvæði (3) virðast ekki hafa raunverulega þýðingu nú — og í ófyrirsjáanlegri framtíð ef hafður er til hliðsjónar húsnæðisskortur skólans og alhliða aðstöðuleysi til list- og verkgreinanáms.

Um 4. grein:

Ef svo fer að KHÍ annist uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi en sérstök fagleg menntun fari fram í myndlista- og handiðaskóla, vélskóla o. s. frv. er nauðsynlegt að fulltrúar viðkomandi skóla eigi aðild að skólaráði KHÍ (og fulltrúar frá KHÍ eigi aðild að skólaráðum viðkomandi skóla). Það getur verið matsatriði hvort um fulla aðild er að ræða, eða aðild svipaða og skólaritari hefur, þ. e. a. s. málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Aðalatriði er að tryggja gott samstarf og samskipti milli KHÍ og annarra skóla sem annast sérstaka fagmenntun kennara.

Um 9. grein:

(1) Síðari setning breytist: Í stað „Þó getur skólaráð heimilað inngöngu“ o. s. frv. komi „Þó ber skólaráði að heimila inngöngu á grundvelli annarra prófa, náms og starfsreynslu, ef ráðið telur það jafngildan undirbúning. Orðið ef í síðasta hluta setningarinnar ætti að vera nægjanleg trygging af hálfu skólans.

Um 9. grein:

(2) Í þessari grein segir m. a.: Setja má í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar. Er þarna ef til vill möguleiki á því að iðnmeistarar í húsgagna- og húsmíði fái aðgang að smiðakennaradeild og geti

lokið þaðan smíðakennaraprófi án þess að taka almennt kennarapróf um leið? Um þetta er spurt og á þetta minnt vegna hins mikla smíðakennaraskorts við grunnskóla og framhaldsskóla landsins. Nú eru starfandi við grunnskóla um það bil 55—60 smíðakennarar. Grunnskólar eru taldir um 230, sumir þeirra eru það fjölmennir að við þá eru fullar tvær smíðakennarastöður, eðrir skólar — sérstaklega í dreifbýli — eru það fámennir að við þá er ekki um heila smíðakennarastöðu að ræða.

Það er augljóst mál að gera þarf einhverjar ráðstafanir til að auka aðstreymi nema í smíðakennaradeildir KHÍ. Í því sambandi má minna á að það er rökrétt að krefjast góðrar undirbúningsmenntunar í verklegum greinum hjá þeim kennaranemum sem hyggja á kennaranám við smíða- og hannyrðakennaradeildir KHÍ — ef hafðar eru í huga kröfur um stúdentspróf í bóklegum greinum til inngöngu í KHÍ.

Eins og málin standa nú, og hafa reyndar gert í nokkur ár, eru flestir nemendur sem stundað hafa nám við handavinnukennaradeildir KHÍ aðeins með unglingapróf í viðkomandi verklegum greinum þegar þeir hefja kennaranámið í þessum kennaradeildum. Reyndar hafa sumir þessara kennaranema alls ekki stundað áður það nám sem þeir nú nema sem aðalvalgrein og útskrifast með háskólaprófi í eftir tiltölulega skamman námstíma. (Stúlkur sem stunda smíðakennaranám). Þarna er greinilega brotalöm á kennaramentuninni og skjótra úrbóta er þörf. Hvort rétt er að skrifa sérstaka málsgrein innan 9. greinar varðandi þetta atriði, teljum við okkur ekki geta dæmt um — en viljum ekki láta hjá líða að benda á mikið misræmi í mentunarkröfum hvað varðar bóklegar og verklegar greinar.

Um 15. grein:

Félagið telur að 55 námseiningar (virkar vinnuvikur) sé of naumur tími — miðað við núverandi undirbúning kennaranema í verklegum greinum — til að mennta kennara sem eiga að kenna öllum aldursflokkum grunnskóla.

Um 17. grein:

Okkur virðist eðlilegra að kristinfræði og trúarbragðasaga verði í félagsskor í stað uppeldisskorar.

Um 20. grein:

Þessa grein teljum við að þurfi að endurskrifa a. m. k. fyrstu setninguna, sem er um starfsskyldur fræðslustjóra og ætti ekki að vera í lögum um KHÍ.

Um 25. grein:

Í þessari grein þarf nauðsynlega að bæta við ákvæðum um verkleg próf og mat verkefna kennaranema við smíða- og hannyrðakennaradeildir skólans.

Virðingarfyllst,

f. h. Félags íslenskra myndlistarkennara.

Margrét Friðbergsdóttir

Katrín Pálsdóttir

Guðmunda Kristinsdóttir

Þórir Sigurðsson

Félag íslenskra smíðakennara

Menntamálaráðuneytið
Háskóla- og alþjóðadeild

Reykjavík, 20. september 1977.

Umsögn Félags ísl. smíðakennara um frumvarp að lögum um Kennaraháskóla Íslands, samkv. ósk frá ráðuneytinu í bréfi merktu Db: K — 25, dagsettu 13. 4. 1977.

Félag ísl. smíðakennara lýsir í meginatriðum yfir ánægju sinni með hið nýja frumvarp um Kennaraháskóla Íslands.

Félagið minnir á mikilvægi handmennta til að auka þroska einstaklingsins, en svo virðist, sem einvörðungu sé talað um bóklegt nám í frumvarpinu og eingöngu sé á það lögð áhersla að stúdentar, sem fá inngöngu í Kennaraháskólann, hafi stúdentspróf í bóklegum greinum. Því leggur Félag íslenskra smíðakennara til, að í stað stúdentsprófs verði lokapróf frá uppeldissviði framhaldsskóla inntöku-skilyrði í Kennaraháskólann, enda séu handmenntir kenndar á því kjörsviði sem kjarni.

Áður nefnt fyrirkomulag opnaði réttindalausú fólki, sem starfað hefur við kennslu og þeim sem uppgötva hæfni sína eða löngun að venjulegum framhaldsskólaaldri liðnum, möguleika á að komast í Kennaraháskólann. Þannig gætu iðnlærðir menn aukið við menntun sína í bóklegum greinum og uppeldis- og kennslufræðum í gegnum framhaldsskóla og opnað sér leið í smíðakennaranám.

Aðeins með breyttri viðmiðun í þá átt sem hér er mælt með verða líkur á að til kennaranáms og þar með smíðakennaranáms veljist fólk með igildi stúdentsprófs í handmenntum.

Virðingarfyllst.

Fyrir hönd Félags ísl. smíðakennara.

Auðunn H. Einarsson, formaður.

Félag menntaskólakennara

Reykjavík, 31. maí 1977.

Fyrir nokkru barst stjórn Félags menntaskólakennara til umsagnar frv. til laga um Kennaraháskóla Íslands, sem lagt var fram á alþingi því er nú hefur nýlokið störfum. Stjórn FM hefur rætt frv. þetta á nokkrum fundum og vill í framhaldi af því koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við menntamálaráðuneytið.

1. Stjórn FM fagnar því, að nú skuli lokið endurskoðun gildandi laga um Kennaraháskóla Íslands og fram skuli komið á Alþingi nýtt frumvarp til laga um starfsemi skólans. Okkur virðist sem margt í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, horfi til bóta, og erum við þeirrar skoðunar, að keppa beri að því að afgreiða mál þetta á næsta þingi. Þó teljum við, að sumar þær breytingar og nýmæli, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, geti mjög orkað tvímælis, nema tekin verði upp í frumvarpið skýrari og fyllri ákvæði um framkvæmd þeirra. Verður hér á eftir vikið lítillega að þessum atriðum.

2. Eins og vikið er að í greinargerð þeirri, sem fylgir frumvarpinu, gerir frv. ráð fyrir, að Kennaraháskólinn annist í framtíðinni uppeldis- og kennslufræðilega menntun kennara í öllum skólum á framhaldsskólastigi. Hér er um að ræða veigamikilið nýmæli og raunar grundvallarbreytingu í þessum efnun. Til þessa hafa kennarar í bóklegum greinum á framhaldsskólastigi yfirleitt fengið þessa menntun í Háskóla Íslands í nokkrum tengslum við sitt faglega og fræðilega nám þar. Hitt er svo ljóst, að mjög margir kennarar á framhaldsskólastigi hafa alls

enngar slíkrar menntunar notið. Þarflaust er að fjölyrða um það, að ýmis rök geta hniðið að því að taka upp þá skipan mála, sem frv. gerir ráð fyrir. Nægir í því sambandi að benda á, að ýmsir þættir í námi í uppeldis- og kennslufræðum eru sameiginlegir án tillits til skólastigs og væntanlega næst betri nýting fjárveitinga og mannafla með því að efla eina stofnun til rannsókna og kennslu á þessu sviði en með því að dreifa kröftunum. Þá skal ekki úr því dregið, að eftirsóknarvert sé að kennarastéttin sé samstæð og heil í skilningi sínum á sameiginlegu hlutverki, þótt okkur virðist ýmsar aðrar leiðir færar að því marki en sú kerfisbreyting sem frv. gerir ráð fyrir.

Nokkurrar óánægju hefur um langt skeið gætt í okkar röðum með ýmsa þætti námsskipunar í uppeldis- og kennslufræði við H.Í. Hefur þar borið hæst þá umkvörtun, að námið hafi ekki verið nógu kennslumiðað og sérstökum vandamálum og aðstæðum einstakra námsgreina ekki verið sinnt nægilega mikið. Okkur sýnist ekki ákvæði frumvarpsins veita neina tryggingu fyrir því að á þessu verði breyting til batnaðar nema síður sé. Á það skal hins vegar lögð áhersla, að fyrir okkur er það ekkert aðalatriði, hvar kennarar í framhaldsskólum fái uppeldis- og kennslufræðilega menntun sína, heldur hlýtur það að skipta mestu, hvert inntak hennar er og hvert gildi hún hefur fyrir kennarann í starfi sínu. Við erum þeirrar skoðunar, að þessi menntun komi þá að bestum notum, þegar hún er í lífrænum tengslum við kennslu og rannsóknir á einstökum fræðasviðum. Meðan uppeldis- og kennslufræði er kennd í H.Í., hljóta möguleikar til samtengingar af ýmsu tagi að vera fyrir hendi milli hins eiginlega fagnáms og uppeldis og kennslufræðinámsins, þótt ekki hafi til þessa tekist að nýta þessa möguleika sem skyldi. Ef horfið yrði að því ráði að flytja alla kennslu og rannsóknir í uppeldis- og kennslufræðum í Kennaraháskóla Íslands, eins og frv. gerir ráð fyrir, þarf að okkar mati að tryggja með skýrari ákvæðum en frv. hefur nú að geyma, að Kennaraháskólinn geti fullnægt þeim sérstöku þörfum og kröfum sem menntun í uppeldis og kennslufræðum vegna kennslu í framhaldsskólum gerir.

3. Frv. gerir ráð fyrir því að Kennaraháskólinn skuli í samvinnu við menntamálaráðuneytið annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á framhaldsskólastigi. Stjórn FM fagnar því, að með þessum ákvæðum virðist að því stefnt að taka málefni endurmenntunar og viðbótarmenntunar á þessu stigi fastari tökum en gert hefur verið til þessa. Það er ekki of djúpt í árinna tekið þótt sagt sé að í þessum efnnum hafi ríkt hálfgerð ófremdarástand til þessa, þrátt fyrir veikburða viðleitni til úrbóta nú hin síðari ár. Má í þessu sambandi minna á, að mjög hefur á það skort að ákvæði menntaskólalaganna frá 1970 um þessi atriði hafi komið menntaskólakennurum að því gagni sem löggjafinn hefur vafalaust ætlast til. Stafar það sumpart af of kröppum fjárveitingum og sumpart af því, að skort hefur skipulega forystu af hálfu hins opinbera um námskeiðshald og aðra skipulega fræðslu og kynningarstarfsemi fyrir þennan hóp kennara.

Varðandi ákvæði 4. töluliðar 1. gr. frv. um viðbótar- og endurmenntun framhaldsskólakennara kemur okkur nokkuð spáskt fyrir sjónir, að þar skuli í engu vikið að hlutverki Háskóla Íslands í þessum efnnum. Þetta stafar e. t. v. af því, að samvinna skólanna tveggja þyki svo sjálfsögð að um slíkt þurfi ekki að ræða, ekki einu sinni í aukasetningu hvað þá meira. Við teljum rétt, að skýrt sé kveðið á um slíka samvinnu í frumvarpinu, því að við erum þeirrar skoðunar, að Kennaraháskólinn einn saman sé ekki fær um að rækja þetta hlutverk á viðhlitandi hátt, hér þurfi líka að koma til atbeini starfsmanna Háskóla Íslands og erlendra sérfræðinga af ýmsu tagi. Okkur virðist Kennaraháskóli Íslands einkum hafa hlutverki að gegna í þessum efnnum sem skipulags-, kynningar- og framkvæmdaaðili. Til þess að endurmenntun og viðbótarmenntun komi að tilætluðum notum, þarf hún að tengjast fræðilegum rannsóknum í einstökum greinum og vera á sama eða herra stigi en sjálf grundvallarmenntun viðkomandi kennara. Þessu marki verður að okkar dómi aðeins náð með því, að Kennaraháskólinn starfi í náinni samvinnu við H.Í. að

Þessu verkefni. Þá þarf líka jafnhliða að sjá til þess, að H.Í. sinni þessu verkefni miklu meira en gert hefur verið til þessa, enda sé stofnuninni gert það kleift fjárhagslega.

Félag menntaskólakennara hefur nokkur hin síðari ár haft forgöngu um námskeiðshald á sumrin fyrir félagi sína. Sjálfsgagt er engum ljósara en okkur, að FM er að mörgu leyti vanbúið til að standa fyrir slíkri starfsemi. Því er það, að við fögnum því að nú virðist stefnt að fastara skipulagi á þessum málum. Við viljum hins vegar leggja á það áherslu, að framkvæmd þessara mála verði með þeim hætti, sem lýst var hér að framan, og slík framkvæmd verði tryggð með ótvíræðum lagaákvæðum.

Þá viljum við að lokum leggja til, að tekin verði upp í frv. ákvæði þess efnis að haft skuli samráð við samtök kennara um allan undirbúning og framkvæmdir í þessum efnunum.

4. Stjórn FM telur heimildarákvæði þau, sem er að finna í 39. gr. frv., um að heimila megi í reglugerð, að skólinn starfi að hluta til á Akureyri, orki tvímælis, svo ekki sé meira sagt. Öll meginsteftna frumvarpsins miðar að því að efla Kennaraháskólann sem miðstöð kennslu og rannsókna og jafnvel er gengið svo langt, að gert er ráð fyrir að leggja undir skólann ýmsa starfsemi, sem nú fer fram annars staðar. Það kemur því nokkuð einkennilega fyrir sjónir, þegar hér er farið að bollaleggja um hugsanlega skiptingu skólans. Er ekki augljóst, að þau rök, sem mæla með sameiningunni, hljóta að mæla gegn því, að slík skipting verði upp tekin? Hér virðist vera á ferðinni byggðastefna á villigötum, og slík byggðastefna er verri en engin.

5. Stjórn FM þykir rétt að láta þess getið, að í tengslum við Þing norrænna háskólanna (Nordisk akademikermóte) hér í Reykjavík á s. l. hausti áttu fulltrúar FM viðræður við fulltrúa hliðstæðra samtaka á hinum Norðurlöndunum um kennaramenntun á Norðurlöndum. Varð í viðræðum þessum fullt samkomulag um almenna grundvallarstefnumörkun í þessum efnunum milli allra félaga. Viljum við leyfa okkur að koma stefnumörkun þessari á framfæri við ráðuneytið sem fylgiskjali með bréfi þessu.

Nú alveg nýlega hefur sameiginleg nefnd norrænu kennarafélaganna fyrir framhaldsskólastigið látið frá sér fara allitarlegt álit um menntun kennara á Norðurlöndum (Læruutdanning ved universitet/högskole i Norden). Þar er gerð nánari grein fyrir viðhorfum félaga í þessum efnunum, og túlkar nefndarálitinu í öllum meginatriðum viðhorf stjórna FM til menntunarmála kennara almennt.

Í athugasemdum við 2. tölulið 1. gr. frv. á bls. 16 í frv. er látið að því liggja, að þeirri stefnu að staðla menntun allra kennara sem mest vaxi nú mjög fylgi víða um lönd. Það má vel vera að svo sé, en hitt er jafnvíst, að forystumenn í samtökum framhaldsskólakennara á hinum Norðurlöndunum telja þessa stefnu að ýmsu leyti geta verið varhugaverða, og óttast að hún geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir skólastarf á framhaldsskólastigi. Urðum við mjög áþreifanlega varir við þetta viðhorf í viðræðum okkar við þá.

Frumvarpið um Kennaraháskóla Íslands er tvímælalaust í anda „stöðlunarstefnunnar“. Sú stefna á ótvírætt rétt á sér að vissu marki, en þess verður umfram allt að gæta, að henni sé ekki framfylgt af offorsi. Þarfir hinna einstöku skóla og skólastiga eru mismunandi og því verður ávallt að hafa að leiðarljósi, að kennaramenntun í landinu sé sem fjölpættust, jafnframt því sem stefnt er að því „að styrkja tengsl kennara á mismunandi sviðum, efla skilning þeirra á starfi sínu og sameiginlegum kjarna þess, hver sem kennslugrein þeirra er, verksvið eða sá aldursflokkur sem kennt er“, eins og segir í greinargerðinni.

Með bestu kveðju,
f. h. F.M.

Sigurður Ragnarsson, ritari.

Háskóli Íslands

Reykjavík, 14. nóvember 1977.

Háskóli Íslands sendir ráðuneytinu hér með umsagnir um eftirtalin frumvörp. Frumvarp til laga um embættisgengi kennara við grunnskóla og framhaldsskóla, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 26. júní 1977.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 4. maí 1977.

Frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 13. apríl 1977.

Umsagnirnar eru þessar:

Umsögn heimspekideildar um öll þrjú frumvörpin.

Umsögn félagsvísindadeildar um öll þrjú frumvörpin.

Umsögn viðskiptadeildar um frumvarp um Kennaraháskóla Íslands.

Umsögn verkfræði- og raunvísindadeildar um embættisgengi kennara við grunnskóla og framhaldsskóla.

Umsögn háskólaráðs um frumvarp um Kennaraháskóla Íslands og frumvarp um framhaldsskóla.

Ályktun háskólaráðs vegna frumvarpanna þriggja.

Virðingarfyllst,

Guðlaugur Þorvaldsson, rektor.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6,
101 Reykjavík.

Ályktun háskólaráðs vegna framkominna frumvarpa til laga um Kennaraháskóla Íslands, um framhaldsskóla og um embættisgengi kennara við grunnskóla og framhaldsskóla.

Í ljósi umsagnar háskólaráðs og umsagna deilda um áðurnefnd frumvörp til laga gerir háskólaráð svofellda ályktun:

Innan háskólans hefur að undanförunni verið stofnað til fjölþættrar umræðu um ofangreind frumvörp og þær breytingar á skólakerfinu, sem samþykkt þeirra mundi hafa eða gæti haft í för með sér. Kennarar og aðrir starfsmenn háskólans hafa einnig fjallað ítarlega um þessi mál á fundum og ráðstefnum á vegum annarra aðila, m. a. á ráðstefnu Bandalags háskólamanna nú í október. Umræðu um þessi mál er hvergi nærri lokið og mun henni verða haldið áfram á ýmsum vettvangi. Háskólinn lýsir sig reiðubúinn til að veita ráðuneyti menntamála og Alþingi alla þá aðstoð og þjónustu, sem kostur er og óskað er eftir, við frekari umræðu eða vinnu við þessi mál.

1. Atriði, sem háskólaráð vill sérstaklega benda á varðandi frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

1. Ef frumvarpið verður að lögum, mun það að öllum líkindum hafa mikil og að mörgu leyti óheillavænleg áhrif á starfsemi nokkurra deilda háskólans, einkum heimspekideildar, félagsvísindadeildar og verkfræði- og raunvísindadeildar, svo sem meðfylgjandi umsagnir greina nánar frá. Ekki verður séð, að þessara atriða hafi verið gætt sem skyldi við samningu frumvarpsins.

2. Það er skoðun háskólaráðs, að skynsamlegt sé að láta á það reyna, áður en fleiri háskólar eru stofnaðir með lögum í svo fámennu þjóðfélagi sem okkar, hvort þeir tveir skólar, sem fyrir eru geti ekki ræktað með sér þjóðhagslega heppi-

legt samstarf, þar sem hvorugt er útilokað, að skólarnir verði áfram sjálfstæðar stofnanir eða þeir renni saman í eina stjórnskipulega heild, þegar aðstæður leyfa.

Samvinna af því tæi gæti orðið fyrirmynd, þegar fjallað yrði um frekara tækninám eða búnaðarfræðslu á háskólastigi, svo að eitthvað sé nefnt af því, sem til umræðu hefur verið.

3. Í meðfylgjandi umsögnum er bent á þann tvíverknað, sem í því er fólgin, að Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands fari hvor inn á hins svið. Svo hefur að visu verið í nokkrum mæli að undanförunu, en tvíverknaðurinn mundi aukast, ef frumvarpið verður lögfest. Gjalda ber varhuga við þeim kostnaðarauka og stjórnunarerfiðleikum, sem slíkt hefur í för með sér fyrir yfirstjórn menntamála. Náin, frjáls samvinna skólanna er líkleg til að sniða af mestu vankantana í þessu efni og forðast ber ótímabæra löggjöf, sem torveldaði slíkt.

4. Með tilliti til framansagðs er það ósk háskólaráðs, að reynt verði að koma á umræðuvettvangi milli Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, þar sem málið verði skoðað á nýjan leik af þessum tveimur aðilum í samvinnu við ráðuneyti menntamála. Gæti það orðið með fleiri en einum hætti, t. d.:

Rektorur skólanna verði falin athugun málsins í samvinnu við fulltrúa ráðuneytisins.

Tveimur fulltrúum frá hvorum skóla auk rektora verði falið að skoða málið að nýju undir forsjá ráðuneytisins.

Nauðsynlegt er að rúmur tími gefist til þessarar athugunar, þar sem mikilvægt hlýtur að teljast að viðhlítandi skipulag fái, sem kemur í veg fyrir óþarfan tvíverknað í starfi skólanna og kostnaðarauka, sem það hefur í för með sér.

Niðurstöður, sem fengjust með þessum hætti gætu orðið fyrirmynd að samvinnu þessara aðila við aðrar stofnanir hér á landi, er íhuguðu fræðslu og vísindastörf á háskólastigi.

(Hér er sleppt þeim köflum ályktunarinnar er varða frv. til laga um framhaldsskóla og frv. til laga um embættisgengi kennara.)

Umsögn háskólaráðs um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands:

Um starfrækslu háskóla við íslenskar aðstæður.

Skipan og rekstur háskóla við íslenskar þjóðfélagsaðstæður fela í sér ýmis almenn vandkvæði sem nauðsyn er að hafa í huga þegar stefnt er að lagasetningu um háskóla. Hér verða talin nokkur vandamál sem Háskóli Íslands telur sig eiga við að stríða. Þessi vandamál snerta Kennaraháskóla Íslands bæði beint og óbeint. Önnur sérstök ástæða er til að benda á núverandi vandkvæði við starfrækslu háskóla á Íslandi. Undanfarnar breytingar og tillögur til breytinga á lægri skólastigum hljóta að hafa viðtæk áhrif á rekstur og skipan allra skóla á háskólastigi.

Á seinasta áratug hafa orðið miklar breytingar á Háskóla Íslands. Skólinn hefur stækkað mjög, námsgreinum fjölgað og upp verið teknir nýir kennslu- og námsþættir, einnig í eldri deildum skólans. Breytingarnar á skipan námsins eru einum þræði beinar afleiðingar af vexti skólans en öðrum þræði hafa þær vrið gerðar visvitandi og af ráðnum hug til að færa háskólastarfið til betri vegar. Í flestum tilfellum hefur breytingu og aukningu í starfsemi háskólans borið mjög brátt að og venjulega hafa háskólinn og yfirvöld menntamála átt erfitt með að gera sér fulla grein fyrir heildaráhrifum eða heildarkostnaði ákvarðana um einstaka breytingar. Af þessu hefur það hlotist að oft hefur verið lagt út í verkefni sem ekki var tryggt að unnt yrði að ljúka. Jafnframt má það heita algild regla að við ný verkefni sé ekki tekið tillit til aukins sameiginlegs kostnaðar og þjónustu. Þannig eru nú framundan margir örðugleikar við rekstur einstakra deilda og námsbrauta og í rekstri og þjónustu háskólans alls.

Um nauðsyn sveigjanlegrar námsskipanar.

Eitt meginmarkmið þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á námsskipan Háskóla Íslands á síðasta áratug er að auka sveigjanleika og fjölbreytni í kennslu og námi. Þessarar stefnu gætir í öllum deildum, jafnvel hinum elstu og hefðbundnari, þar sem ýmis söguleg og efnisleg rök mæla með því að nám sé nokkuð fastmótað og einskorðað.

Aðstæðurnar til þess að eðlilegt og æskilegt er að gera námsskipan sameiginlegri eru einkum þrjár. Í fyrsta lagi gefur slíkt fleiri kosti á því að koma til móts við óskir nemenda um sundurgreindari og sérhæfðari samsetningu náms. Í öðru lagi er með auknum sveigjanleika unnt að láta nemendur í ýmsum deildum og námsbrautum nýta námskeið sameiginlega og auka þannig hagkvæmni í rekstri skólans. Í þriðja lagi miðar sveigjanleg námsskipan að því að kennsla í einstökum námsgreinum geti tekið nauðsynlegum breytingum og fylgt framförum í hverri fræðigreini án þess að það raski skipan námsins í heild.

Það sem einkum hefur staðið í vegi fyrir því að hægt væri að auka sveigjanleika í námsskipan svo sem æskilegt væri er smæð Háskóla Íslands; nemendur eru of fáir til þess að unnt sé að kenna sama námsefni á nokkuð mismunandi hátt fyrir mismunandi hópa nemenda, en það er forsenda samnýtingar námskeiða að sveigja megi námsefnið að nokkru leyti að sérþörfum einstakra hópa.

Það yki verulega á olnbogarúm Háskóla Íslands í þessum efnum ef honum bættist svo fjölmennur hópur sem nú sækir í Kennaraháskólann, og hlýtur að þurfa að tileinka sér fræðaefni sem í mörgum tilfellum er alveg hliðstætt því sem þegar er kennt við Háskóla Íslands.

Á sama hátt hlyti það að gefa tilefni og tækifæri til sveigjanleika í kennslu- og uppeldisfræðum — þ. e. þeim greinum sem Kennaraháskólanum er samkvæmt frumvarpinu einkum ætlað að sinna — að vera í svo nánu sambýli við aðrar greinar háskólanáms að þær gætu nýtt þessar greinar fyrir sína nemendur.

Um nauðsyn samvinnu og samræmingar.

Það leiðir auðsjáanlega af þeirri stefnu Háskóla Íslands að gera námsskipan sveigjanlegri, að deildir og námsbrautir skólans verða að hafa náð samstarf og samvinnu sín á milli. En það liggja ýmis önnur rök til þess að auka samstarf deilda en þau ein að samstarfið sé forsenda þess að unnt sé að auka sveigjanleika í námsskipan.

Þar sem Háskóli Íslands býr og hlýtur ævinlega að búa við knöpp gæði í flestum efnum er ljóst að þessum gæðum verður að útdeila sameiginlega og í samráði við allar deildir. Það er óviðundandi að tilfæranleg gæði séu svo fast bundin afnotum eins aðila að unnt sé að láta þau ónotuð, þegar annan aðila innan háskólans skortir tilfínanlega gæði sömu tegundar. Þetta á meðal annars við húsnæði og búnað ýmiss konar, þjónustu og skiptingu almennra fjárveitinga.

Ákvörðun um skiptingu og nýtingu almennra gæða verður aldrei tekin svo að allir uni sémilega við hana nema aðilar hafi sjálfir samvinnu um ákvarðanir og taki hver tillit til þarfa og röksemda annars. Það er Háskóla Íslands jafnframt nauðsyn að geta sjálfur tekið ákvarðanir í slíkum efnum. Ef Háskóli Íslands getur ekki komið sér saman um úrlausn slíkra mála, verða þau leidd til lykta á einhverjum öðrum vettvangi, þar sem greinilega væri torveldara að koma fram öllum málavöxtum allra aðila hvers máls.

Ýmsar ástæður liggja til þess að eðlilegt er að samræma sem mest ýmis formsatriði í námsskipan allra deilda. Sömuleiðis mælir margt með því að reynt sé svo sem kostur er að samræma námsálag í mismunandi deildum. Slík samræming auðveldar þá þjónustu sem háskólinn veitir einstökum deildum og öllum kennurum

og nemendum, en jafnframt er samræming forsenda þess að skólinn mismuni hvorki kennurum innbyrðis né heldur nemendum innbyrðis. Í þessu sambandi má til dæmis benda á að samræming kennslutíma er verulegt kjaraatriði fyrir nemendum og kennara. Samræming námsálags er einnig verulegt kjaraatriði fyrir stúdenta vegna námslána og eins vegna þess að laun þeirra að námi loknu ráðast meðal annars af lengd námstímans. Forsenda þess að samræma megi námsskipan og kennslutilhögun er sú að allar deildir og námsbrautir á háskólastigi vinni saman og fylgist sæmilega með þróun mála hver hjá annarri.

Að lokum er ljóst að samstarf ólíkra deilda getur orðið að ýmsum almennum notum í fræði- og kennslustarfi einstaka deilda. Ýmis ytri atriði fræðanna og kennslunnar eru hin sömu hjá öllum deildum þótt viðfangsefnin séu ólík. Samvinna deilda stuðlar að því að hver deild nýti aðferðir eða hugmyndir sem reynst hafa vel í öðrum deildum, slíkt stuðlar að eðlilegri endurnýjun og gagnrýni á daglegu kennslu- og fræðastarfi.

Það er einkum í þessu síðasta tilliti sem starfræksla kennaramenntunardeildar eða kennslufræðastofnunar innan Háskóla Íslands hefði bætandi áhrif á samvinnu allra háskóladeilda og námsbrauta. Slík deild innan háskólans hlyti að láta til sín taka við skipulagningu og framkvæmd kennslu og prófa við háskólann allan og skapaði þannig grundvöll fyrir hversdagslegu samstarfi allra deilda, en án slíkra hversdagslegra samskipta hlýtur öll samvinna deilda að vera í senn formleg og stíð. Á sama hátt er ljóst að kennsla og fræði kennaranámsdeildar eða stofnunar nýti góðs af daglegum samskiptum við þær deildir sem fjalla fræðilega um það efni sem nemendur yrðu menntaðir til að kenna.

Um viðtækt hlutverk háskóla.

Háskólinn hefur við allar sínar ákvarðanir lengst af tekið aðallega mið af sjónarmiðum fræðanna sem við skólann eru iðkuð. Háskólinn hefur þannig talið það meginhlutverk sitt að skila nemendum nokkurn spöl að því marki að gerast fræðimenn hver á sínu sviði.

Slíkt sjónarmið hlýtur ævinlega að vera haft í hávegum. Háskólanum er í lögum ætlað það hlutverk að stunda rannsóknir. En jafnvel þótt háskólinn ætti einungis að miðla fræðum sem mótuð væru annars staðar, hlyti sú krafa að vera gerð til hans að hann fylgdist með í þeim fræðum sem honum bæri að miðla og liti á námsefni og kennsluhætti undir sjónarhorni fræðanna — ekki síður en með hliðsjón af þörfum og óskum nemenda og stjórnvalda.

Á síðustu árum hafa leitað til háskólans æ fleiri nemendur sem af ýmsum ástæðum óska ekki eftir að stunda nám, sem aðeins er skipulagt með fræðistörf í huga. Jafnframt hefur háskólinn tekið upp kennslu í ýmsum hagnýtum greinum sem ekki hafa sjálfstætt fræðagildi en eru reistar á grunni ýmissa fræða. Þessi þróun sýnir að háskólinn stefnir að því að veita öllum þeim nemendum sem til hans leita einhverja úrlausn og jafnframt að því að geta veitt ýmiss konar starfsmenntun sem byggist á fræðilegum grunni og getur nýst í íslensku samfélagi.

Þessi stefnumið bæði styrkja það að háskólinn verði að hafa námsskipan sem sveigjanlegasta og að deildir háskólans verði að starfa saman. Auk þess er ljóst að háskólinn verður að efla starfshætti sem ekki ráðast af sjónarmiðum fræðanna einna. Hér skulu aðeins nefnd tvö sérstök viðfangsefni á þessu sviði.

Til þess að veita nemendum sæmilegar viðtökur verður háskólinn að taka upp námsráðgjöf innan sinna veggja. Námsráðgjöf hefur nokkuð lengi verið til umræðu innan háskólans, og hafa menn verið á einu máli að henni þyrfti að koma á fót, en lítið hefur orðið úr framkvæmd. Háskólinn hefur lítið fé til að standa undir slíkri starfsemi, sé henni ætlað að vera sjálfstæð, þess vegna hefur sú litla námsráðgjöf sem veitt hefur verið, öll verið á hendi kennara eða á hendi nemenda. Báðir þessir hópar eru vel færir um að sinna einstökum þáttum námsráðgjafar:

Kennarar geta gefið góðar upplýsingar um námið og námskröfur, nemendur kunna skil á námsaðstæðum og viðmóti einstakra skóla eða deilda, en hvorugur hópurinn er vel í stakk búinn til að leiðbeina þeim sem annað hvort eru í vandræðum í námi eða eru að leita sér að námi, en geta þó hvorki hnitmiðað spurningar sínar né gert sér ljósa grein fyrir hvers konar nám sé við þeirra hæfi. Í þessu efni ætti starfslið Kennaraháskólans augljóslega að vera Háskóla Íslands kærkominn liðsa- auki um leið og námsráðgjöf væri kennslu- og uppeldisfræðingum hvati og efni- viður til rannsókna á þeirra fræðasviði.

Annað sérstakt viðfangsefni er skipulagning nýrra námsgreina. Þegar háskól- inn stofnar til kennslu í grein sem ekki hefur áður verið kennd hér á landi verður hann yfirleitt að fá til skipulags kennslunnar og síðar til kennslunnar sjálfrar menn sem ekki hafa áður sinnt kennslu í greininni. Af þessu hljóta að skapast ýmiss konar byrjunarörðugleikar, sem oftast mætti draga úr ef háskólinn væri þess umkominn að gera sér fyrirfram nána grein fyrir eðli kennslu í greininni og hefði á að skipa starfsliði er gæti veitt nýliðum í skipulagningu og kennslu al- menna aðstoð. Greinilegt er hér að þeir menn sem lagt hafa sérstaka stund á kennslufræði gætu verið að hinu mesta liði.

Enn er eitt hlutverk háskóla sem hér er vert að nefna. Háskólalíf hefur lengstum verið með öðrum hætti og daufara hérlandis en við flesta erlenda háskóla. Nem- endur hafa haft fremur lítil kynni hverir af öðrum nema innan deilda þar sem þeir vinna allir saman að svipuðum verkefnum. Þeir hafa átt erfitt með að sam- einast um nokkur viðfangsefni eða áhugamál önnur en bein, nánast stéttarleg, hagsmunamál. Nær einu undantekningarnar í þessu efni eru að finna í íþróttasam- tökum nemenda og í þátttöku þeirra í tónlistarlífi. Svipaða sögu er reyndar að segja af samskiptum kennara háskólans sín á milli, þau mótast öll af starfslegum erindum og sameiginlegri hagsmunabaráttu. Þessi deyfð og takmörkun háskólalífs- ins hefur ýmis augljós og óæskileg áhrif á allt starf háskólans.

Þetta ástand stafar af því að fátt í starfsemi háskólans höfðar beint til allra nemenda og kennara án tillits til þess hvaða sérgrein þeir nema eða kenna og án tillits til stéttarlegra hagsmuna. Það skortir við háskólann einhverja þá daglega starfsemi sem er áheyrileg eða ásjáleg fyrir alla án tillits til sérhæfingar. Háskól- inn gæti að visu, ef hann hefði fjármagn til, efnt til sérstakrar starfsemi í þessu auginamiði eða aukið mjög stuðning við þá litlu starfsemi sem nú er haldið uppi, en hitt virðist þó líklegra til árangurs að háskólinn stefndi að því að taka upp kennslu í listum og öðrum þeim greinum sem gefa af sér það sem laðar menn til samskipta yfir markalínur sérþekkingar og hagsmuna.

Um stöðu háskólans í þjóðfélaginu.

Háskóla er í senn skylt og nauðsynlegt að hafa nán og viðtæk tengsl við menn og málefni þess þjóðfélags, sem hann starfar í og á að þjóna. Háskóli hlýtur að leitast við að taka í starfi sínu sem nánast mið af aðstæðum í þjóðfélaginu öllu, af atvinnuháttum og menningarstraumum, af almennri stjórn málaumræðu og sérstökum þjóðfélagslegum vandamálum og viðfangsefnum. Jafnframt er háskóla skylt að hafa áhrif, bein eða óbein, á þróun mála og meðferð í mörgum greinum þjóðlífsins. Nemendur og kennarar háskóla hafa hver um sig áhrif sem mótast af háskólalífinu, en jafnframt hafa háskólar í eigin nafni ýmis bein áhrif út á við. Háskólar veita ýmsa fræðilega þjónustu aðra en beina kennslu og leitast við að miðla fræðum sínum sem víðast, ekki aðeins til eigin nemenda heldur til þjóð- félagsins alls.

Mörgum þykir Háskóli Íslands hafa vanrækt þetta hlutverk sitt í íslensku þjóðfélagi. Má þar nefna að háskólanum er oft borið á brún að hann sinni ekki nægilega þörfum atvinnuveganna. Mörgum háskólamönnum þykja einnig sjónarmið og vandamál háskólans mæta litlum skilningi utan háskólans og telja jafnframt

að rekja megi þetta skilningsleysi til vanþekkingar er háskólinn sjálfur gæti bætt úr. Hér verða nefnd tvö atriði þessa efnis.

Háskólinn hefur haft á hendi menntun kennara í menntaskólum og í gagnfræðaskólum. Þannig hefur kennsla á lægri skólastigum mótast mjög af kennslu og fræðaiðkun við háskólann. Þetta á að einhverju marki við um nær allar kennslugreinar í menntaskólum, en þó sérstaklega við um íslensk fræði og sagnfræði, en fer í vöxt í mörgum öðrum greinum. Þótt háskólinn hafi þannig haft óbein áhrif á menntun á lægri skólastigum hefur hann sjaldan tekið sér fyrir hendur að hafa bein áhrif á eða íhlutun um málefni þessara skóla. Slík bein íhlutun væri þó eðlileg þar sem starfsskilyrði háskólans ráðast mjög af því hvernig nemendur eru búnir til háskólanáms er þeir innritast í háskólann. Aðskilnaður háskólans og Kennaraháskólans og þá einkum flutningur alls kennslu- og uppeldisfræðanáms í Kennaraháskólann myndi torvelda mjög það samband sem eðlilegt er og æskilegt milli háskólans og þeirra skóla er undirbúa nemendur undir háskólanám.

Annað atriði er ekki síður mikilvægt. Háskólinn hefur af og til á ferli sínum borið það við að miðla fræðum sínum og viðhorfum til almennings bæði til að veita almennungi aðgang að þeim fræðum sem iðkuð eru við háskólann og eins til hins að kynna starfsemi háskólans og háskólalífið. En þessi starfsemi hefur verið stopul og lítt samhæfð enda hefur háskólinn skort fjármagn, aðstöðu og tækifæri til að halda stöðugt uppi slíku starfi svo sem æskilegt væri. Í háskólanum hefur til þessa ekki verið nein starfseining sem af hagnýtri nauðsyn hlyti að laða að skólanum nægilega fjölmennan og fjölskrúðugan hóp manna, annarra en skráðra háskólastúdenta, í leit að fræðslu. Brýnt er að koma á fót slíkri starfseiningu til að styrkja háskólann í viðleitni hans til að miðla upplýsingum og þekkingu til allra þeirra sem eftir henni sækjast. Einstakar deildir hafa að visu oft haldið námskeið eða ráðstefnur fyrir brautskráða nemendur og áhugamenn, en flest slík námskeið og ráðstefnur hafa fjallað um hnitmiðuð efni og hafa því aðeins höfðað til lítils hóps. Ekki hefur slíkt ráðstefnu- og námskeiðahald heldur orðið svo fastur liður í starfi deilda að það gæti gefið almenningsfræðslu háskólans nauðsynlegan skriðþunga, þó að einmitt slíkt endurmenntunarstarf sé líklegastur vísir að starfsemi er lyti að almenningsfræðslu.

Aðildarfélag Bandalags háskólamanna hafa á síðustu árum oft látið í ljós óskir um að háskólinn styddi þau í viðleitni þeirra í þessum efnum. Þar sem flest félaganna eru smá og jafnframt samstæð er starfsemi hvers þeirra um sig of lítil og einhæf til að geta staðið sjálfstæð og jafnframt óhentug til að mynda kjarna víðari fræðsluviðleitni. Félögin hafa sjálf ekki fjárhagslegt holmagn til að standa ein undir sérhæfðri fræðslu og háskólinn getur lítinn stuðning veitt í því efni.

Stjórnvöld hafa heldur ekki séð sér fært að styðja slíka starfsemi fjárhagslega að nokkru marki nema í einu tilviki: Endurmenntun kennara er skipulögð og rekin með verulegum tilkostnaði af hendi ríkisins. Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins um Kennaraháskólann er honum ætlað að hafa allan veg og vanda af endurmenntun kennara í þeim efnum sem lúta að framkvæmd kennslu. Endurmenntun kennara í fræðigreinum þeirra ætti þá á sama hátt að vera á hendi háskólans. Langeðlilegast virðist vera að allir þættir endurmenntunar kennara væru á hendi einnar stofnunar sem sameinaði bæði hin einstöku fræði og umfjöllun um miðlun þeirra til nemenda.

Niðurlagsorð

Eins og vikið var að í upphafi þessarar umsagnar eru þau vandamál háskólans sem hér hafa verið rakin miklu víðari og umfangsmeiri en svo að þau snerti þetta lagafrumvarp eitt. Vandamálin eru reyndar ekki þannig vaxin að unnt

sé að leysa þau með lagasetningu, þótt góð lagasetning ætti að stuðla að lausn margra þeirra.

Nú eru til umfjöllunar og endurskoðunar ýmisleg ákvæði um menntun á háskólastigi önnur en þau lög sem hér hefur verið fjallað um. Þar má nefna lög um tæknimenntun og lög um búnaðarskóla. Ennfremur eru nú til umfjöllunar frumvarp til laga um framhaldsskóla en eins og nefnt var í upphafi er þar gert ráð fyrir miklum breytingum á námi á framhaldsskólastigi, breytingum sem hljóta óhjákvæmilega að hafa mikil áhrif á allt háskólastarf, þótt enn verði ekki séð hver þau áhrif verða.

Umsögn félagsvísindadeildar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Í þessari umsögn verður fjallað um það grundvallaratriði í frv., sem snertir Háskóla Íslands og félagsvísindadeild hans beinlínis, þ. e. ákvæði um að öll uppeldis- og kennslufræðimenntun allra kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi skuli fara fram innan vébanda Kennaraháskóla Íslands, svo og kennsla til B.A. prófs í uppeldisfræði, sbr. l. 16. og 21. gr. frv.

Að öðru leyti verður ekki fjallað um einstakar greinar frumvarpsins, þar eð mat á þeim hlýtur að hvíla á þeim megingrundvelli, sem frumvarpið er byggt á, og sé honum hafnað, eins og hér er gert, verða athugasemdir um einstök atriði merkingarlaus.

Í frv. kemur fram sú meginstefna, að kennaramenntun á Íslandi skuli efla og samræmd og þá einkum hinn uppeldis- og kennslufræðilegi hluti hennar. Félagsvísindadeild tekur eindregið undir þetta markmið sem almennt stefnumál, enda þótt hún geti ekki fallist á þá leið sem valin er til slíkrar eflingar í frv.

Félagsvísindadeild vill benda á, að flutningur uppeldisfræði úr deildinni til Kennaraháskólans er líklegur til þess að hafa ýmsar veigamiklar afleiðingar í för með sér. Þessar eru þær helstu:

- 1) Þegar unnið var að stofnun félagsvísindadeildar fyrir tæpum tveimur árum, var sú röksemd sett á oddinn, að með samskipan uppeldisfræði, sálarfræði og þjóðfélagsfræða í eina heild fengist mun hagkvæmari samnýting námskeiða en verið hafði. Menntamálaráðuneytið féllst á þessa röksemd, eins og fram kom við umfjöllun lagabreytingar á lögum um Háskóla Íslands, er tók til þessa máls. Eftir af félagsvísindadeild tók til starfa fyrir einu ári, hefur verið ótullega unnið að námsskipan, sem felur í sér hagkvæma samnýtingu. Er námsskipan deildarinnar nú svo háttáð, að þessar þrjár greinar eru byggðar upp hver með hliðsjón af annarri, t. d. er námsskrá í sálarfræði til B.A.-prófs háð því að uppeldisfræði sé kennd við deildina. Flutningur uppeldisfræðinnar hlýtur því að hafa mjög óheppileg áhrif á alla námsskipan deildarinnar.
- 2) Rannsóknastarf í deildinni byggir á náinni samvinnu milli kennara í ýmsum greinum. Stefnt er að því, að rannsóknum sé þannig hagað, að þær geti fjallað um viðfangsefni, sem hafa allt í senn uppeldislega, sálfræðilega og félagsfræðilega skírskotun. Sem dæmi um verkefni af þessu tagi má nefna, að nú er í gangi stórt rannsóknaverkefni með aðild kennara í sálarfræði og uppeldisfræði frá félagsvísindadeild og félagsfræðinga frá erlendri stofnun. Að öðru verkefni er og unnið, sem kennarar í félagsfræði og uppeldisfræði stjórna. Full ástæða er til að æila að slík samvinna milli greina um rannsóknaverkefni muni aukast verulega í framtíðinni verði deildinni ekki sundrað. Augljóst má vera að mun erfiðara verður um vik að halda áfram slíkri samvinnu, ef kennarar starfa í tveim aðskildum stofnunum. Reynslan hefur a. m. k. orðið sú, að engin samvinna hefur til þessa komist á milli félagsvísindadeildar og KHÍ um rannsóknastörf. Hefur það ekki komið að haldi, að í gildi eru lög og reglugerð um rannsóknasamstarf þessara tveggja stofnana (sjá bls. 11 í greinargerð frv.).

- 3) Í lögum HÍ er ákvæði, er lýtur að því, að til þess að heimilt sé að stofna nýja deild við H.Í. skuli vera starfandi þrjú prófessorar hið minnsta í hinni nýju deild. Nú eru starfandi þrjú prófessorar í félagsvísindadeild. Við flutning uppeldisfræðinnar yrðu einungis tveir eftir. Við það er veigamikil forsenda fyrir áframhaldandi starfrækslu deildarinnar brostin, og kæmi því til álita að leggja hana niður. Ef hins vegar yrði ákveðið að starfrækja deildina áfram, myndu óeðlilega miklar stjórnunarskyldur lenda á hinum tveimur prófessorum, sem eftir sitja, og hljóta þær að sjálfsögðu að bitna mikið á öðrum störfum þeirra (kennslu og rannsóknum).

Skiljanlegt er, að höfundum frv. verði fyrst fyrir, að leggja til flutning uppeldisfræði úr H.Í., þegar þangað er seilst til kennarakrafta. Undarlegra er, að ekki skuli einnig lagt til, að sálarfræðin sé flutt, þegar þess er gætt, að í raun hefur ætíð verið lögð fullt svo mikil áhersla á kennslu í sálarfræði við KHÍ og fyrirrennara hans Kennaraskóla Íslands. Þá má minna á, að í Kennaraháskóla Danmerkur er sálarfræði kennd til magistersprófs. Hvergi er að þessum möguleika vikið í frv.

Þetta ber þó ekki að skilja svo, að félagsvísindadeild sé meðmælt slíkum flutningi, heldur er frá þessu skýrt til þess að vekja athygli á ósamkvæmni í stefnu-mörkun frumvarpsins.

Félagsvísindadeild þykir mjög skorta á, að yfirvegaðir hafi verið allir þeir möguleikar, sem til greina geta komið, þegar um er að ræða eflingu KHÍ. Í frumvarpinu er ein leið valin og gerð rækileg grein fyrir kostum hennar í greinargerð. Hvergi er minnst á, að fleiri leiðir séu hugsanlegar, jafn sjálfsagt og það hlýtur þó að vera. Skal hér bent á nokkra valkosti, sem félagsvísindadeild finnst eðlilegt að athugaðir hefðu verið:

- 1) Flutningur félagsvísindadeildar í nábýli við KHÍ. Með því móti mætti koma á allri þeirri samvinnu um kennslu og rannsóknir, sem háðum aðilum er þörf á. Virðist sem þannig mætti mæta óskum höfunda um „hagsýni... í meðferð mannafla, veraldlegra fjármuna eða annars, er til verðmæta kann að teljast“ (bls. 12). Með því að velja þessa leið, hefði mátt fresta ákvörðun um flutning uppeldisfræðinnar, en í stað þess biða eftir reynslu um samvinnu.

Frv.höfundum hefði mátt vera kunnugt um, að félagsvísindadeild er í miklu húsnæðishraki, og að innan deildarinnar er talsverður áhugi á nábýli eða jafnvel sambýli við KHÍ vegna hugsanlegrar samvinnu. Deildinni virðist vel geta komið til greina, að KHÍ og HÍ byggji sameiginlegt húsnæði á lóð KHÍ.

- 2) Sú leið er hugsanleg að sameina félagsvísindadeild og kennaramenntun í tveggja deilda háskóla. Þessi lausn er alvarlegrar umræðu verð vegna skyldleika viðfangsefna og hentugar stjórnunarstærðar.

Í 39. gr. er „heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara, þar á meðal að skólinn starfi að hluta á Akureyri“. Margra hluta vegna er óeðlilegt, að tveir háskólar starfi í Reykjavík, en enginn utan höfuðborgarinnar. Af þeim sökum má hugleiða, að háskóli er taki til félagsvísinda og kennaramenntunar sé stofnaður utan Reykjavíkur, t. a. m. á Akureyri.

- 3) Í greinargerð frv. er ekki að því vikið einu orði, að efling kennaramenntunar sé betur tryggð í sérstökum háskóla heldur en t. a. m. sem sérstök deild, kennaradeild í HÍ. Það má undarlegt heita, að þessi leið skuli ekki hafa verið rædd og þá borin fram rök gegn henni hafi höfundum sýnst hún ófær. Eins og stjórn HÍ er háttáð, er ekki sjáanlegt að KHÍ myndi missa mikils um sjálfstæði við slíkan samruna. Deildir HÍ eru tiltölulega óháðar hver annarri fjárhagslega og skipulagslega. Öll meiri háttar málefni KHÍ og HÍ lúta sömu yfirstjórn, þ. e. menntamálaráðuneytisins. Þá væri mikið hagræði fólgið í samræmdri námsskipan í háðum skólunum, m. a. gæti það aukið verulega samnýtingu námskeiða milli slíkrar kennaradeildar annars vegar og fjölmargra kennslugreina annarra deilda Háskólans hins vegar. Auk þess gæti slíkt fyrir-

komulag greitt fyrir aðgöngu nemenda úr KHÍ að öllu námi í HÍ og eytt óþarfri samkeppni um kennslukrafta, svo að eitthvað sé nefnt.

Niðurstaðan félagsvísindadeildar að lokinni athugun á frv. verður því svo-látandi:

Enda þótt deildin styðji af alhug hugmyndir um eflingu kennaramenntunar í landinu og líti á hana sem fyllilega tímabæra, er hún ósamþykk þeirri leið, sem lögð er til í frv., og telur auk þess að svo margt sé enn óathugað um æskilegustu leiðir til slíkrar eflingar, að óverjandi sé að samþykkja frv. í núverandi mynd. Því leggur deildin til að frv. sé hafnað.

Í þess stað verði skipuð ný frumvarpsnefnd með jafnri þátttöku KHÍ og HÍ ásamt aðild menntamálaráðuneytisins. Þá leggur deildin til, að þegar í stað verði þess freistað að taka upp nána samvinnu milli félagsvísindadeildar og KHÍ og verði í því skyni skipuð samstarfsnefnd kennara og nemenda úr báðum skólum.

Umsögn heimspekideildar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Heimspekideild telur sér ekki fært að gera athugasemdir við einstök atriði frumvarpsins önnur en þau sem varða beinlínis heimspekideild og starfsvettvang hennar.

Þessi atriði eru í 1. gr., 15. gr., 17. gr., 21. gr. og 26. gr.

Athugasemdir við 1. grein.

Í 2. mgr. 1. gr. er kveðið svo á um að KHÍ skuli annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi. Nú mun því hvergi lýst í frumvarpinu né greinargerð þess hvað felst í orðinu kennslufræði, en eðlilegast virðist að skilja það sem fræði um það hvernig kenna skuli. Virðist þá mega ráða af ákvæði þessu að KHÍ skuli falið að kenna hvernig kenna skuli greinar á framhaldsskólastigi, svo sem ensku, íslensku og heimspeki sem eru meðal kennslugreina heimspekideildar.

Nám í fræðigreini og nám í því hvernig sömu grein skuli kenna hlýtur að ýmsu leyti að fara saman og getur styrkt hvort annað. Heimspekideild telur því brýnt að samráð og samvinna verði milli KHÍ og þeirra deilda eða námsbrauta HÍ sem brautskrá kennara í einstökum fræðigreinum sem kenndar eru í framhaldsskólum. — Erfitt getur orðið að skipuleggja slíka samvinnu (t.d. við námskrárgerð) nema HÍ og KHÍ verði stjórnunarlega tengdir, og að KHÍ verði ekki einum og að öllu leyti falið að annast kennslufræðilega menntun kennara.

Í 4. mgr. 1. gr. er kveðið svo á um að KHÍ skuli í samvinnu við menntamálaráðuneytið annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Þetta ákvæði felur í sér að KHÍ skuli falið að endurmennta og bæta menntun kennara sem útskrifast með B.A.- próf eða B.S.- próf frá HÍ.

Heimspekideild telur eðlilegt að nám í kennslufræðum og nám í viðkomandi kennslugrein fari saman. Þegar stefnt er að endur- eða viðbótarmenntun kennara og að KHÍ og viðkomandi deildir eða námsbrautir HÍ þurfi því að vinna saman við skipulagningu slíkrar kennslu.

Athugasemdir við 15. grein.

Í þessari grein eru ákvæði um námseiningar og skiptingu náms í KHÍ í eininga-blokkir. Heimspekideild telur þessi ákvæði eiga heima í reglugerð.

Athugasemd við einingaákvæðin: Gert er ráð fyrir að 3ja ára nám til kennaraprófs skiptist í 105 einingar (35 á ári). Nám til B.A.-prófs er einnig 3 ár, en skiptist hins vegar í 90 einingar (30 e á ári). Sama skilgreining er á námseiningu (námseining

skal svara til einnar viku í námi). Ósamræmið stafar af því að námsári KHÍ er skipt í 35 virkar vikur, en námsári í HÍ í 30 vikur. Þetta ætti að vera auðvelt að samræma.

Athugasemdir við 17. grein.

17. grein setur ákvæði um skorarskiptingu námsgreina í KHÍ með ýmsum breytingum frá núverandi skipan. Allar þær námsgreinar sem hér eru nefndar eru einnig kenndar við HÍ, annaðhvort sem námskeið eða sem kennslugreinar sem spanna yfir mörg námskeið. Raunar kemur ekki fram í frumvarpinu hvort með námsgrein er átt við námskeið (t. d. í trúarbragðasögu) eða sjálfstæða kennslugrein (t. d. sagnfræði).

Af þeim námsgreinum sem nefndar eru í þessari grein eru eftirtaldar greinar kenndar í heimspekideild, ýmist sem námskeið eða kennslugreinar: Siðfræði, trúarbragðasaga, íslenska, málfræði, framsögn og hljóðfræði nútímamáls, danska og enska.

Heimspekideild lýsir sig reiðubúna til að veita KHÍ alla þá aðstoð við kennslu áður nefndra námsgreina sem hann vill þriggja — og telur sér bæði skylt og sjálf-sagt að veita slíka þjónustu.

Athugasemdir við 21. grein.

Í 21. gr. eru ákvæði um að stofna skuli til B.A.- náms í uppeldisfræði við KHÍ; þetta ákvæði felur í sér að uppeldisfræði til B.A.- prófs í félagsvísindadeild verði flutt til KHÍ (sbr. 1. gr. frumvarpsins og greinargerð með henni, þar sem þetta er tekið skýrt fram).

Þá er tekið fram í 3. mgr. 21. gr. að heimilt sé að sækja hluta náms til B.A.-prófs í uppeldisfræði til HÍ, ef þörf gerist.

Þetta ákvæði finnst heimspekideild kyndugt; þar sem um sérstakt heimildar-ákvæði er að ræða í þessu eina tilfelli virðist eðlilegt að álykta að beinlínis sé hannað að sækja annað nám til HÍ, t. d. í dönsku eða siðfræði.

Athugasemdir við 26. grein.

26. gr. hljóðar svo: „Skólaráð metur, að höfðu samráði við hlutaðeigandi greinarkennara og skor, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem nemandi hefur lokið annars staðar og að hverju leyti“.

Greinargerð með ákvæði þessu hljóðar svo: „Í gildandi lögum, 1. gr. 1. tl., er kveðið svo á um að Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands sé skylt að viðurkenna sambærilegar námseiningar eða námsþætti hvor annars, ennfremur að Kennaraháskólinn skuli hafa hliðstætt samstarf við aðra skóla, er mennta kennara í sérgreinum. Hér eru þessi ákvæði almennari og ákveðið hverjir meti slíkt nám og hverjir skulu kallaðir til ráðuneytis þar um.“ (bls. 22).

Hér er á ferðinni nánast eina ákvæðið þar sem óbeint er vikið að tengslum KHÍ og HÍ. (HÍ er nefndur í 21. gr., eins og áður kom fram, og á einum öðrum stað í frumvarpinu, þar sem þess er getið að HÍ skuli skipa mann í nefnd til að meta hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósentis).

Eigi KHÍ eftir að lenda í vandræðum með að meta nám sem væntanlegir nemendur hans kunna að hafa hlotið í heimspekideild eða öðrum skólum — og telji sig þurfa á lagaákvæði að halda til að taka á slíkum málum — er ekki ótrúlegt að heimspekideild eigi eftir að lenda í hliðstæðum vanda við að meta nám nemenda úr KHÍ. Í KHÍ eiga nemendur nú kost á að ljúka 30 eininga námi í ýmsum greinum sem kenndar eru til 60 eininga í heimspekideild, og það er því mjög líklegt að ýmsa nemendur KHÍ fýsi að afla sér 30 eininga til viðbótar í heimspekideild, og fá þannig réttindi til kennslu á framhaldsskólastigi. Þó ekki væri nema vegna þessa eina atriðis er augljóst að nán samvinna um námsskrá og tilhögun kennslu er mjög æskileg milli KHÍ og heimspekideildar í þeim námsgreinum sem kenndar eru í báðum skólunum.

Niðurlagsorð.

Mörg önnur rök en þau sem hér hafa komið fram má færa fyrir því að brýna nauðsyn ber til að KHÍ og HÍ hefji náð samstarf, en meginforsenda slíkrar samvinnu er að skólarnir verði stjórnunarlega tengdir og vinni saman við að gera námskrár sínar og kennsluáætlanir.

Þau rök að KHÍ sé ætlað að mennta kennara fyrir grunnskóla, en heimspéki-deild (og ýmsum öðrum deildum HÍ) kennara fyrir framhaldsskóla, duga engan veginn til þess að réttlæta aðskilnað þessara stofnana: Verksvið KHÍ nær yfir hluta af verksviði heimspékideildar og raunar einnig ýmsra annarra deilda, svo sem félagsvísindadeildar, verkfræði- og raunvísindadeildar og einnig guðfræðideildar. Eflaust þurfa kennarar í grunnskólum á sérstöku námi að halda í uppeldisgreinum — eins og kennarar í framhaldsskólum eru líka taldir hafa þörf fyrir — en sú menntun sem þeir þarfnast í almennum kennslugreinum, eins og landafræði, íslensku, kristinfræði, dönsku o. s. frv., er nákvæmlega af sama tagi og sú menntun sem nemendum HÍ er veitt í þessum greinum.

Það eru því engin fræðileg rök sem mæla með aðskilnaði þessara skóla — hins vegar eru til mörg rök, bæði fræðileg og hagnýt sem mæla með sameiningu þeirra. Hin fræðilegu rök varða ávinninginn sem fengist við það að kennarar þessara skóla beri saman bækur sínar, uppfræði og gagnrýni hverjir aðra eins og tíðkast í fróðskaparsetrum, og gefi nemendum sínum um leið kost á fjölbreyttari og betri menntun. Hin hagnýtu rök varða rekstur þessara stofnana, þann sparnað og þá hagkvæmni sem af því hlytist að sameina stjórnunar- og skrifstofulið skólanna. Fámenni okkar veldur sem kunnugt er gífurlegum rekstrarlegum vandræðum, vegna þess að sömu aðilar verða að gegna ótal störfum í senn. Þessi hagkvæmnisrök, sem heimspékideild treystir öðrum betur til að rekja í smáatriðum, ættu að ráða úrslitum um það að nú verði hafinn undirbúningur að náinni samvinnu þessara tveggja skóla á háskólastigi.

Umsögn viðskiptadeildar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um Kenaraháskóla Íslands.

Tilfni þess að viðskiptadeild telur rétt að veita umsögn um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands eru ýmsir annmarkar á skipulagi háskólastigsins, sem frekar vaxa en hverfa ef frumvarpið verður samþykkt.

Með háskólastigi er hér átt við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Tækniskóla Íslands og framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri. Sameiginlegt þessum menntastofnunum er að til að stunda nám í þeim þarf stúdentspróf eða ígildi þess.

Skipulag háskólastigsins hefur verið með ýmsu móti. Í upphafi störfuðu sjálfstæðir embættismannaskólar, Prestaskólinn frá 1847, Læknaskólinn frá 1876 og Lagaskólinn frá 1908. Árið 1911 sameinast þeir hver með sinni hefð í Háskóla Íslands og teljast þar deildir. Um leið er stofnuð heimspékideild. Þar sem íslensk fræði eru kennd og rannsökuð.

Síðar bætast aðrir skólar í hópinn. Viðskiptaháskólinn stofnaður 1938 sameinast Háskólanum 1941 og Lyfjafræðingaskólanum sem stofnaður er 1940 er breytt í námsbrautina Lyfjafræði lyfsala árið 1948.

Kostir sameiningar sérskólanna á háskólastigi í Háskóla Íslands eru á þessu tímabili augljósastir fyrir stjórnvöld. Samræming á kröfum og þörfum skólastigsins skeður á skólastiginu sjálfu en ekki hjá æðra stjórnvaldi. Betri nýting fæst á húsnæði, fjármunum og kennslukröftum og yfirstjórn verður ódýrari.

Samræming á námsefni milli deilda í þágu nemenda er hins vegar í algjöru lágmarki á þessu tímabili. Þó má segja að hægara hafi verið fyrir nemendum að fara á milli deilda innan háskólans en sjálfstæðra skóla.

Frekari þróun innan háskólans um og eftir síðari heimsstyrjöldina er sú, að heimspekideild er eflað með því að hafin er þar kennsla til BA-prófs. Kennsla í tannlækningum er tekin upp árið 1945. Kennsla til fyrri hluta prófs í verkfræði hefst 1940, verkfræðideildin er síðan formlega stofnuð árið 1944. Árið 1970 er henni breytt í verkfræði- og raunvísindadeild með fjölbreyttum BS-námsleiðum.

Í fyrra var gerð sú skipulagsbreyting, að ný deild, félagsvísindadeild, var stofnuð og sameinar hún eldri námsbrautir í sálarfræði, þjóðfélagsfræði, uppeldis- og kennslufræði og bókasafnsfræði.

Er nú svo komið í þróun Háskóla Íslands með tilliti til skipulags hans og námsbrauta, að líkja má honum við eins konar fjölbrautaskóla á háskólastigi. Til viðbótar við þá rekstrarhagkvæmni, sem af samnýtingu húsnæðis og stjórn-sýslu hlýst hafa nú bæst önnur einkenni. Námi í flestum deildum hefur verið skipt niður í námskeið, sem svara til ákveðinna námseininga, og nokkurt valfrelsi milli námskeiða gefið á síðari námsárum. Fyrir vikið er auðveldara fyrir nemendur að sækja sér kjörgreinanámskeið til annarra deilda og flytja með sér námskeiðsein-kunnir ef skipt er um námsbraut. Talsverð verkaskipting er milli háskóladeilda um ýmis grundvallarnámskeið fyrir fleiri námsbrautir og gefur hún aukið svigrúm fyrir háskólakennara til sérhæfingar í kennslu og rannsóknum í þessum greinum.

Sem dæmi um slíka verkaskiptingu má taka, að efnifræðiskor verkfræði- og raunvísindadeildar sér einnig um efnifræðikennslu fyrir læknadeild og lyfjafræði lyfsala. Uppeldis- og kennslufræði til fyllstu kennsluréttinda innan félagsvísinda-deildar er kennd fyrir tungumálanám í heimspekideild (BA) og raunvísindagreinar í verkfræði- og raunvísindadeild (BS) auk þess sem kennslufræði er kennd í hjúkr-unarfræðinámi. Viðskiptadeild sér um hagfræðikennslu fyrir félagsvísindadeild, kennslu í rekstrarhagfræði og bókfærslu fyrir verkfræði- og raunvísindadeild og nemendur viðskiptadeildar sækja til reiknistofnunar námskeið í tölvunotkun.

Að formi til hættir háskólastigið að rúmast allt innan Háskóla Íslands þegar Tækniskóli Íslands byrjar að kenna til tæknifræðiprófs árið 1965. Reyndar var það ekki fyrr en nokkru síðar að í ljós kom, að aðfararnám að þeirri kennslu hafði stúdentsprófsígildi og tæknifræðinámið því á háskólastigi. Síðar hefur fram-haldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri einnig verið talin til háskólastigs á grund-velli aðfararnáms síns. Árið 1971 er Kennaraháskólinn stofnaður og leysir af hólmi Kennaraskóla Íslands á lægra skólastigi.

Niðurstaða þessa yfirlits um skipulag háskólastigsins er í stuttu máli, að há-skólastigið er við upphaf aldarinnar skipt á fleiri skóla — þeir síðan sameinaðir í Háskóla Íslands, sem þróast upp í eins konar fjölbrautaskóla á háskólastigi. Á síðustu árum hafa verið stofnaðir nýir skólar á háskólastigi án innbyrðis skipu-lagstengsla. Milli þessara skóla á sér vafalítið stað tvíverknaður, sem dregur úr rekstrarhagkvæmni skólastigsins og fræðslugetu þess. Vitað er að slíkur tvíverknaður er á milli Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands í uppeldis- og kennslu-fræði, erlendum tungumálum, samfélagsgreinum og raungreinum. Að visu er sá áherslumunur, að innan kennaraháskólans er meiri áhersla lögð á kennslufræðilegt inntak námsins en rannsóknir skipa hærri sess innan háskólans. Ekki verður því þó í mót borið að ýmis byrjunarnámskeið mætti nýta betur ef til stjórnunarsam-lögunar kæmi milli þessara skóla, auk húsnæðis, kennslutækja og stjórn-sýslu.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Kennaraháskóla Íslands er gefið til kynna að unnt sé að draga úr tvíverknaði með því að flytja til hans kennslu og rannsóknir á sviði uppeldis- og kennslufræði, sem nú fara fram innan Háskóla Íslands. Þær námsbrautir innan háskólans, sem notið hafa uppeldis- og kennslufræði sem stoðgreinar yrðu að leysa vanda sinn með því að sækja greinina til kennara-háskólans.

Gegn þessari fyrirætlan frumvarpsins mæla tvær röksemdir. Sú fyrri hnígur að því að á þennan hátt sé einungis reynt að leysa hluta af tvíverknaðarvandnum,

nefnilega einnar greinar, en hann nær til fleiri greina svo og samnýtingar fjármuna og stjórnýslu, eins og getið var.

Síðari röksemdin er sú, að vandkvæðum er bundið að fá tvær eða fleiri skipulagsheildir á sama stjórnvaldsstigi til samstarfs. Sú meginregla gildir, að gagnkvæm tengsl beri að leysa innan sömu skipulagsheildar. Þau gagnkvæmu tengsl, sem skapast við að samræma þarf notkun kennaraliðs, húsnæðis og tækjakosts og gerð kennsluskrár og námskeiða verða ekki til lengdar leyst með samstarfi eingöngu milli tveggja jafnsettra og sjálfstæðra skipulagsheilda. Enda hefur ekkert á slíku samstarfi bólað til þessa, þrátt fyrir augljósa hagkvæmni þess. Einvörðungu stjórnunarleg samlögun skipulagsheildanna getur tryggt skynsama samfléttun þessara þátta. Öll þróunarsaga samræmds framhaldsskóla erlendis sem héraendis hnigur í þessa átt og er ein meginforsendan fyrir því að einn samræmdur skóli hafi meiri sveigjanleika og fræðslugetu en margir sjálfstæðir skólar. Verður að líta svo á að þá reynslu megi einnig heimfæra á háskólastigið.

Niðurstaðan er, að leið sú sem frumvarpið fer til að leysa tvíverknaðarvandann — að gefa kennaraháskólanum einkaleyfi á kennslu og rannsóknnum í uppeldis- og kennslufræðum — sé ekki fær nema kennaraháskólinn hafi áður sameinast háskólanum stjórnunarlega og myndað þar sérstaka deild. Hljóti frumvarpið samþykki í núverandi mynd má búast við að það kalli fram ástæðulausa spennu milli þessara tveggja háskóla en leysi ekki vanda þeirra.

Sú tillaga er því gerð hér, að frumvarpið verði ekki lagt fram í núverandi mynd. Í stað þess verði skipuð nefnd til að kanna og gera tillögur um skipulag háskólastigsins í heild eins og þegar hefur verið gert fyrir grunnskólastig og framhaldsskólastig.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands

Vegna tilmæla menntamálaráðuneytis sendi ég stutta umsögn um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Höfundar frumvarpsins þekkja til hlítar starf og stefnu skólans og vita öðrum fremur hvaða breytingar á löggjöf eru líklegar til að efla starf hans.

Líkur á því að skilgreind markmið skóla á skyldunámsstigi náist á viðunandi hátt ráðast mjög af því hver staða kennaramenntunar er.

Hvaða menntakosti getur Kennaraháskóli Íslands boðið, hverjir möguleikar og takmarkanir felast í námi þar og hvaða horfur eru á að starf, að námi loknu, sé eftirsóknarvert?

Þessar og svipaðar spurningar bera stúdentar upp áður en þeir taka ákvörðun um framhaldsnám. Staða Kennaraháskóla Íslands í menntakerfinu og aðbúnaður allur hefur því úrslitaáhrif á hvaða hópar menntamanna veljast í kennarastétt á næstu árum.

I. kafli.

Fyrsti liður 1. gr. frumvarpsins er afar mikilvægur. Kennaraháskóla Íslands verður að efla til þess að gegna forstuhlutverki í rannsóknarstarfi á sviði uppeldismála. Til þess að svo megi verða þarf skólinn að geta valið til starfa hæfustu uppeldisvísindamenn þjóðarinnar á hverjum tíma. Þar er of dýrt að dreifa kröftunum á tvo háskóla.

Í öðrum lið 1. gr. er gert ráð fyrir að stefnunni, sem mörkuð er í fyrsta lið sé framfylgt.

Í þriðja lið 1. gr. segir: „Heimilt er að fela skólanum fullnaðarmenntun í þeim greinum, sem kenndar eru í sérskólum við setningu þessara laga“.

Lausn þessa máls er vandasöm. Hér verður eingöngu rædd staða Hússtjórnarkennaraskóla Íslands í því sambandi. Skólinn hefur starfað síðan 1942 við ófull-

komin skilyrði. Hann á samkvæmt lögum að mennta bæði hússtjórnarkennara og matráðsmenn. Ef Kennaraháskóla Íslands verður falin menntun hússtjórnarkennara, þarf að athuga að menntun þeirra þarf að vera mun sérhæfðari en annarra verknámskennara. Því að auk þess sem verklegur þáttur námsins er tímafrekur á borð við nám handavinnukennara, er fræðilegur þáttur þessarar greinar (lífefnafræði, lífeðlis- og líffærafræði, næringarfræði, matvælafræði, örverufræði, vefjar-efnafræði og hóbýlafræði) umfangsmikill, en hann er undirstaða þess, að stuðlað sé að líkamlegum þrífum þjóðarinnar í skólastarfi.

Því má gera ráð fyrir, að sérnám í hússtjórn fylli allan þann geira sem valgreinum er ætlaður, samanber IV. kafla, 15. gr. Einnig má ætla, að stúdentar í öðrum valgreinum geti haft not af að nema einhverjar af ofangreindum námsgreinum.

Ef kennaranemum í hússtjórnarfræðum verður tryggður viðunandi aðbúnaður við Kennaraháskóla Íslands þarf jafnframt að gefa nemendum á hússtjórnarbrautum fjölbrautaskóla og öðrum sem eftir því leita kost á að ljúka námi til þess að vinna við mótuneyti. Einnig þarf að koma á framhaldsnámi í matvæla- og næringarfræðum fyrir þá sem taka að sér matreiðslu í mótuneytum sjúkrahúsa. Á meðan Hússtjórnarkennaraskólinn er sjálfstæð stofnun, geta namar með tilskilinn undirbúning stundað þar nám í næringar- og dietfræði.

II. kafli.

Mikilvægt er, þegar stjórnun er falin fundum kjörinna fulltrúa, að þeir séu allir jafnt kvaddir til ábyrgðar (skólaráð, skorarfundur). Væri e. t. v. athugandi að setja í reglugerð ákvæði um fasta fundatíma innifalda í launuðu starfi.

III. kafli.

Bent skal á í sambandi við niðurlag 9. gr., að athugandi er að setja í reglugerð ákvæði um að namar sem hyggjast stunda hússtjórnarnám skuli sækja námскеið menntaskóla, hússtjórnarskóla eða fjölbrautaskóla í þeirri grein.

IV. kafli.

15. gr. Um sérstöðu hússtjórnarnáms í vali er rætt hér að framan. Ekki er ljóst hver verður hlutur greinarinnar af 12 einingum æfingakennslu, né heldur annarra valgreina.

17. gr. Við röðun námsgreina í skorir virðist eðlilegra að siðfræðin, kristnu fræðin og trúarbragðasagan verði hluti af félagsskor. Vérlitun á heima í aðfararnámi.

VII. kafli.

28. gr. Spurning er hvort það er í samræmi við stöðu Kennaraháskóla Íslands að Háskóli Íslands skipi fulltrúa í dómnefnd um hæfi umsækjenda um stöður við K.Í., svo sem uppeldisfræði, ef K.Í. verður samkvæmt 1. gr. laganna „miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum hér á landi.“.

Reykjavík, 12. desember 1977.

Vigdís Jónsdóttir.

Íþróttakennaraskóli Íslands
Laugarvatni

Laugarvatni, 6. janúar 1978.

Kennarar við Íþróttakennaraskóla Íslands hafa farið yfir frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands og senda, samkvæmt beiðni menntamálaráðuneytisins, meðfylgjandi athugasemdir.

Virðingarfyllst,
Árni Guðmundsson.

Til Menntamálaráðuneytisins,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

Athugasemdir við frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

Athugasemdir munu fyrst og fremst gerðar við I. kafla frumvarpsins. Um stjórn stofnunarinnar og aðra þætti er snerta rekstur hennar og innra skipulag verður ekki fjallað sérstaklega.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að nefndin sem samdi frumvarpið hafi haldið samtals 59 fundi og „rætt við ýmsa sérfróða aðila um einstaka þætti viðfangsefnisins“. Það skal tekið fram í þessu sambandi, að enda þótt nefndin fjalli um mál, sem snerta menntun íþróttakennara og ræði jafnvel um Íþróttakennaraskóla Íslands, hafði hún aldrei samband eða samráð við skólastjóra eða kennara skólans. Slík vinnubrögð verða að teljast fráleit, þegar það er vitað að enginn af nefndarmönnum hefur sérþekkingu á sviði íþróttar og íþróttakennslu.

I. kafli.

1. gr.

1. tl. Í þjóðfélagi, sem ekki er stærra en hið íslenska, er ef til vill ástæðulaust að vera með marga aðskilda háskóla. Háskólinn ætti því að vera einn — Háskóli Íslands. Í einum háskóla með deildaskiptingu gætu þær stofnanir starfað, sem annast menntun á háskólastigi á Íslandi.

Á næstu árum má gera ráð fyrir mjög ört vaxandi fjölda námsgreina, sem kenna þarf í háskóla. Yrði háskólinn aðeins einn, myndi verða auðveldara að koma við hagræðingu og stjórnslá öll yrði auðveldari, þar sem yfirsýn framkvæmda- og fjárveitingavalds myndi verða betri.

Háskóli Íslands gæti þó ekki starfað á einum stað — í einni borg. Hinum ýmsu deildum yrði að dreifa um landið. Með því yrði aðstaða landsmanna jöfnuð nokkuð hvað viðkæmi náþýli við æðri menntastofnanir, uk þess sem víða hagar svo til, að sumar háskóladeildir ættu auðveldara með að starfa úti á landsbyggðinni, mitt í athafnalífinu, en t. d. í Reykjavík.

Yrði aðeins einn háskóli á Íslandi myndi það hafa í för með sér að Kennaraháskóli Íslands, sem nú starfar í Reykjavík, yrði deild í Háskóla Íslands, sem starfaði í Reykjavík, á Akureyri eða á Laugarvatni. Frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands tæki breytingum til samræmis við það sjónarmið að skólinn yrði deild í Háskóla Íslands.

2. tl. Haldbær rök hafa ekki komið fram, er mæla gegn því að sérgreinaskólarnir fyrir kennaraefni annist sjálfir uppeldis- og kennslufræðilega menntun kennaranema eftirleiðis sem hingað til. Það er óþarfa bölsýni að álíta að það skapi sundrung innan kennarastéttarinnar og mismunandi skilning á sameiginlegu hlutverki kennara, ef kennsla í uppeldisgreinum verði ekki á einni hendi. Sameiginlegt markmið kennaraskólanna ætti að vera öllum ljóst, sem við þá starfa, án tillits

til námsgreinanna, sem þeir kenna. Í flestum löndum eru starfandi fjöldamargir skólar, sem húa nemendur sína undir kennslustörf. Ekki er kunnugt um að á milli þeirra ríki togstreita um kennsluefni.

Hér á landi á fjárveitingavald og framkvæmdavald greiðan aðgang að kennaraskólunum, þar sem þeir eru allir ríkisskólar. Ætti því að vera auðvelt að fylgjast með starfrækslu þeirra, bæði kennslunni sjálfri og öðrum rekstri.

Það getur ekki talist rétt stefna að slíta uppeldis- og kennslufræðilegt nám kennaraefna úr tengslum við annað nám þeirra í kennaraskólunum, heldur á það að vera samofið öðru námi, þar sem námsgreinarnar eru tengdar saman í eina heild og þar sem sérhver námsgrein styður aðra að sameiginlegu markmiði. Hins vegar mælir margt með því að um kennslu í uppeldis- og kennslufræði ríki góð samvinna milli kennaraskólanna.

3. tl. Í þessum tölulið leggur nefndin til að Kennaraháskóla Íslands verði talin menntun allra kennara á grunnskólastigi — einnig þeirra kennara sem hingað til hafa hlotið menntun sína í sérkennaraskólunum. Þá leggur nefndin til að Kennaraháskóla Íslands verði heimilað að sjá um fullnaðarmenntun kennara í þeim greinum, sem kenndar hafa verið um langt árabíl í sérkennaraskólunum. Gert er ráð fyrir, þótt það sé ekki sagt berum orðum, að hér sé átt við að Kennaraháskóli Íslands annist fullnaðarmenntun kennara á grunnskólastigi.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir m. a. í þessu tilefni: „Nefndin hafði hliðsjón af hagræðingu...“ og síðar segir: „... af skipulagssökum getur komið sér vel fyrir flesta aðila að saman fari í Kennaraháskólanum nám í sérgrein og uppeldisfræðum“. Hagræðing er góðra gjalda verð en í uppeldismálum er hagræðing ein sér ekki einhlít leið til hollra uppeldishátta. Áður er það komið fram hjá nefndinni, sem samdi þetta frumvarp, að Kennaraháskóli Íslands annist uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra íslenskra kennara. Þessari skoðun var andmælt hér að framan, vegna þess að varhugavert gæti reynst að slíta nám úr tengslum við aðrar námsgreinar kennaraskólanna. En nú álitur nefndin að af „skipulagssökum“ gæti komið sér vel að saman færi í kennaraháskólanum nám í sérgrein og uppeldisfræðum.

Vitanlega þarf nám í kennaraskóla að vera kennslumiðað, þ. e. að námið taki mið af væntanlegu starfi kennaraefnis. Ekki sist af þeim sökum eiga sérkennaraskólarnir fullan rétt á sér, þar sem þetta sjónarmið, að hafa námið kennslumiðað, hefur jafnan verið í heiðri haft. Enda er um það kunnugt, að kennarar frá þessum skólum hafa yfirleitt verið vandanum vaxnir, þegar þeir hafa byrjað kennslu og furðu lítil viðvæningsbragur verið á kennslu þeirra.

Í gildandi lögum, nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands, 1. gr. 1. tl., er mælt fyrir um að Kennaraháskóli Íslands skuli, til að forðast tvíverknað, hafa samstarf við skóla, er mennta kennara í sérgreinum. Hliðstætt ákvæði er í lögum nr. 65/1972 um Íþróttakennaraskóla Íslands, en þar segir í 2. gr.: „Einnig geta nemendur að loknu prófi, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskóla Íslands, og lokið þaðan kennaraprófi með íþróttakennslu að sérgrein...“

Hér hefur verið vitnað í ákvæði í lögum, sem ekki hefur verið útfært ennþá, þótt fyllsta ástæða hafi verið til þess. Vinna ber að því, að slíkt ákvæði verði áfram í lögum um Kennaraháskóla Íslands. Leggja ber áherslu á mikilvægi þessa ákvæðis í lögum beggja skólanna, þar sem t. d. nemendur, sem lokið hafa tveggja ára námi við Íþróttakennaraskóla Íslands, ættu greiðan aðgang að námi í Kennaraháskóla Íslands og gætu bætt við sig námi þar í almennum greinum og hlotið fullgilt embættispróf frá KHÍ eftir t. d. tveggja ára nám (eins og átt hefur sér stað) eða lokið kennaraprófi á takmörkuðu sviði í 1—3 bóknámsgreinum eftir eins árs nám í KHÍ.

Það fer ekki á milli mála að oft, einkum við hina smærri skóla, kæmi sér vel að íþróttakennarinn hefði fyllstu réttindi til kennslu fleiri námsgreina en íþróttar. Um þetta efni var sett löggjöf 1963, lög nr. 23/1963 um Kennaraháskóla Íslands. Í þessari löggjöf er að finna ákvæði um undirbúningsdeild sérnáms, en þar átti að sjá nemendum, er höfðu hug á kennaranámi í list- og verkgreinum, fyrir alm. und-

irstöðunámi og námi til kennaraprófs í 1—3 bóklegum greinum, sem þeir öðluðust síðan full réttindi til að kenna að afloknu kennarnámi í sérgrein, t. d. íþróttum við Íþróttakennaraskóla Íslands. Undirbúningsdeild sérnáms var starfrækt fram til ársins 1971 og hentaði mjög vel við íslenskar aðstæður, þar sem hægt var að ráða að litlum skólum kennara með sérmenntun í list- og verkgreinum. En undirbúningsdeild sérnáms var lögð niður með tilkomu laga nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands — án þess að nokkurt samráð væri haft við sérkennaraskólana eða álits leitað hjá skólanefndum hinna minni skólahverfa.

Íþróttfræði er yfirgrípsmikið og viðtækt námsefni, sem á að vera viðfangsefni sérstakrar stofnunar, sem hefur það sem aðalviðfangsefni.

Með því að gera íþróttir að valgrein til kennaraprófs í Kennaraháskóla Íslands er stigið spor til baka á þróunarferli íþróttakennslu á Íslandi. Í kennaraháskólanum yrði þetta nám, sem valgrein, aðeins hluti úr heilsársnámi og stæði væntanlega tvo eða e. t. v. þrjú vetur. Ljóst er að með því að skipa þessu námi sem valgrein við Kennaraháskóla Íslands næst ekki sá kennslustundafjöldi í námsgreininni sem hún fær nú í sérskólanum í óskiptu tveggja ára námi í Íþróttakennaraskóla Íslands.

Nám í íþróttfræðum er því ekki hægt að skerða með hlutanámi í stofnun sem hefur mörg önnur verkefni. Slíkt nám getur ekki komið í staðinn fyrir nám í sérhæfðri stofnun í tvö eða þrjú ár eins og Íþróttakennaraskóla Íslands.

Norðurlöndin öll starfrækja íþróttakennaraskóla sem eru sérhæfðar stofnanir til að mennta íþróttakennara. Í Noregi er einn slíkur skóli. Í Svíþjóð eru skólarnir tveir. Í Finnlandi er einn skóli og í Danmörku eru þeir tveir. Engum dettur í hug í löndum þessum að skerða starfssvið þessara skóla. Heldur er allsstaðar unnið markvisst að eflingu þeirra sem sérhæfðra skóla í líkamsrækt og íþróttakennslu.

Íþróttir eru margslungið viðfangsefni, sem skipar sífellt stærri og stærri sess í skólum hinna ýmsu landa, þar sem forystumenn skólamála gera sér nú betur en áður grein fyrir þýðingu líkamsræktar í uppeldi og öllum velfarnaði manna. Á Íslandi hefur það verið hlutverk Íþróttaskóla Björns Jakobssonar og síðar Íþróttakennaraskóla Íslands að sjá um menntun íþróttakennara. Íþróttakennarar á Íslandi hafa því allir numið við sérskóla og kennt við hina fjölmörgu skóla landsins og getið sér góðan orðstír sem kennarar og uppalendur. Mörg dæmi eru um að íþróttakennurunum hafi verið falin hin vandasömstu og erfiðustu verk innan skólanna.

Íþróttakennaramenntun á Íslandi er nú senn hálfra aldar gömul. Á þessu tímaskiði hefur Íþróttakennaraskóli Íslands haslað sér völl sem föst og gróin stofnun og gegnt forystuhlutverki í menntun íþróttakennara. Áhrif þessarar stofnunar í líkamsrækt landsmanna á ekki að slæva með því að draga úr áhrifum hennar á menntun íþróttakennara og fela annarri stofnun að annast sérmenntun íþróttakennara að hluta til eða að öllu leyti. Fjármagn ríkissjóðs hefur jafnan reynst af skornum skammti til þessara mála og getur það vart talist til skiptanna. Íþróttakennaraskóla Íslands á því að efla sem sérhæfða stofnun á sviði kennslu íþróttar og líkamsræktar — stofnun sem starfar sjálfstætt en í samstarfi við Háskóla Íslands eða Kennaraháskóla Íslands.

4. tl. Íþróttakennaraskóli Íslands hafði um nær þriggja áratuga skeið staðið fyrir endurmenntunar- og viðbótarmenntunarnámskeiðum fyrir íþróttakennara. Skólinn sinni þessu mikilvæga verkefni í menntun íþróttakennara langt á undan öðrum er séð hafa um menntun kennara. En með tilkomu laga nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands breyttist þetta að því leyti að námskeið fyrir íþróttakennara hafa síðan verið kostuð af fé, sem veitt hefur verið til Kennaraháskóla Íslands til starfrækslu námskeiða. Framkvæmd þessara námskeiða hefur þó að verulegu leyti hvílt á íþróttafulltrúa ríkisins og Íþróttakennaraskóla Íslands. Vegna fenginnar reynslu af framkvæmd námskeiða fyrir íþróttakennara þykir rétt að leggja til að gerð verði sú breyting á 4. tl. 1. gr. að á eftir „menntamálaráðuneytið“ komi „og sérgreinaskóla fyrir nemendur“, síðan „annast endurmenntun ...“ o. s. frv.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Myndlista- og handíðaskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

I

Í frumvarpinu er það ítarlega rakið, að KHÍ skuli verða miðstöð uppeldislegra rannsóknna í landinu og að kjarnamiðja hans sé listin að kenna.

Kjarnahugsun MHÍ er á sam hátt myndlistin sjálf.

Við listaskóla, sem varðveitt hafa teiknikennaradeild sína eins og Konstfack-skólinn í Stokkhólmi, eru unnar merkar rannsóknir á sviði myndtáknmáls, gildis mynda í nútímapjódfélagi og myndfræðslu þar að lútandi. Slík rannsókn getur aðeins farið fram við listaskóla, sem sinnir menntun myndlistakennara jafnhliða almennu listnámi.

Ljóst er, að eigi MHÍ ekki lengur að annast verklega menntun kennara fyrir grunnskólastigið, glatast ákaflega þýðingarmikill þáttur, sem er hin uppeldislega — pedagógiska — hlið myndlistamótunar.

MHÍ rekur nú allumfangsmikinn námsскеiðaskóla. Þar á meðal barna- og ungl-ingadeildir, þar sem kennarar hafa tækifæri til að þróa hugmyndir sínar í framkvæmd og fylgjast náið með æfingakennslu. Fullorðinsdeildirnar eru og nátengdar fræðsluhugsjóninni og grundvöllur kennaradeildanna og námsкеiðaskólans því að nokkru leyti sá sami.

Teikning er lífrænt fag, og börnum og unglíngum er hún ríkur tjáningarmiðill. Teikning er einn af hornsteinum myndlistarinnar, áherslur hennar síbreytilegar, og á fáum stöðum er mótunin augljósari en við góðan listaskóla. Því er það mjög alvarlegt mál að rjúfa tengsl fagsins við lífkjarna sinn og móðurstofnun. Óþarft ætti að vera að eyða dýrmætum tíma og fjármunum uppeldisrannsóknarmiðstöðvar til þes að færa sönnur á jafnaugljósa staðreynd.

Frumvarpið felur í sér það nýmæli, að KHÍ skuli annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Því ber að fagna, ef framkvæmd frumvarpsins verður í jafnréttisátt og myndlistakennarar öðlast sömu kjör og aðstöðu við störf sín og aðrir kennarar. Blöndun almenns bóknáms og myndlistarkennslu eða verkgreina getur verið mjög jákvæð einkum hvað varðar teikningu, því að myndir eru sífellt að verða meiri samskiptamiðill og notkun þeirra við kennslu líkleg til að aukast stöðugt.

Margsinnis hefur verið á það bent, að stundafjöldi ætlaður listgreinum í hinu nýja frumvarpi er allmiklu minni en stundafjöldi þessara greina er við MHÍ og Tónlistarskólann í Reykjavík. Vera má, að óhjákvæmilegt sé að sætta sig við þessa tímaskerðingu vegna samræmingar kennaranámsins, en þá virðist eðlilegt að krefjast myndlistarundirbúnings af þeim framhaldsnemum, sem sækja um myndmennt við KHÍ.

Stytting námstímans verður miklum mun tilfinnanlegri, ef KHÍ verður falið að annast verklegan þátt menntunar teiknikennara. Við það rofna tengslin við starfandi listamenn og þar með snertingin við innviðu myndlistar í viðfeðmum skilningi. Námið verður yfirborðslegt. Umræður þær og vangaveltur sem eru samfara námi við myndlistarskóla eiga sér ekki stað.

Það er því álit okkar, að ekki skuli að svo stöddu máli færa verklega kennslu yfir í KHÍ og vandlega athugað hvaða áhrif slík tilfærsla hafði á smíða- og handavinnukennaradeildirnar, sem fluttar voru til KÍ árið 1956, áður en slíkt skref er stigið.

Þeir sem frumvarpið sömdu, hafa gert sér grein fyrir þeim erfiðleikum, sem skapast myndu við flutning verkgreina frá sérskólunum yfir í KHÍ.

Óvist er þó, hvort þeir hafa gert sér nægjanlega grein fyrir hættunni á doða og kyrrstöðu, sem kann að bíða myndmennta í grunnskólum landsins, sé þjálfun kennara kippt úr sínum eðlilega jarðvegi við það, að bóknámsskóli teygir sig enn

yfir á svið verknámsskóla, þrátt fyrir yfirlýsingar þess efnis, að auka þurfi verkmennt í landinu.

Við álitum, að allra leiða skuli leitað til að glæða mynd- og handmenntir jafnt myndfræðilegu og kennslufræðilegu inntaki, en sjáum ekki ástæðu til að óska orðalagsbreytingar við frumvarpið, þar sem ofantalin atriði eru einungis bundin við heimild eða reglugerðarákvæði.

Reykjavík, 27. júní 1977

Hildur Hákonardóttir, skólastjóri

Menntamálanefnd þjóðkirkjunnar

Reykjavík, 23. nóvember 1977.

Menntamálanefnd þjóðkirkjunnar hefur fjallað um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands, einkum með tilliti til stöðu kristinna fræða í menntun kennara.

Nefndin fagnar því að kristnum fræðum er í frumvarpinu ætlaður sess í uppeldisskor með öðrum mikilvægustu námsgreinum skólans og telur það í samræmi við það hlutverk sem þeim er ætlað samkvæmt grunnskólalögum.

Með tilliti til þessa er nauðsynlegt að tryggja að kristin fræði verði gildur þáttur í kjarnanámi allra grunnskólakennara.

Framangreind samþykkt var gerð á fundi í Menntamálanefnd þjóðkirkjunnar 15. þ.m.

Þetta tjáist yður, hæstvirtur menntamálaráðherra, hér með.

Ólafur Haukur Árnason, formaður.

Hr. Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra
Menntamálaráðuneytinu
Reykjavík.

Athugasemdir um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands frá starfsfólki skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins.

Um 1. kafla.

1. gr. hefst með orðunum: „Kennaraháskóli Íslands skal vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum hér á landi ...“. Ekki er fyllilega ljóst hvernig skilja ber ákvæði þetta. Við teljum að það megi ekki túlka á þann veg að skólinn annist einhvers konar yfirstjórn allra slíkra rannsókna. Það kynni að takmarka rannsóknarefni sem valin verða og not af niðurstöðum. Orðalagi greinarinnar ber því að breyta þannig að skólanum sé ekki ætlað að vera miðstöð slíkra rannsókna en hins vegar gert ráð fyrir að þær fari fram á vegum hans.

Um 1. og 4. kafla.

Í lögina vantar skilgreiningu á því hvernig uppeldis- og kennslufræðilegri menntun, sem skólanum er ætlað að annast fyrir alla kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi (sbr. 1. gr. 2. liður), skuli skipað fyrir þá sem hafa numið utan skólans (í Háskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Vél-skóla o. s. frv.). Æskilegt virðist að það nám samsvari 35 námseiningum. Um þetta þarf að fjalla í sérstakri grein í 4. kafla.

Um 2., 4. og 6. kafla.

Nemendum er að okkar dómi ætlaður of lítill hlutur að stjórn skólans og ákvörðunum um skipan námsmats og prófa. Sérstök ástæða er til að benda á tak-

markaða fulltrúatölu nemenda í skólaráði (4. gr.) og takmarkaða möguleika þeirra á að ráða hvenær boðað er til fundar í ráðinu (5. gr.).

Auka má hlut nemenda í ákvörðunum um námsefni og skipan námsins með því að setja í lögín ákvæði um námsnefndir með jafnri fulltrúatölu frá kennurum og nemendum er hefðu svipað hlutverk og námsnefndir þær sem fjallað er um í reglugerð fyrir Heimspekideild Háskóla Íslands.

Opna þarf möguleika á því að frá Kennaraháskólanum geti útskrifast sérkennarar í ákveðnum greinum, s. s. mynd- og handmennt og tónmennt, þannig að þeir sem lokið hafa námi í sérskólum á þessu sviði þurfi ekki að ljúka prófum sem veita þessi almennu kennararéttindi heldur einungis í uppeldis- og kennslufræðum og frekara námi í sérgreinum sínum.

Í sambandi við 3. gr. virðist okkur ástæðulaust að takmarka kjörgengi til rektorstarfs við hóp fastra kennara þar sem það gæti útilokað vel hæfa menn frá því að eiga kost á starfinu.

Uppeldisskor ætti að nefnast Uppeldis- og kennslufræðiskor.

Um 3. kafla.

Rýmka ber inntökuskilyrðin sem 9. gr. kveður á um, m. a. vegna ákvæða í 1. gr. í frumvarpinu sjálfu, þar sem skólanum er ætlað að annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun kennara á öllum stigum öðrum en háskólastigi og gert heimilt að annast fullnaðarmenntun í þeim greinum, sem kenndar eru í sérskólum við setningu laganna.

Meginástæðan fyrir því að við teljum að rýmka beri inntökuskilyrðin er þó sú að okkur eru ekki kunn nein haldbær rök fyrir því að neita því fólki um rétt til að hefja nám við stofnunina sem telur sér það fært og finnur hjá sér köllun til þess.

Við leggjum því til að við 9. gr. bætist sérstakt ákvæði sem heimili öllum sem náð hafa 24 ára aldri inntöku í Kennaraháskólann.

Í 11. og 12. gr. eru of ströng ákvæði, erfitt getur reynst fyrir nemanda að leita réttar síns og það tekið langan tíma og ákvæðin um námsástundun gætu hrundið góðum kennaraefnum frá námi að ástæðulausu.

Um 7. kafla.

Við teljum að það geti haft slæm áhrif á starf Kennaraháskólans ef kennurum hans verður skipt í 5 mismunandi flokka eftir starfsheitum sem ráða miklu bæði um inntak starfsins, starfsskyldur og laun. Stofnunin þarf ekki á hefðbundnum háskólakennaratitlum og hefðbundinni hlutverkaskiptingu, sem þeim hefur fylgt, að halda. Við leggjum til að í lögunum verði notað eitt starfsheiti fyrir kennara við skólann og starfsskyldur verði ákveðnar með reglugerð eða ráðningarsamningi. Gert verði ráð fyrir að starfið geti verið fólgið í bæði kennslu og rannsóknum eða öðru tveggja.

Einnig verði í lögunum ákvæði er heimili tímabundna ráðningu kennara af grunnskóla- og framhaldsskólastigi til kennslustarfa við Kennaraháskólann.

Reykjavík, september 1977.

Hörður Bergmann.

Sigurður Pálsson.

Þórir Sigurðsson.

Ingvar Sigurgeirsson.

Anna Kristjánsdóttir.

Peter Søbby Kristensen.

Indriði Gíslason.

Hrólfur Kjartansson.

Guðmundur Þ. Harðarson.

Jacqueline Hannesson.

Ólafur Proppé.

Guðmundur Ingi Leifsson.

Njáll Sigurðsson.

Til
menntamálaráðherra
Vilhjálm Hjalmarssonar
Reykjavík.

Dr. Wolfgang Edelstein

Max Planck Institut für Bildungsforschung
Berlin

Herra ráðuneytisstjóri
Birgir Thorlacius
Menntamálaráðuneytinu
Reykjavík.

Reykjavík í janúar 1978.

Hér með legg ég fram umsögn þá, um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands, sem ég var beðinn að láta í té með bréfi ráðuneytisins dags. 19. september (dagb. k-1). Mér þykir leitt að vegna anna var mér ókleift að semja umsögnina fyrr.

Virðingarfyllt,

Dr. Wolfgang Edelstein.

Umsögn um frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands.

0. Formáli.

Í umsögn minni tek ég aðeins afstöðu til þeirra atriða í frumvarpinu sem ég tel mig geta tekið afstöðu til á grundvelli sérfræðipækkingar (einkum kafla I, IV og V). Þessi atriði lúta að meginstefnu þeirri sem mörkuð er í frumvarpinu og vísindalegri og kennslufræðilegri skipan kennaranáms. Hins vegar mun ég ekki fjalla um innri skipan Kennaraháskólans sjálfs, svo sem um stjórn hans, starfslið og rekstur, innritun nemenda og skólavist o. s. frv. Kaflarnir sem fjalla hér um fela í sér hagnýtar ákvarðanir um uppbyggingu og rekstur stofnunar og mega teljast álitamál og byggjast á hagnýtri reynslu og samkomulagi. Ég hef enga þá sérþekkingu er gæti réttlætt að ég taki afstöðu til þeirra mála. Ég mun því einkum fjalla um kafla I, IV og V.

1. Meginstefnan.

1.1. Tvennt er það sem einkennir meginstefnu frv.: a) að gera KHÍ að sérstakri vísinda- og rannsóknastofnun á háskólastigi, b) að flytja í eina stofnun — KHÍ — allt fræðilegt áttak sem unnt er að gera í uppeldisvísindum, hvort heldur er nám eða rannsóknir. Þó að starfsmenntunarhlutverki skólans séu vitanlega gerð skil í frv. ræður það markmið, að gera KHÍ að vísinda- og rannsóknastofnun frv. svo mjög að fyrsti töluliður fyrstu greinar skilgreinir þetta markmið, en starfsmenntunarhlutverkið er ekki skilgreint fyrr en í næstu töluliðum greinarinnar. En fyrsti töluliður kveður svo á: „KHÍ skal vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum hér á landi og búa nemendur undir háskólapróf í þeim fræðum.“

Það er auðséð á greinargerðinni (sjá bls. 10—12, 13—15 og eins í athugasemdum um I. kafla, 1. grein, 1. tl.) að hér er ekki um stílbrögð eða aukaatriði að ræða. Meira en 3 síður af 5, sem fjalla um „mikilvægustu nýmæli frumvarpsins“ eru helgaðar þessu efni. Í stuttu máli sagt stefnir frumvarpið að því, eins og segir í athugasemd við 1. tl. fyrstu greinar (bls. 15) að flytja kennslu í uppeldisfræði úr Háskóla Íslands yfir í Kennaraháskólann.

Nú er þessi stefna studd þeim rökum að tengja skuli mannafla, fjármagn, náms- og rannsóknáæðstöðu til eflingar uppeldisstarfi í landinu. Þessi rök eru sannfærandi. Mannafli og fjármagn til fræðistarfa og rannsókna hér á landi eru af skörnum skammti og vissulega nýtast þau betur, ef forsendur eru skapaðar til að bæta vísindaaðstöðuna skipulagslega, enda afar mikil þörf

á því vegna örtra breytinga á félags- og uppeldisháttum í landinu, að aðstaða til rannsókna á uppeldissviðinu verði aukin og bætt uppeldi og skólakerfi í hag. Undirritaður telur því að augljósar ástæður séu fyrir þeirri stefnu frv. að tengja mannafla, fjármagn, náms- og rannsóknnaðstöðu til eflingar uppeldisstarfi í landinu. Öðru máli gegnir um framkvæmdina á þessari stefnu, sem frumvarpið fylgir. Frv. telur „eðlilegt“ (bls. 14) að þessi samtenging gerist í KHÍ vegna þeirrar stefnu sem mörkuð er í fyrstu grein frumvarpsins. Þessu fylgja verulegir annmarkar. Að visu gæti háskólinn e. t. v. tekið því að missa uppeldisfræðina yfir í aðra stofnun, þó að slík ákvörðun myndi vera einsdæmi og auk þess valda verulegri röskun á nýstofnaðri félagsvísindadeild háskólans. Hitt er miklu alvarlegra mál, að slík ákvörðun mundi leysa fræðilegt nám og rannsóknir í uppeldisfræði úr samhengi við þá stofnun sem helst hefur möguleika til þess hér á landi að ábyrgjast fræðilegan grundvöll náms og rannsókna, laða til sín fræðimenn og leggja gagnrýnið mat á vísindalega starfsemi. Um leið myndu uppeldisvísindin sjálf svipt stofnunarlegu fulltingi félagsvísinda og sálfræði, sem uppeldisvísindum er bæði eðlilegt og nauðsynlegt að njóta, vegna þess að þessum vísindagreinum eru þau fræðilega háð. Það hefur hvarvetna rýrt gildi uppeldisrannsókna og háð fræðilegum árangri á þessu sviði mjög, ef tengsl þeirra við félagsvísindalegan og sálfræðilegan grundvöll voru rofin. Þetta á sér eðlilegar skýringar: a) Einangrun uppeldisvísinda og rannsókna á uppeldissviðinu frá félagsvísindalegum og sálfræðilegum grunnfögum hefur svipt uppeldissviðið fræðilegri viðmiðun við þær meginbreytur og viðfangsefni undirstöðurrannsókna sem bæði undirstöðurrannsóknir og hagnýtar rannsóknir á uppeldissviðinu eru tengdar (t. d. félagsmótun og fjölskyldugerð, viðhorfsmyndun, ferill vitsmunabroskans o. s. frv.). b) Sérstofnanir fyrir uppeldissviðið hafa ekki getað laðað til sín þá fræðimenn, sem vegna fræðilegrar hæfni sinnar og færni í rannsóknum áttu aðgang að háskólastarfi og samvinnu við aðra þá er fengust við fræðistörf og rannsóknir á félags- og sálfræðisviði. Af þessum sökum á sú leið að sameina kennaramenntunarstofnanir háskólum æ meira fylgi að fagna, enda hafa ýmsar merkustu og áhrifamestu kennaramenntunarstofnanirnar myndast á þann veg, svo sem Teacher College við Columbia-háskólann í New York, School of Education við Chicago-háskóla eða School of Education við Lundúnaháskóla, svo nokkur dæmi séu nefnd. Þetta er og sú leið sem valin hefur verið við þrjá kennaraskóla, sem besta menntun teljast veita kennurum í Vestur-Þýskalandi: Hamborg og Frankfurt, þar sem kennaraskólar eru deildir innan háskólanna, og Vestur-Berlín, þar sem nú er verið að sameina kennaraháskólann og háskólann (Freie Universität Berlin).

Það er því hætt við að sú leið, sem frv. fer í samtengingarstefnunni, geti leitt bæði til hættulegrar einangrunar skólans og takmarkana á vísindalegri „reisu“ á gæðum rannsókna og notagildi. Gegn slíkri einangrun gæti KHÍ tæpast leitað annarra ráða en þeirra að byggja upp félagsvísinda- og sálfræðinám og fræðistörf í KHÍ sem svöruðu til hliðstæðrar starfsemi háskólans að gæðum. Það er augljóst að slík tilraun getur vart tekist vel. Háskólinn á sjálfur fullt í fangi með að byggja þessar fræðigreinar upp og fá til þess færa starfskrafta. KHÍ gæti ekki keppt við háskólann um starfskrafta vegna þess að hann hefur ekki fræðilega reisu (status) á við þá hefðum studdu fræðistofnun sem háskólinn er. Hins vegar kemur ekki til greina að staðsetja félagsvísindin öll í KHÍ, til þess að tryggja uppeldisvísindum rétt fræðilegt umhverfi, enda myndi háskólinn sjálfsagt leggja á móti því af augljósum ástæðum og enginn telja það eðlilega lausn.

Eins og fyrr er sagt verður hins vegar að telja það rétta stefnu að aðstaða til fræðilegs náms og rannsókna sé hagnýtt sem best. Raunar er það forsenda þess að slík starfsemi geti yfirleitt farið fram með sóma hér á landi, þar

sem mannfæð og fjárskortur munu halda áfram að valda örðugleikum um fyrir-sjáanlega framtíð.

En sé það rétt stefna að tengja fræði- og rannsóknagetu Háskóla Íslands og KHÍ virðast því af áðurgreindum ástæðum (a) vísindalegar og b) stofnunarlegar forsendur fræðistarfa á uppeldisvísindalegu sviði) sá einn kostur skynsamlegur að tengja KHÍ við háskólann, í stað þess að fara öfuga leið eins og frv. gerir ráð fyrir, og nýta þá fræðilegu aðstöðu, sem háskólinn hefur, uppeldisvísindum og kennaranámi í hag.

- 1.2. Nú virðist allt benda til þess að frv. vilji tryggja KHÍ stöðu sem sé óháð háskólanum og að mestu ótengd honum. Slík ákvörðun hefði bagaleg áhrif á kennaramenntunina sjálfa, þ. e. starfsmenntunarhlutverk KHÍ. Uppeldisfræðilegt nám allra kenara á skv. frumvarpinu að flytjast í KHÍ — og þá burt úr háskólanum og úr tengslum við félagsvísindin eins og áður segir. Þar sem faglegt nám kennara á framhaldsskólastigi verður eftir sem áður í háskólanum, mun sú ákvörðun að flytja uppeldisfræðinám og rannsóknastörf í KHÍ, líma í sundur kennaranámið í háskólanum og skipta því á tvær stofnanir. Við þetta mætti þó una, ef góð rök mæla með því að flytja uppeldisfræðina í KHÍ. Afdrifaríkari er ákvörðun þessi þó með tilliti til framvindu kennaranámsins í KHÍ sjálfum. Í stað þess að stofna til námsgrundvallar í sterkri stofnun, sem veitir kennaranemum tækifæri til náms á tiltölulega háu stigi í tiltölulega mörgum fögum og sviðum, er þeim skorinn óþarflega þröngur stakkur. Einkum er hann þrengri en athuganir á þörfum skólakerfisins gefa ástæðu til. Tengsl við fræðslu einkum á sviði félagsvísinda (sálfræði og félagsfræði) og hagvísinda, en einnig á sviði raunvísinda (t. d. líffræði) og jafnvel læknisfræði, verða miklu örðugri ef tvær óskyldar stofnanir sjá um menntun kennara annars vegar og menntun til annarra akademískra starfa hins vegar. Augljóst er orðið af athugunum á þjóðfélagsbreytingum á Íslandi (þ. á m. snöggum breytingum á lífvistun barna og unglíngna og breytingum á fjölskyldugerðum) að þörfum þjóðfélagsins og skólakerfisins fyrir margvíslega sérhæfingu margra kennara á ólíkum sviðum tengdum háskólamenntun (einkum á sviði félagsvísinda) verður trauðla svarað nema með nánari tengslum við aðrar vísindagreinar, en til þess þarf sterk og skipuleg tengsl við háskólann.

Sú stefna sem fylgt hefur verið með því að lyfta kennaranámi á háskólastig er að reisa hlutverk kennarans og kennaranám á vísindalegum starfsgrundvelli. Á því leikur enginn vafi að sú stefna er rétt: Hlutverk kennara í verkskiptu breytingarsamfélagi þarf að byggjast á vísindalegum grunni. En hitt getur ekki talist rökrétt afleiðing af þessari réttu stefnu að skilja nám kennarans frá almennu vísindalegu námi og fræðslu, og þá stofnun sem tilvonandi kennarar nema starfshlúverk sitt í, frá þeirri stofnun sem stendur undir vísindalegu starfsnámi í landinu. Það væri í meira samræmi við þá stefnu sem frv. telur sig fylgja, ef Kennaraháskólinn færðist nær háskólanum, byggði upp kerfisbundin og þó sveigjanleg tengsl við hann og leitaðist að lokum við að sameinast honum vísindalega og skipulagslega, þó með tilliti til þeirrar sérstöðu sem kennaranáminu hentar, því þrátt fyrir allt hefur kennaramenntunin um margt sérstöðu gagnvart öðrum vísindalega grundvölluðum menntunargreinum. Meðal annars felst slík sérstaða í því, að vísindalega grundvölluð kennaramenntun er nýnæmi á Íslandi, og krefst því skipulagslegrar sérstöðu gagnvart þeirri skipan á háskólamenntun, sem aðrar hefðbundnari vísindalegar starfsgreinar hljóta. Því er hér alls ekki lagt til að afnema sjálfræði Kennaraháskólans, heldur hitt að sjá til þess að kennaramenntun geti þróast eins og önnur akademísk svið innan háskólans og inn í háskólann. Skipuleg tengsl milli skólanna gætu verið upphaf að skipan sem gæti endað með samruna þessara stofnana, t. d. þannig að KHÍ væri sjálfstæð stofnun innan vébanda háskólans, e. k. „College of Education at the University of Iceland“. Út frá

þeirri reynslu sem fengist hefur á þróunarskilyrðum kennaramenntunar annars staðar, myndi maður álykta að kennaraháskóli, sem er annt um að tryggja vísindalegan grundvöll sinn og þróa vísindalega starfsmenntun kennara, muni leitast við að stefna í þá átt að eignast aðstöðu í almennum háskóla og samstöðu með honum.

2. Nokkur inntaks- og skipulagsatriði.

- 2.1. Margir skipulags- og inntakspættir í undirbúningi kennaraefna undir starf sitt eru umdeilanlegir í dag og nokkur óvissa ríkir um valkosti og þróunarskilyrði kennaranáms víða um lönd. Víst er að kennslustörf og kennaranám þurfa að taka meira mið af undirstöðurannsóknum í sálfræði (einkum þroskasálfræði og sálfræði námshvatningar) og félagsfræði (einkum félagsmótun námsviðhorfa og vitsmunaprofka). Einnig er ljóst að leitast þarf við að aðhæfa hina almennu þekkingu, sem áunnist hefur í rannsóknum á námsskilyrðum og forsendum árangurs í námi, að íslenskum samfélags- og atvinnuháttum og skólakerfinu hér.

Að þessu athuguðu er mjög umdeilanlegt, hvort beri að festa námsferil og námskröfur til kennararéttinda í lög. Núverandi skipan hlýtur að vera til bráðabirgða uns reynsla er fengin á gildi hennar. Hvort þriggja ára nám nægi til frambúðar; hvort einingaskiptingin er hagkvæm; hvort kennslumagn er skynsamlega skilgreint, miðað við starfsundirbúningsþarfir kennara í nútímasamfélagi — allt þetta orkar tvímælis. Ólíklegt er að almenn undirstaða kennarastarfs — almennar uppeldisgreinar — geti sinnt hlutverkinu sem þeim er ætlað með þeim einingum sem þeim eru úthlutaðar (30). Óljóst er hvort sérstök fög bundin uppeldis- og sálfræði kennslu og náms (kennslufræði) í skyldu og valgreinum eru gerð viðunandi skil.

Skoraskipting orkar og tvímælis. T. d. er félagsfræðimenntun ekki talin hluti af uppeldisskor, þó að þessi grein félagsfræðinnar (þ. e. félagsfræði skólaskipunar, bekkja og hópa og félagsmótunarfræði) séu allt að því jafnmikilvægir þættir uppeldisnáms og t. d. sálarfræði. Almenn félagsfræði sem undirstöðugrein í félagsskor er þessu óháð. Siðfræði og trúarbrögð ættu frekar heima í félagskor; heimspeki — hefðbundin undirstöðugrein í uppeldisvísindum — er hvergi nefnd á nafn. Ekki virðist gert ráð fyrir þeim möguleika að velja valgreinar meðal almennra uppeldisgreina. Væri það skammsýn ákvörðun ef þess er gætt, hversu mörg hlutverk kennara koma til með að krefjast sérstakrar menntunar í ýmsum almennum uppeldisgreinum: ráðgjöf ýmiss konar, samstarfs-, skipulags- og stjórnunarstörf, heimavistarstörf í dreifbýli, tómstundastjórnun, úrlausnir á ýmiss konar sérvandamálum nemenda og foreldra, samstarf við atvinnuvegina, kynfræðsla og meðferð á sérvandamálum unglínga o. s. frv.

Augljóst virðist að æfingakennslu (hagnýtum starfsundirbúningi kennaraefna) verða ekki gerð viðunandi skil, hvorki fræðilega né hagnýtt, innan þeirrar skipunar sem frv. greinir (12 einingar). Þrátt fyrir kafla VIII í frv. sem fjallar um Æfingaskóla er það meginvandamál allrar kennaramenntunar hér á landi, sem felst í hagnýtum starfsundirbúningi kennaraefna, hvergi tekið sannfærandi tókum. Hlutverk æfingaskólans — sem höfundur þessarar umsagnar er að öðru leyti fyllilega sammála um — er allsendis óskilgreint með tilliti til þess, hversu hagnýtu námi (æfingakennslu, kennsluæfingum, samvinnu við leiðbeinendur o. s. frv.) skuli hagað. Þetta eru verulegir gallar, ef leiða á skipan þessa í lög; frekar væri við slíkt unandi, ef rammagreinar væru almennari og reglugerðir kvæðu á um nánari útfærslu og breytingar á fyrirkomulaginu eftir því sem vísindaleg upplýsing og hagnýt reynsla gæfu tilefni til.

- 2.2. Um V. kafla hefur verið fjallað í greinum 1.1 og 1.2 hér að framan.

- 2.3. Loks er rétt að taka það fram, að skipulagstengsl og hlutverk Kennaraháskólans í menntun sérnámskennara (íþróttakennara, myndlistakennara, tónmenntakennara) eru óljós, þó að þess sé getið í þriðja t.l. fyrstu greinar frv. að heimilt sé að fela KHÍ almenna uppeldisfræðilega menntun þeirra, er sérstofnanir sjá um fagmenntun fyrir.

Sama gildir um endurmenntun og viðbótarmenntun fyrir starfandi kennara — eitt mikilvægasta hlutverk KHÍ, miðað við félagslegar þarfir, breytingar í skólakerfinu og starfsþarfir kennara við nútíma starfshætti. Ný lög um hlutverk KHÍ og skipan geta tæpast leitt hjá sér stefnumótun í svo mikilvægum málum. Að sumu leyti eru þau jafnvel enn meira knýjandi, við núverandi aðstæður, en undirbúningsmenntun kennara, þar sem framhaldsmenntun og viðbótarmenntun snertir fjölda starfandi kennara. Í heild virðist mega segja að höfundar frumvarpsins virðast ekki hafa gert upp við sig, hvort þeir semja rammalöggjöf er krefst nánari útfærslu með reglugerðarákvæðum, eða fastbinda framkvæmdaatriði í lögum. Tæknilega er frumvarpið beggja blands og virðist það ekki ákjósanleg lausn.

3. Niðurstöður.

- 3.1. Meginstefna frumvarpsins miðar að einangrun KHÍ frá HÍ og fræði- og vísindastarfsemi háskólans. Tengsl þessara stofnana virðast hins vegar forsenda bæði fyrir skynsamlegri þróun kennaranámsins sjálfs (starfsmenntunarhlutverki KHÍ) og framvindu rannsókna á sviði uppeldisvísinda á Íslandi. Frumvarpið gengur í aðra átt og getur komið til með að hindra þróunina, ef að lögum verður, frekar en stuðla að henni. Einkum er hætta á að einangrun KHÍ hindri að nægilega hæft lið veljist til kennslu eða rannsókna þar; að munur verði á gæðum og reisu stofnananna, framvindu beggja stofnananna sem og uppeldiskerfisins á Íslandi í óhag.
- 3.2. Skilgreiningar á námi og námsskipan í KHÍ, námsskrá, einingakerfi og hagnýtu námi í starfsundirbúningi (æfingakennslu); svo og stefnumótun um tengsl við nám kennara í sérskólum, skipulag, inntak og markmið endurmenntunar eru ekki nógu ljósar. Frumvarpið virðist annars vegar fastbinda ákveðin framkvæmdaatriði um of í lögum, en hins vegar ekki skilgreina nægilega vel ýmsa mikilvæga þætti í hlutverkaskrá kennaraháskóla á Íslandi.

Reykjavík, í janúarmánuði 1978.

Dr. Wolfgang Edelstein.